


Vestfirðir
STRANDSVÆÐIS-
SKIPULAG

Strandsvæðisskipulag Vestfjarða 2022

Viðbrögðum svæðisráðs við
framkomnum athugasemdum

DESEMBER 2022



Efnisyfirlit

Inngangur	3
Framkomnar athugasemdir	3
Aðferðarfræði og nálgun.....	7
Umhverfi og náttúra	11
Siglingar	32
Lagnir og vegir	45
Staðbundin nýting.....	50
Almenn nýting.....	81
Náttúruvá	83
Framfylgd	84
Vöktun og rannsóknir.....	88
Umhverfismat	89
Annað	102
Ferli	105
Framsetning	108

Inngangur

Tillaga að strandsvæðisskipulagi á Vestfjörðum, þar sem mótuð er stefna um nýtingu og vernd á strandsvæðum Vestfjarða, var kynnt í júní 2022 samkvæmt 12. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018. Frestur til að skila inn athugasemdum um tillöguna var til 15. september 2022.

Þrjú opnir kynningarfundir voru haldnir á Vestfjörðum í júní þar sem tillagan var kynnt. Að auki var haldinn sameiginlegur kynningarfundur fyrir bæði tillögu um strandsvæðisskipulag Austfjarða og Vestfjarða í Reykjavík í ágúst og var þeim fundi streymt. Tillagan og kynningarfundir hennar voru auglýstir á vefmiðlinum BB, Fréttablaðinu, Morgunblaðinu, Bændablaðinu og Lögbirtingi.

Alls bárust 126 athugasemdir um tillöguna. Flestar athugasemdanna bárust innan kynningartíma en Skipulagsstofnun barst athugasemd frá 16 aðilum eftir 15. september. Hér er birt samantekt á skriflegum athugasemdum sem bárust við tillöguna og viðbrögð svæðisráðs við þeim.

FRAMKOMNAR ATHUGASEMDIR

Athugasemdir bárust frá eftirfarandi aðilum vegna tillögu um strandsvæðisskipulag á Vestfjörðum:

- Adam Nixon, dags. 6. júlí 2022
- Alexandra Gaffikin, dags. 12. september 2022
- Alicia Colson PhD, dags. 30. júlí 2022
- Andreas Beutelspacher, dags. 6. júlí 2022
- Anna Hugadóttir, dags. 6. júlí 2022
- Anne Carayon, dags. 1. ágúst 2022
- Arctic Fish, dags. 14. september 2022
- Arnarlax, dags. 14. september 2022
- Audrey Padgett, dags. 7. júlí 2022
- Axel Mueller, dags. 30. júlí 2022
- Ágústa Harðardóttir, dags. 8. júlí 2022
- Ásta Sigríður Arnardóttir, dags. 4. ágúst 2022
- Belen Garcia Ovide, dags. 8. júlí 2022
- Bjarni Brynjólfsson, dags. 30. júlí 2022
- Björgvin Hilmarsson, dags. 15. september 2022
- Björn J. Gunnarsson, dags. 6. júlí 2022
- Blámi, dags. 13. september 2022
- Bolungarvík, dags. 27. september 2022
- Breiðafjarðarnefnd, dags. 16. september 2022
- Chris Harrelson, dags. 6. júlí 2022 og dags. 30. júlí 2022
- Chris Mills, dags. 14. september 2022
- Craig Zeltsar, dags. 6. júlí 2022
- David Kampfner, dags. 7. júlí 2022
- David Milesi-Gaches, dags. 7. júlí 2022
- Dee Hill, dags. 9. júlí 2022
- Derek Parrott. Kate Parrott, dags. 2. ágúst 2022
- Diana Lukas-Nülle, dags. 1. ágúst 2022
- Emil Tumi, dags. 14. september 2022

- Felicity Aston, dags. 14. september 2022
- Felicity Aston og Gísli Jonsson, dags. 14. september 2022
- Fran Biggs, dags. 15. september 2022
- Geoffrey Porter, dags. 13. september 2022
- Giuseppe Siciliano, dags. 6. júlí 2022
- Gísli Jónsson, dags. 15. september 2022
- Gordon Emmerson, dags. 6. júlí 2022
- Gunnar Atli Friðuson, dags. 6. júlí 2022
- Gunnar Hauksson, dags. 15. september 2022
- Hafrannsóknastofnun, dags. 20. september 2022
- Hafsteinn Hafliðason, dags. 6. júlí 2022
- Háafell ehf, dags. 15. september 2022
- Hábrún, dags. 15. september 2022
- Háskólaasetur Vestfjarða , dags. 15. september 2022
- Hermann Helguson, dags. 15. júlí 2022
- Hildur Helga Sigurðardóttir, dags. 10. júlí 2022
- Hjördis Jóhannsdóttir, dags. 16. júlí 2022
- Hjörleifur Finnsson, dags. 26. júlí 2022
- Hrafnhildur Pétursdóttir, dags. 6. júlí 2022
- Hugo Vancaenenbroeck, dags. 8. júlí 2022
- Iago, dags. 27. júlí 2022
- Ingrid, dags. 15. september 2022
- Ísafjarðarbær, dags. 1. september 2022
- Jackie Holden, dags. 16. september 2022
- James Dodds, dags. 14. september 2022
- James Mayer, dags. 5. ágúst 2022
- Jenny, dags. 30. júlí 2022
- Jenny Dean, dags. 11. september 2022
- John, dags. 14. september 2022
- Joonas Kinni, dags. 6. júlí 2022
- Karen Rau, dags. 31. ágúst 2022
- Karen Webb, dags. 18. september 2022
- Kristbjörg Sveinbjörnsdóttir, dags. 15. júlí 2022
- Kristín Baldursdóttir, dags. 6. júlí 2022
- Kristján Ingólfsson , dags. 14. september 2022
- Kull , dags. 2. ágúst 2022
- Landgræðslan, dags. 14. september 2022
- Landhelgisgæsla Íslands, dags. 15. september 2022
- Landsnet, dags. 26. september 2022
- Larissa Weidler, dags. 6. júlí 2022
- Laura Lehtola, dags. 5. ágúst 2022
- Leah Shamlan, dags. 2. ágúst 2022
- LEE, dags. 8. júlí 2022
- Lisa Shamlan, dags. 14. september 2022
- Magnea Magnúsdóttir, dags. 6. júlí 2022
- Marino Thorlacius, dags. 15. september 2022
- Mary Moore, dags. 4. ágúst 2022
- Matvælastofnun, dags. 2. september 2022 og dags. 4. nóvember 2022
- Michael Shelton, dags. 6. júlí 2022
- Minjastofnun Íslands, dags. 29. ágúst 2022
- Nafnlaus aðili 1, dags. 15. júlí 2022
- Náttúrufræðistofnun Íslands, dags. 15. september 2022
- Neil Emery , dags. 31. júlí 2022
- Orkubú Vestfjarða, dags. 25. ágúst 2022 og dags. 14. september 2022
- Orkustofnun, dags. 10. október 2022
- Pétur G. Thorsteinsson, dags. 15. september 2022
- Ragna Björt Einarsdóttir, dags. 6. júlí 2022
- Ragnheiður Gróa Hafsteinsdóttir, dags. 7. júlí 2022
- Ric, dags. 9. júlí 2022
- Rodrigo A. Martínez Catalán, dags. 30. júlí 2022
- Rósa Björk Gunnarsdóttir, dags. 15. júlí 2022
- Ruth Storm, dags. 6. ágúst 2022
- Samgöngustofa, dags. 15. september 2022 og dags. 7. október 2022

- Samtök ferðaþjónustunnar, dags. 4. október 2022
- Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, dags. 15. september 2022
- Sandra Petrowitz, dags. 5. ágúst 2022
- Sarah North, dags. 2. ágúst 2022
- Sigurður Halldórsson, dags. 13. september 2022
- Sigurður Hreinsson, dags. 20. júní 2022 og dags. 16. september 2022
- Skelrækt, dags. 15. september 2022
- Skúli Jóhannesson, dags. 7. júlí 2022
- Snorri Hrafnkelsson, dags. 6. júlí 2022
- Starfshópur um öryggi siglinga, dags. 23. nóvember 2022
- Stígur Berg Sophusson, dags. 7. júlí 2022
- Susannah Shamlan, dags. 8. júlí 2022
- Súðavíkurhreppur, dags. 20. september 2022
- Sveinn Guðmundsson, dags. 2. ágúst 2022
- Sveitarstjórn Strandabyggðar, dags. 25. ágúst 2022
- Tálknafjörður, dags. 15. september 2022
- Thomas Grove, dags. 7. júlí 2022
- Tom Bean, dags. 8. júlí 2022
- Umhverfisstofnun, dags. 29. september 2022
- Valgerður, dags. 6. júlí 2022
- Veðurstofa Íslands, dags. 15. september 2022
- Vegagerðin, dags. 24. ágúst 2022 og dags. 7. október 2022
- Vesturbyggð, dags. 26. september 2022
- Vibeke Svala Kristinsdóttir, dags. 14. september 2022
- VISTUM ehf., dags. 14. september 2022
- Vitafélagið - íslensk strandmenning, dags. 15. september 2022
- Zofia Burr, dags. 2. ágúst 2022
- Þórey Arna Árnadóttir, dags. 7. júlí 2022
- Æðarræktarfélag Íslands, dags. 15. september 2022

Í erindum Breiðafjarðarnefndar, Landgræðslunnar og sveitastjórnar Strandabyggðar kemur fram að ekki séu gerðar athugasemdir við tillögu að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða. Ein athugasemd var tóm en hún var frá Snorra Hrafnkelssyni. Í öðrum erindum koma fram ýmsar ábendingar og sjónarmið. Hér að neðan er gefin samantekt á helstu efnisatriðum umsagnanna og viðbrögð svæðisráðs þar sem því er lýst hvernig unnið verður með viðkomandi atriði við mótun að endanlegu strandsvæðisskipulagi fyrir Vestfirði. Nálgaðst má allar athugasemdir í heild sinni á hafskipulag.is. Athugasemdirnar beindust að eftirfarandi meginmálaflokkum: *Aðferðarfræði og nálgun, umhverfi og náttúra, siglingar, lagnir og vegir, staðbundin nýting, almenn nýting, náttúruvá, framfylgd, vöktun og rannsóknir, umhverfismat, annað, ferli og framsetning*. Athugasemdirnar eru flokkaðar eftir þessum málaflokkum og, þar sem það á við, eru gefin sameiginleg svör við sambærilegum athugasemdum.

Aðferðarfræði og nálgun

Nr.	Umsagnaraðili og umsögn	Viðbrögð svæðisráðs
1	<p>Náttúrufræðistofnun Íslands</p> <p>„[...] einnig standa lykilforsendur misjafnlega enda staða þekkingar ólík. Það á ekki síst við um þekkingu um náttúrufer og áhrif áforma sem skipulagið fjallar um á ýmsa umhverfisþætti [...]. Að mati Náttúrufræðistofnunar ætti því að stíga varlega til jarðar við að nýta þær heimildir sem skipulagið felur í sér er varða nýtingu innan skipulagssvæðisins, ekki síst í þeim tilfellum þegar áhrif á umhverfi og náttúru eru óvissu háð að einhverju leyti. Heilt yfir telur Náttúrufræðistofnun að almennt séu í tillöggunni veittar miklar heimildir fyrir nýtingu og starfsemi sem í sumum tilfellum ekki er vitað nægjanlega vel hvaða áhrif munu hafa. Náttúrufræðistofnun mælir með meiri varfærni við gerð skipulagsins og vísar þar til meginregla laga um náttúruvernd nr. 60/2013, um vísindalegan grundvöll ákvarðanatöku og varúðarreglu.“</p>	<p>Eitt af markmiðum laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018 er að vistkerfisnálgun sé höfð að leiðarljósi. Svæðisráði er kunnugt um að þörf er á að efla þekkingu á vistkerfi og ýmsum öðrum náttúruferfarsþáttum strandsvæðanna. Í umfjöllun um framfylgd strandsvæðisskipulagsins er því sérkafla um nauðsyn þess að sett verði af stað heildstæð umhverfisvöktun á strandsvæði Vestfjarða. Skerpt verður á umfjöllun um hlutverk stofnana í kafla 7.2 Vistkerfisnálgun, umhverfisvöktun, sbr. viðbrögð við umsögn nr. 116.</p> <p>Svæðisráð telur skipulagstillöguna byggja á varfærinni nálgun þar sem umfang staðbundinnar nýtingar byggir á burðarþolsmati Hafrannsóknarstofnunar. Leiði vöktun strandsvæðanna í framtíðinni í ljós hnignun vistkerfa, telur svæðisráð að það muni kalla á endurskoðun burðarþolsmats og nýtingarheimilda. Væri þar með komin skýr forsenda til að gera breytingu á strandsvæðisskipulagi Vestfjarða.</p>
2	<p>Arnarlax</p> <p>„Ráðherra staðfestir tillögur svæðisráðs. Ráðherra er stjórnvald og þarf að rökstyðja ákvarðanir sínar með fullnægjandi hætti í samræmi við stjórnslulög nr. 37/1993. Um slíkar ákvarðanir gildir þannig rannsóknarreglan sem er að finna í 10 gr. stjórnslulaga og segir að „Stjórnvald skal sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því.“ Ljóst er að tillögur svæðisráðs þurfa að uppfylla stjórnslulög nr. 37/1993 hvað rökstuðning varðar. Í flestum tilvikum þarf að liggja fyrir rannsóknir um ástand og þörf friðunar. Slíkar rannsóknir þurfa í mörgum tilvikum að byggja á vöktun á svæðinu. Slík gögn liggja ekki fyrir heldur byggja framkomnar tillögur í mörgum tilvikum á staðhæfingum án rökstuðnings. Þetta á sérstaklega við þar sem tillögur svæðisráðs um vernd styðjast ekki við friðlýsingu landsvæða skv. lögum nr. 60/2013, um náttúruvernd“</p>	<p>Svæðisráð fær ekki séð að undirbúningur og gerð strandsvæðisskipulagsins byggist á ófullnægjandi upplýsingum þannig að um brot á rannsóknarreglu 10. gr. stjórnslulaga sé að ræða eða hinni óskráðu meginreglu stjórnsluluréttar um rannsóknarskyldu stjórnvalda. Varðandi sjókvíaldri þá hefur verið tekið tillit til útgefna leyfa til fiskeldis og umsóknum um leyfi við afmörkun einstakra reita. Þá felst mikill sveigjanleiki í auglýstri tillögu en stærstur hluti skipulagssvæðisins er í nýtingarflokksnum <i>almenn nýting</i> og á reitum flokksins er möguleiki á að veita leyfi til staðbundinnar nýtingar, þ.m.t. fiskeldis. Það getur falið í sér ný leyfi eða útvíkkun á fyrirliggjandi leyfum innan reita í staðbundinni nýtingu. Svæðisráð telur að með því sé komið til móts við þörf þessarar nýju atvinnugreinar til að þróast og þroskast í framtíðinni. Skipulagstillagan byggir á burðarþolsmati Hafrannsóknarstofnunar. Verði í framtíðinni breytingar á</p>

		fyrirliggjandi burðarþolsmati eða ný svæði burðarþolsmetin telur svæðisráð að þá væri komin skýr forsenda til að gera breytingu á strandsvæðisskipulagi Vestfjarða. Það sama gildir um yfirstandandi úttektir á fiskeldi, leiði þær til nýrra stjórnvaldsákvæðana sem eru það veigamiklar að gera þurfi breytingar á strandsvæðisskipulaginu þá fer um slíkt ferli samkvæmt 14. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018.
3	Hábrún „Hábrún hefur stundað fiskeldi í Skutulsfirði í yfir 20 ár, eins og fyrr var nefnt. Sjókvíaeldisstöð fyrirtækisins í Skutulsfirði er í tillögu að strandsvæðisskipulagi merkt SN22. Þá hefur umsókn félagsins um eldissvæði í Hnífdalsvík verið til umfjöllunar hjá Skipulagsstofnun frá árinu 2018. Í fyrstu hafnaði skipulagsstofnun, eftir gildistöku lagabreytinga árið 2019, að ljúka meðferð málsins. En með úrskurði Úrskurðarnefndar um umhverfismál í máli nr. 102/2021 liggur fyrir að ljúka ber ferlinu og umhverfismati vegna umsóknarinnar. Þess vegna vekur sérstaka furðu að ekkert tillit sé í skipulagstillögu strandsvæðisráðs til eldissvæða Hábrúnar, á meðan sambærileg eldissvæði annarra fyrirtækja fá stöðu í skipulagstillögunni sem svæði skilgreind fyrir nýtingu. Þó er í öllum tilvikum um að ræða svæði sem umsóknir um rekstrarleyfi lúta að og hafa sömu stöðu í lagalegu tilliti, þ.e. um er að ræða umsóknir en ekki útgefin leyfi“	Við mótun tillögunnar hefur verið litið til allra fullgildra leyfisumsókna. Þær tillögur að nýjum svæðum sem ekki hafa lokið umhverfismati eru hins vegar ekki hluti að tillögunni óháð því hvaða fiskeldisfyrirtæki stendur að því. Svæðisráð bendir á að auglýst tillaga gerir ráð fyrir að hægt sé að framleiða þann lífmassa sem Hafrannsóknarstofnun hefur metið að Ísafjarðardjúp þolir eða allt að 30.000 tonn. Verði breyting á forsendum skipulagsins svo sem á burðarþolsmati er ástæða til að taka afstöðu til endurskoðunar á skipulaginu. Skipulagið útilokar ekki að fyrirtækið geti haldið áfram með fyrirætlanir sínar en að svo komnu máli virðist burðarþol Ísafjarðardjúps fullnýtt miðað við röð umsókna hjá Matvælastofnun.
4	Arnarlax „Tillögur svæðisráðs sem fjalla um staðbundna nýtingu vegna sjókvíaeldis ná einungis til núverandi eldissvæða skv. leyfum. Framkomnar tillögur gera þannig ekki ráð fyrir möguleika á breyttri legu eldissvæða eða rýmri eldissvæði. Ekki er gert ráð fyrir annarri framþróun atvinnurekstrar svo sem vegna rafvæðingar eða bryggjuframkvæmda á friðunarsvæðum. Framkomnar tillögur þrengja að núverandi starfsemi og möguleikum leyfishafa eða annarra aðila til breytinga. Arnarlax telur því mikilvægt að í strandsvæðaskipulag felist svigrúm vegna mögulegra breytinga á almennu starfsumhverfi fiskeldis eða legu eldissvæða í framtíðinni sem hafa það markmið að bæta meðal annars eldisaðstæður og	Við mótun tillögunnar hefur verið litið til allra fullgildra leyfisumsókna. Þær tillögur að nýjum svæðum sem ekki hafa lokið umhverfismati eru hins vegar ekki hluti tillögunnar óháð því hvaða fiskeldisfyrirtæki stendur að því. Svæðisráð vill á rétta að í tillögunni er mikill sveigjanleiki. Stærstur hluti skipulagssvæðisins er í nýtingarflokknum <i>almenn nýting</i> og innan þess flokks er möguleiki á, að uppfylltum nokkrum skilyrðum, að veita leyfi fyrir fiskeldi. Það getur falið í sér ný leyfi eða útvíkkun á fyrirliggjandi leyfum innan reita í staðbundinni nýtingu.

	<p>draga úr umhverfisáhrifum. Arnarlax ítrekar að reitir ætlaðir til fiskeldis séu of litlir og takmarkandi miðað við útgefin leyfi að ekki sé möguleiki til að breyta þeim lítilega án þess að endurskoða þurfi strandsvæðaskipulagið í heild sinni. Þannig þurfi að gæta jafnvægis milli nýtingar- og verndarsjónarmiða um leið og tryggður sé hæfilegur sveigjanleiki svo ná megi þeim markmiðum sem stefnt er að með lögum nr. 88/2018, um skipulag haf og strandsvæða. Þ.e. að skipulagið tryggi „grundvöll fyrir fjölbreyttri nýtingu auðlinda haf- og strandsvæða sem byggist á heildarsýn á málefni hafsins, vistkerfisnálgun og vernd náttúru og menningarminja, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.“</p>	
5	<p>Æðarræktarfélag Íslands</p> <p>„Æðarræktarfélag Íslands leggur áherslu á eftirfarandi sjónarmið varðandi þá efnisþætti sem nefndir eru í forsendum fyrir mótun strandsvæðaskipulags:</p> <p>1. Umfang æðarvarps</p> <p>[...] Við skipulag þarf að taka tillit til allra þeirra svæða þar sem æðarfugl heldur sig. Á vef Náttúrufræðistofnunar segir að þrenns konar mikilvæg svæði komi til álita fyrir æðarfugl, þ.e. varpsvæði, vetrarstöðvar og fjaðrafellistöðvar og skarist flest þeirra. Auk þess geti æðarfuglar hópast tímabundið á sömu staði ár eftir ár þar sem gnótt er fæðu, jafnvel tugþúsundum saman þ.e. bæði vetrarstöðva og þar sem hann er nýttur til hlunninda í sjálfum æðarvörpunum.</p> <p>Það er því þýðingarmikið að strandsvæðaskipulag greini í fyrsta lagi öll þau svæði þar sem fuglinn heldur sig og þau kortlögð. Í öðru lagi að þar séu kortlögð ekki einungis friðlýst æðarvörp og þau æðarvörp sem sérstaklega eru skráð sem hlunnindi jarða samkvæmt fasteignaskrá heldur öll æðarvörp. Eins og fyrr segir þá hefur Æðarræktarfélag Íslands unnið að gagnagrunni um öll æðarvörp landsins í samvinnu við RML. Grundvallarforsenda er að æðarfuglinn njóti verndar þar sem hann heldur sig hverju sinni á strandsvæðinu og því þarf að kortleggja svæðið með tilliti til þess.</p> <p>2. Rannsóknir á búsvæðum æðarfugls</p> <p>Grundvallarforsendur fyrir strandsvæðaskipulagi er þekking á lífsháttum æðarfugls og ástandi vistkerfis sem hann lifir í. Eins og</p>	<p>Við skipulagsgerð er almennt notast við fyrirbyggjandi gögn um svæði sem þykja mikilvæg vegna náttúru og umhverfis. Svæðisráð bendir á að við afmörkun á reitum í nýtingarflokknum <i>umhverfi og náttúru</i> var horft til mikilvægra fuglasvæða sem Náttúrufræðistofnun hefur kortlagt og til friðlýsts æðarvarps. Þar sem staðbundin starfsemi er nærri mikilvægum fuglasvæðum eða friðlýstu æðarvarpi er gerð krafa um vöktun á áhrifum starfsemi á fuglalíf. Svæðisráð telur mikilvægt að stunda vöktun og rannsóknir á skipulagssvæðinu. Svæðisráð leggur áherslu á að viðkomandi stofnanir komi á umhverfisvöktun, sbr. viðbrögð við umsögn nr. 116.</p>

	<p>tekið er fram í lýsingu fyrir strandsvæðaskipulagið er m.a. tilgangurinn með því að afla upplýsinga um núverandi stöðu á svæðunum. Rannsóknirnar eru enn þýðingarmeiri í ljósi þeirrar umtalsverðu fækkunar sem hefur orðið í stofni Æðarfuglsins, ekki einungis á heimsvísu heldur einnig hér við land þar sem fuglinn hefur notið mestrar lagalegrar verndar. Það má benda á að talið er að stofn æðarfugls við strendur Noregs hefur dregist saman um 80% á síðustu 40 árum. Hvað veldur er erfitt að segja til um þar sem skortur er á rannsóknum til að byggja á.</p> <p>3. Starfsemi sem hefur áhrif á búsvæði æðarfugls</p> <p>Strandsvæðisskipulag leggur grunn að leyfisveitingum fyrir framkvæmdum og annarri starfsemi á því svæði sem skipulagið tekur til. Starfsemi á búsvæðum æðarfugls getur haft áhrif á vöxt og viðgang æðarfuglsins. Til þess að hægt sé að meta hvort og/eða að hvaða marki slík áhrif séu fyrir hendi þá þurfa að liggja fyrir rannsóknir á núverandi stöðu búsvæðisins. Það er þó ljóst að á nokkrum svæðum er starfsemi nú þegar hafin á viðkvæmum svæðum án þess að nokkuð slíkt mat liggja fyrir. Æðarræktarfélag Íslands hefur ályktað sérstaklega um möguleg áhrif sjókvíaeldis sem og nýtingar sjávargróðurs. Í ályktunum félagsins er talið að brýn nauðsyn sé á því að rannsaka og vakta áhrif sjókvíaeldisstöðva og stækkunar þeirra á lífríki sjávar (t.d. sem leiðir af notkun lyfja/eiturefna í kvíum og setmyndunar vegna úrgangs) og þar með beina og óbeina hættu fyrir vöxt og viðkomu æðarfugls. Sama gildir um vinnslu sjávargróðurs, t.d. þangskurð, en í sjávargróðrinum finnur æðarfuglinn æti og skjól. Jafnframt má sem dæmi nefna möguleg áhrif kalkþörungavinnslu, olíumengunar og öflunar sjávarfangs á grunnslóðum, t.d. hrognkelsaveiðar.“</p>	
6	<p>Samhljóða athugasemd um andstöðu gegn sjókvíaeldi barst frá eftirfarandi aðilum:</p> <p>Adam Nixon, Axel Mueller, Chris Harrelson, Chris Harrelson, Chris Mills, Emil Tumi, Fran Biggs, Geoffrey Porter, Jackie Holden, James Dodds, James Mayer, Kristbjörg Sveinbjörnsdóttir, Kristján Ingólfsson, Kull, Larissa Weidler, Mary Moore, Nafnlaus aðili 1, Neil Emery, Rósa Björk Gunnarsdóttir.</p>	<p>Vestfirðir eru annað tveggja svæða við Íslandsstrendur þar sem stjórnvöld hafa tekið ákvörðun um að heimila sjókvíaeldi og fylgt því eftir með burðarþolsmati og leyfisveitingum. Það er því eðlilegt að nokkuð sé um reiti þar sem sjókvíaeldi er heimilt á í strandsvæðisskipulagi Vestfjarða.</p> <p>Við mótun strandsvæðisskipulagsins hefur verið fylgt lögum um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2021. Strandsvæðisskipulagið ber að taka mið af fyrirliggjandi stjórnvaldsfyrirmælum, öðrum</p>

		<p>lögum og lögbundnum ákvörðunum um nýtingu og vernd haf- og strandsvæða.</p> <p>Tillaga að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða gerir ekki ráð fyrir meira lífrænu álagi vegna staðbundinnar nýtingar en kemur fram í burðarþolsmati. Í tillögunni eru einnig ákvæði um heildstæða umhverfissvöktun til að hægt sé að fylgjast með hvort áhrif starfsemi innan skipulagsins séu í samræmi við vistkerfisnálgun. Leiði vöktun í ljós að sú nýting sem leyfð er á strandsvæðum Vestfjarða hafi neikvæð áhrif á vistkerfið er ljóst að hún er ekki í samræmi við stefnu strandsvæðisskipulagsins.</p> <p>Með strandsvæðisskipulaginu verður skýrari rammi til að meta áhrif af fjölþættri starfsemi á strandsvæðunum í framtíðinni. Stefna strandsvæðisskipulagsins kemur ekki til framkvæmda fyrr en með útgáfu þess og þá munu ákvæðin skila sér í leyfisveitingarferli og umhverfismati einstakra framkvæmda. Mikilvægur þáttur í framfylgd strandsvæðisskipulagsins er að nýta niðurstöður vöktunar á umhverfisþáttum. Leiði þær í ljós neikvæða þróun umhverfisþátta þarf að bregðast við með aðgerðum í viðkomandi starfsemi eða á viðkomandi svæði. Sömuleiðis kann niðurstaðan að leiða til breytinga á strandsvæðisskipulagi en þá fer um slíkt ferli samkvæmt 14. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018.</p>
--	--	--

Umhverfi og náttúra

Nr.	Umsagnaraðili og umsögn	Viðbrögð svæðisráðs
7	<p>Orkustofnun</p> <p>„Orkustofnun bendir á að víða geti verið vermæt jarðefni sem hagar er að nýta, sbr. umfjöllun hér frammar. Tryggja ber að skipulagsákvæði þessa nýtingarflokks takmarki ekki um of aðgengi sveitarfélaga til efnistöku af hafsbotni. Stofnunin telur mikilvægt að ekki séu sett óþarfa höft á möguleika sveitarfélaga til þróunar og framkvæmda. Ekki eru gerðar athugasemdir við að á skilgreindum</p>	<p>Svæðisráð tekur undir sjónarmið Orkustofnunar að mikilvægt kunnni að vera að nýta hentug jarðefni á sjávarbotni. Fyrir því er heimild, innan reita fyrir <i>staðbundna nýtingu</i> og <i>almenna nýtingu</i>. Einnig hefur svæðisráð lagt til að opna fyrir efnistöku á reitum fyrir siglingar. Þessir reitir ná yfir ríflega 70% skipulagssvæðisins á Vestfjörðum.</p>

	<p>UN svæðum sé gætt aukinnar varúðar, eftir því sem við á hverju sinni. Hér má m.a. tilgreina að mörg verðmæt fuglasvæði (fuglabjörg) eru einungis viðkvæm hluta úr ári og ef þannig skipast mál er t.a.m. hægt að afmarka starfsemi, t.d. efnistöku, til þess hluta árs sem áhrif eru takmörkuð.“</p>	<p>Svæðisráð telur að almenna reglan eigi að vera sú að efni sé ekki sótt á reiti sem eru í nýtingarflokknum <i>umhverfi og náttúra</i>. Hluti þeirra reita nýtur verndar skv. náttúruverndarlögum og óheimilt er að veita leyfi til efnistöku í slíkum tilvikum. Hluti þessara reita er utan verndarsvæða og telur svæðisráð að opna eigi fyrir hófsama efnistöku í þeim tilvikum, sbr. viðbrögð við umsögn nr. 26.</p>
8	<p>Vesturbyggð</p> <p>„Skilgreining víkjandi reita er óljós og ber að skýra betur svo ljóst sé hvað víkjandi reitur beri með sér fyrir þá starfsemi sem fyrir er, s.s. SN reitir við Ketildali í Arnarfirði sem liggja að UN5. Merkir það að gert sé ráð fyrir að fiskeldi sé víkjandi a reitnum og að endurnýjun leyfa til fiskeldis samræmist ekki nýtingu svæðisins að ekki verði veitt heimild til fiskeldis á reitnum eftir að núverandi leyfi rennur út? Ef svo er þarfnast skilgreining reitsins endurskoðunar, enda hafi núverandi leyfi verið veitt í samræmi við núverandi umsóknarferli. Vesturbyggð telur eðlilegt að litið sé til ólíkra sjónarmiða við gerð skipulagsins og hagsmunir sveitarfélaganna séu höfð til hliðsjónar.“</p>	<p>Í dag er í gildi leyfi við Hvestudal sem nær að hluta inná reit UN5 en stærstu hluti leyfisins er innan SN7. Tillagan gerir ráð fyrir því að leyfinu verði komin öllu innan SN7 reits þegar það verður endurnýjað. Það er því víkjandi af UN5 reitnum.</p> <p>Svæðisráð tekur undir með Vesturbyggð að skýrara sé að reitur SN7 nái utan um fiskeldisleyfið þar sem er skörun við UN reiti. Það er í samræmi við hvernig SN reitir við Tálkna eru skilgreindir.</p> <p><u>Eftirfarandi breytingar verða gerðar á skipulagsupprætti:</u></p> <p>Reitur SN7 verði stækkaður þannig að hann nái utan um útgefið leyfi og reitur UN5 minnkar á móti.</p>
9	<p>Arnarlax</p> <p>„Með gagnályktun frá 11. gr. reglugerðarinnar má ráða að fiskeldi verði ekki heimilt á svæðum sem skilgreind eru í verndarflokknum „Umhverfi og Náttúra“ Í tillögunum segir jafnframt í kafla 4.2.1. um almenn skipulagsákvæði að „Til þess að viðhalda náttúrulegum aðstæðum er ekki gert ráð fyrir starfsemi á svæðinu sem hefur neikvæð áhrif á náttúru og umhverfi þess svo sem fiskeldi,....“ [Leturbreyting Arnarlax]. Ekki er fjallað frekar hvað átt er við með neikvæðum áhrifum á náttúru og umhverfi. Enga útskýringu er að finna í tillögunum hversu mikil neikvæði áhrif þurfi að vera svo staðbundin nýting verði útilokuð á friðunarsvæðum eða við þau. Gera verður þá kröfu til framlagðra tillagna að „neikvæð áhrif“ verði nánar útlistuð í tillögunum. Þetta er mikilvægt í ljósi þess að tillögurnar gera ráð fyrir útilokun nýtingar sem felur í sér</p>	<p>Svæðisráð fær ekki séð að það þurfi að útskýra nánar hvað felst í neikvæðum áhrifum. Sjókvíaeldi fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 en undir þau falla framkvæmdir sem kunna eða eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.</p>

	atvinnutækifæri og uppbyggingu byggðarlaga sem er eitt helsta leiðarljós og stefnumið Strandsvæðaskipulags skv. tillögunum.“	
10	<p>Vesturbyggð</p> <p>„Eldissvæði liggja víða nærri UN svæðum í tillögunni, á vissum svæðum er ekki möguleiki á landtengingum fóðurpramma við rafmagn svo keyra þarf ljósavélar um borð í prömmum. Í almennum skipulagsákvæðum kafla 4.2.1. Umhverfi og náttúra (UN) segir „Stuðla skal að verndun umhverfis og náttúru á svæðinu. Ferðaþjónusta og útivist á svæðinu skal taka mið af gildi náttúru, landslags, sögu og menningar þess. Í því felst að raska sem minnst ró dýra, vistkerfum og menningarminjum auk þess að rýra ekki gæði strandsjávar.“ Leiða þarf líkum að því að ljósavélar á fóðurprömmum og önnur starfsemi sem til staðar er muni skapa eitthvað ónæði á stundum og liggja nærri og jafnvel innan UN-svæða. Vesturbyggð telur ástæðu til að tekið sé tillit til þess við skilgreiningu UN svæða.“</p>	<p>Í skipulagsákvæðum UN reita kemur fram að gera megri ráð fyrir veitulögnum innan reitanna að teknu tilliti til verndarhagsmuna viðkomandi reits.</p> <p>Skilmálar sem koma fram í strandsvæðisskipulagi Vestfjarða gilda einungis innan skipulagssvæðisins. Í þeim tilvikum sem starfsemi á strandsvæðum er líkleg til að teygja sig inn á aðliggjandi landssvæði geta verið ákvæði á landi sem takmarka þá starfsemi, s.s. á friðlýstum svæðum.</p>
11	<p>Arnarlax</p> <p>„Arnarlax vekur jafnframt athygli á þeirri staðreynd að tillögur svæðaráðs gera ekki ráð fyrir rafmagnstengingum úr landi vegna fóðurpramma eða mögulegra bryggjuframkvæmda á friðunarreitum. Þetta er mjög bagalegt þar sem friðunarreitir ná yfir heilu strandlengjurnar.“</p> <p>Blámi</p> <p>„Rafvæðing fóðurpramma í fiskeldisstarfsemi er þegar hafin en þá er lagður rafstrengur frá landi og út að eldissvæðum. Með þeim aðgerðum má draga verulega úr notkun jarðefnaeldsneytis auk þess sem líkur á umhverfisóhöppum verða minni. Mikilvægt er að verndun svæða komi ekki í veg fyrir að hægt sé að koma fyrir búnaði í landi og leggja rafstreng að skilgreindum sjókviaeldissvæðum. Einnig þarf að tryggja að verndun svæða komi ekki í veg fyrir aðgengi að vistvænni orku.“</p>	<p>Í skipulagsákvæðum UN reita kemur fram að gera megri ráð fyrir veitulögnum innan reitanna að teknu tilliti til verndarhagsmuna viðkomandi reits.</p>
12	Umhverfisstofnun	Fá verndarsvæði hafa verið formlega skilgreind í sjó við Ísland en mörg svæði hafa verið tilnefnd á B-hluta náttúruminjasrár og eru

	<p>„Umhverfisstofnun leggur til að við vinnslu skipulagsins verði metið hvort tilefni er til að skilgreina frekar verndarsvæði í hafi.“</p>	<p>Þau almennt skilgreind í nýtingarflokkinn <i>umhverfi og náttúra</i>. Svæðisráð tekur undir að skoða ætti hvort tilefni sé til að skilgreina frekari verndarsvæði á sjó en telur að það ætti að gera í samræmi við náttúruverndarlög nr. 60/2013. Komi fram breyting á stefnu stjórnvalda varðandi vernd eða nýtingu á strandsvæðum Vestfjarða þá er tilefni til endurskoðunar á stefnu skipulagsins.</p>
<p>13</p>	<p>Vesturbyggð</p> <p>„Á skipulagsupprætti er nýtingarflokkurinn Umhverfi og náttúra (UN2) skilgreindur við Örlygshöfn í Patreksfirði. Í hafnarreglugerð 989/2005 fyrir hafnir Vesturbyggðar og Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2018-2035 er höfnin í Örlygshöfn skilgreind. Hafnarmannvirkin voru uppbyggð m.a. á árunum 1969 -1973 og 1982-1986 með framlögum frá ríki og fyrrum Rauðasandshrepps. Við sameiningu Barðastrandarhrepps, Rauðasandshrepps, Patrekshrepps og Bíldudalshrepps í Vestur- Barðastrandarsýslu árið 1994 varð Vesturbyggð eigandi hafnarmannvirkja í Örlygshöfn. Hér þarf að endurskoða skilgreiningu reitsins og gera ráð fyrir hafnarmannvirkjum í Örlygshöfn með tilheyrandi siglingaleiðum o.s.frv.“</p>	<p>Getið er um Örlygshöfn í reit A2 til að tryggja að tekið sé tillit til siglingahagsmuna komi til starfsleyfisveitinga á reitnum. Svæðisráð telur rétt að það verði gert með sama hætti á reit UN2.</p> <p><u>Eftirfarandi breytingar verða gerðar á lýsingu á reit UN2:</u></p> <p><u>Lýsing:</u></p> <p>Aðliggjandi land í Örlygshöfn er á náttúruminjaskrá vegna leira, skeljasands og fjölskrúðugs fuglalífs. Þar eru einnig leirur og votlendi sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Í samráði um gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum kom fram að á svæðinu væri stundaður kajakróður. Við Örlygshöfn er bryggja sem er hluti af hafnarsvæði Vesturbyggðar samkvæmt hafnarreglugerð.</p>
<p>14</p>	<p>Arnarlax</p> <p>„Arnarlax óskaði eftir afstöðu Rorum til framkominna tillagna svæðisráðs. Í greinargerð Rorum, sem er meðfylgjandi sem fylgiskjal I., er farið yfir líffræðilegar forsendur framkominna tillagna og úttekt gerð á tilgangi friðunar og vísindalegum rökum sem lögð hafa verið til grundvallar skipulagstillögunni.</p> <p>Rorum kemst að þeirri niðurstöðu að víða er mjög langt gengið í friðun og mun lengra en eðlilegt gæti talist miðað við vísindaleg rök, eins og nánar er gerð grein fyrir í meðfylgjandi greinargerð. Í greinargerðinni er tekið fram að tillögurnar um skipulagssvæði utan netlaga takmarka ýmsa starfsemi á Vestfjörðum. Þessar takmarkanir geta haft umtalsverð eða afgerandi áhrif á starfsemi Arnarlax.</p> <p>Á það er bent í greinargerð Rorum að Skipulagsstofnun vísi gjarnan til þess að friða skuli ákveðin svæði vegna þess að Náttúrufræðistofnun Íslands hafi lagt fram tillögu um að svæðin</p>	<p>Svæðisráð áréttar að ekki sé um formlega friðun að ræða eins og kemur fram í skilgreiningu nýtingarflokksins í tillögu svæðisráðs og í 11. gr. a í reglugerð um gerð strandsvæðisskipulags nr. 330/2020. Tillögur Náttúrufræðistofnunar að svæðum á B-hluta náttúruminjaskrár eru vissulega enn tillögur sem ekki hafa fengið formlega staðfestingu sem væntanleg verndarsvæði. Til þess þarf samþykki Alþingis og í framhaldinu formlegt friðlýsingar- eða friðunarferli skv. ákvæðum laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Tillögurnar eru engu að síður byggðar á vísindalegum upplýsingum um staðsetningu, dreifingu og þéttleika vistgerða og búsvæða lífvera sem metin eru með hátt verndargildi samkvæmt faglegum viðmiðum Náttúrufræðistofnunar Íslands og annarra stofnana ásamt því að hafa skýra skírskotun í alþjóðlega samninga og skuldbindinga Íslands. Upplýsingarnar eru því í senn áreiðanlegar og mikilvægar varðandi ákvarðanatöku um vernd náttúrufrýrbæra. Afmörkun svæðanna byggir á því að ná vel utan</p>

	<p>skuli vera á B-hluta náttúruminjasráðs. Rorur bendir á að „...hér er einungis um tillögur að ræða sem ekki hafa hlotið þann sess í stjórnsýslunni að friða megi stór landsvæði vegna þeirra. Ekki verður annað séð en að Skipulagsstofnun veiti þessum tillögum of mikið vægi í gerð Strandsvæðisskipulags Vestfjarða.“</p>	<p>um mikilvægar heildir fyrir samfellur vistgerða og búsvæði lífvera. Þar skiptir máli að hafa öryggismörk, einmitt til að draga úr líkum á að áhrif frá t.d. starfsemi utan verndarsvæða hafi neikvæðar afleiðingar innan þeirra. Það er sérstaklega mikilvægt þegar um endanleg verndarsvæði er að ræða, en sama á auðvitað við um svæðin og lífríki innan þeirra þó þau séu ekki vernduð. Í einhverjum tilfellum kann að vera að mörk tiltekinna svæða séu dregin óþarflega vítt, en það þarf að meta í hverju tilfelli fyrir sig.</p>
15	<p>Umhverfisstofnun</p> <p>„Í umhverfisskýrslum er fjallað um vistgerðir sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga. Umhverfisstofnun bendir á eðlilegra er að tala um vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Umhverfisstofnun bendir á að m.a. njóta leirur sérstakrar verndar. Leirur eru austan Sandodda innst í Patreksfirði og í botni Tálknafjarðar. Auk þess eru leirur í botni Hamarsfjarðar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skoðað sé hvort að tilefni sé til að skilgreina öll leirusvæði sem UN svæði.“</p>	<p>Við afmörkun reita í nýtingaflokknum <i>umhverfi og náttúru</i> var horft til ýmissa þátta, m.a. svæða sem njóta sérstakrar verndar skv. 61 gr. náttúruverndarlaga þ.m.t. leirur og sjávarfitjar. Leirur og sjávarfitjar eru að stærstum hluta innan netlega og því í raun utan marka strandsvæðisskipulags en innan marka skipulags viðkomandi sveitarfélaga. Þessi mörk hafa ekki verið kortlögð og því er á uppdrætti stuðst við þá nálgun að varpa kortlagðri strandlínu út um 115 m. Uppdrátturinn kann því að vera villandi, sér í lagi í fjarðarbotnum. Ábendingar þess efnis hafa borist í öðrum umsögnum og telur svæðisráð rétt að vekja athygli á að mörkin á uppdrætti séu ónákvæm og að skipulagið gildi aðeins utan netlaga, sbr. viðbrögð við umsögn nr. 136.</p>
16	<p>Arnarlax</p> <p>„Jafnframt vill Arnarlax ítreka það sem fram kemur í greinargerð Rorum um ónógan rökstuðning vegna tillögur svæðisráðs um friðun Suðurstrandar Arnarfjarðar að Hvestu (UN5). Rorum vekur athygli á því að engin rök eru færð fyrir tillögunni, en í stað þess er m.a. sagt að þar séu „fallegar skeljasandsfjörur með auðugu fuglalífi“. Ekki sé gerð tilraun til að útskýra hvernig höfundar tillögunnar ákvarða hvað er „auðugt fuglalíf“ enda virðist hér um huglægt mat að ræða. Það sama á um þegar talað er um „fallegar skeljasandsfjörur“.“</p>	<p>Svæðisráð bendir á að orðalagið er tekið úr lýsingu svæðisins í náttúruminjasráði. Ketildalir eru meðal svæða á Vestfjörðum þar sem landslag er talið hafa einstaklega hátt verndargildi.</p>
17	<p>Æðarræktarfélag Íslands</p> <p>„Æðarfugl er ein af þeim fuglategundum sem teljast til ábyrgðartegunda Íslendinga. Æðarfugl er á Evrópuválista og er flokkaður í nokkurri hættu á heimslista (VU), en síðast þegar Æðarræktarfélag Íslands sendi umsögn um strandsvæðaskipulag</p>	<p>Svæðisráð er meðvitað um stöðu æðarfugls á válista. Við afmörkun svæða í nýtingarflokkinn <i>umhverfi og náttúru</i> var litið til friðlýstra æðarvarpa og mikilvægra fuglasvæða.</p>

	Vestfjarða og Austfjarða var æðarfugl aðeins skilgreindur í yfirvofandi hættu á heimslista. Samkvæmt heimildum er vetrarstofn við Ísland metinn um 800 þúsund fuglar og eru það að langmestu leyti íslenskir varpfuglar. Í vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar er samfelld aukning æðarfugla (um 150%) frá því um 1960 til aldamóta en eftir það er snörp fækkun. Á viðmiðunartíma fyrir válistamat (1987 – 2014) bendir vetrarvísitala til um 33% fækkunar æðarfugls hér við land eða 1,48 % á ári.“	
18	Samtök ferðaþjónustunnar „Þá sakna samtökin þess að svo virðist ekki gert ráð fyrir að það séu ákveðin svæði skipulögð út frá afþreyingu eingöngu þar sem veiðar með stórvirkum veiðarfærum í atvinnuskyni eru útilokaðar.“	Í strandsvæðisskipulaginu er skipulagssvæðinu skipt niður í nýtingarflokka í samræmi við reglugerð um gerð strandsvæðisskipulags. Þeir nýtingarflokkar gefa ekki heimildir til að friða einstaka svæði. Við afmörkun reita í nýtingarflokknum <i>umhverfi og náttúra</i> var horft til tillagna NÍ um B-hluta náttúruminjaskrár sem geymir svæði sem stofnunin leggur til að verði vernduð. Í lögum um gerð haf- og strandsvæðisskipulag kemur skýrt fram að strandsvæðisskipulagið nær ekki utan um nýtingu og vernd fiskstofna eða annarra lifandi auðlinda hafsins og hafsbotsins. Ákvarðanir um bann við veiðum í atvinnuskyni verður að taka á öðrum vettvangi en strandsvæðisskipulagi Vestfjarða.
19	Háskólasetur Vestfjarða „Óheppilegt er að smala allri ferðaþjónustu í einn flokk, enda ferðaþjónustan mjög mismunandi og stundum útilokar ein grein ferðaþjónustu aðrar greinar. Skemmtiferðaskip eru allt annars eðlis en dagsferðarbátar eða sjóstangaveiði. Það væri ekki óeðlilegt að einhver tegund af ferðaþjónustu væri bönnuð þó önnur tegund væri leyfð.“	Í strandsvæðisskipulaginu er skipulagssvæðinu skipt niður í nýtingarflokka í samræmi við reglugerð um gerð strandsvæðisskipulags. Þeir nýtingarflokkar eru fáir og eðli málsins samkvæmt ná þeir utan um víðtæka starfsemi. Skipulagsáætlanir hafa ekki víðtækar heimildir til að setja fram bann við ákveðinni starfsemi nema að fyrir því liggja skýr lagastoð. Slíkar lagastoð skortir til að geta sett fram verulegar takmarkanir á umferð skemmtiferðaskipa. Í strandsvæðisskipulaginu er sjónum beint að þeirri áskoran sem stjórn umferða skemmtiferðaskipa nærri viðkvæmum svæðum á landi er, kafli 4.1. Gerð strandsvæðisskipulags er mikilvægur liður í að ná heildaryfirsýn á fjölpætta starfsemi á viðkomandi strandsvæðum. Það er ljóst að áfram verða áskoranir sem strandsvæðisskipulagið eitt og sér nær

		ekki að leysa en með því að ávarpa þær í skipulaginu er líklegra en ella að þeim áskorunum verði fundinn viðundandi farvegur.
20	<p>Umhverfisstofnun</p> <p>„Í kafla 4 um líffræðilegan fjölbreytileika og ástand sjávar er vísað til krafna vatnaáætlunar en Umhverfisstofnun leggur til eftirfarandi viðbætur við textann til frekar skýringar:</p> <p>Árið 2013 var unnið að álagsgreiningu fyrir vatnshlotin og var niðurstaðan að vatnshlotið Skutulsfjörður innri (101-1282-C) var metið í óvissu um að ná umhverfismarkmiðum þar sem helsti álagspáttur var óhreinsað fráveituvatn, sú óvissa stendur enn. Til þess að skera úr um óvissu í hlotinu þarf að fara fram vöktun á líffræðilegum gæðapáttum en slíkt hefur ekki verið gert í þeim tilgangi að aflétta óvissunni um ástand vatnshlotsins. Mælingar á forgangsefnum voru gerðar í vatnshlotinu árið 2019-2020 á mánaðarfresti og leiddu þær mælingar í ljós að efnafræðilegt ástand Skutulsfjarðar innri væri gott. Þær mælingar skera þó ekki úr um þá óvissu sem vatnshlotið er í vegna fráveituvatns (næringarefna).</p> <p>Í greinargerð fyrir strandsvæðisskipulag Vestfjarða (bls.36) er vísað til samfélagssáttmála sveitarfélaga á Vestfjörðum um sameiginlega hagsmunagæslu í fiskeldi og tengdum atvinnugreinum. Þá skal hafa sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi sem í felst að efla þekkingu á fiskeldi og umhverfispáttum. Umhverfisstofnun vill því vekja athygli á mikilvægi þess að rekstraraðilar sem valda álagi á vatnsauðlindina ásamt sveitarfélögum hlutist til um vöktun á ástandi strandsjávar í samræmi við kröfur stjórnar vatnamála til að tryggja framtíð bæði atvinnugreina í sjávarútvegi sem og vatnsauðlindarinnar. Lög um stjórn vatnamála kveða á um að sá sem veldur álagi skal vakta ástand vatnshlotsins og draga úr álagi þar sem þess er þörf. Þar sem um fleiri en einn rekstraraðila er að ræða á einu svæði væri hægt að vinna að sameiginlegri vöktun í viðtaka eða vatnshloti. Mikill hagur væri af slíku samstarfi.“</p>	<p>Svæðisráð telur að efla beri vöktun á ástandi sjávar og vistkerfum á strandsvæðum Vestfjarða. Í umfjöllun um framfylgd strandsvæðisskipulagsins er því sérkafla um nauðsyn þess að sett verði af stað heildstæð umhverfisvöktun á strandsvæði Vestfjarða. Skerpt verður á umfjöllun um hlutverk stofnana í kafla 7.2 Vistkerfisnálgun, umhverfisvöktun, sbr. viðbrögð við umsögn nr. 116.</p> <p>Tekið er undir með Umhverfisstofnun að bæta megi umfjöllun um óvissu um ástand vatnshlota.</p> <p><u>Eftirfarandi breytingar verða gerðar í kafla 4.1 í skipulagsgreinargerð:</u></p> <p><u>Í undirkafla Líffræðilegur fjölbreytileiki og ástand sjávar, verða gerðar eftirfarandi breytingar á þriðju málsgrein:</u></p> <p>Með lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011 voru sett markmið um gott eða mjög gott ástand vatns, þar með talið strandsjávar, til þess að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa. Umhverfisstofnun vinnur að ástandsmati strandsjávar á Vestfjörðum. Fyrir liggur greining á staðbundnu álagi á strandsjó. Algengast er að álag sé vegna skólpráveitu án hreinsunar frá þéttbýlisstöðum, en einnig er nokkuð um álag vegna fiskeldis, fiskvinnslu og iðnaðar. Álagsgreining á vatnshlotið Skutulsfjörður innri, þar sem helsti álagspáttur er óhreinsað fráveituvatn, er metin óviss. Mikilvægt er að efla mælingar og vöktun á líffræðilegum gæðapáttum Mælingar, vöktun og þekking á áhrifum margvíslegrar nýtingu er í stöðugri þróun sem mikilvægt er að efla enn frekar til að undirbyggja ákvarðanir um nýtingu og vernd á strandsvæðum og trausta umhverfisnálgun.</p>
21	Ísafjarðarbær	Umferð skemmtiferðaskipa: Í kafla 7.1 er fjallað um umferð á viðkvæmum svæðum og að þar þurfi að sýna sérstaka aðgát nærri villtu dýralífi og viðkvæmum vistkerfum. Ákvæði um takmörkun á

	<p>„Í greinargerðinni segir: „Í strandsvæðisskipulagi, í tengslum við verndaráform, er tilefni til að taka afstöðu til þess hvort takmarka þurfi umferð skemmtiferðaskipa á viðkvæmum svæðum eins og fuglabjörg.“</p> <p>Tekið er undir að tilefni er til að fjalla um umferð skemmtiferðaskipa í greinargerðinni og skipulaginu, en það er ekki gert“</p>	<p>siglingum er háð verndaráformum á hverjum stað og því mikilvægt að við vinnslu verndarákvæða sé tekin afstaða til þess hvort takmarka þurfi siglingar til að ná markmiðum um vernd svæðisins. Landtaka og áform um uppbyggingu í landi eru fyrir utan skipulagsvæði strandsvæðisskipulags og því ekki verkefni skipulagsins. Það er því mikilvægt að tryggja samræmi á milli skipulags á landi, á strandsvæðum og skilmála verndarsvæða sem geta náð yfir bæði land og strandsvæði.</p>
<p>22</p>	<p>Umhverfisstofnun</p> <p>„Í greinargerðum með svæðisskipulagstillögunum segir meðal annars: „Í strandsvæðisskipulagi, í tengslum við verndaráform, er tilefni til að taka afstöðu til þess hvort takmarka þurfi umferð skemmtiferðaskipa á viðkvæmum svæðum eins og við fuglabjörg.“ Þrátt fyrir það er í skipulaginu ekki að finna neina stefnumörkun þar að lútandi. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að mörkuð verði stefna um aðgang skemmtiferðaskipa að svæðum utan hafnarsvæða. Jafnframt þarf að setja reglur um umferð léttbáta og skipabáta og landtöku farþega skipanna utan hafnarsvæða. Skoða þarf hvort skilgreina á tiltekna áfangastaði fyrir skemmtiferðaskip og hvaða svæði henta fyrir móttöku farþega frá stærri skipum og innviðaupbyggingu í því sambandi.</p> <p>[...] Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að huga þarf að stefnu um umferð og landtökur skemmtiferðaskipa um voginn. Skortur er á gögnum um tíðni umferðar skemmtiferðaskipa og landtöku, stærð skipa, athafnir farþega og fleira. Enn fremur skortir rannsóknir á áhrifum þessarar umferðar á loftgæði og lífríki í fjörunni sem og fuglalíf.“</p>	<p>Í kafla 7.1 er fjallað um umferð á viðkvæmum svæðum og að þar þurfi að sýna sérstaka aðgát í nálægð við villt dýr og viðkvæm vistkerfi. Einnig er í kafla 4.1 umfjöllun um þær áskoranir sem vöxtur í ferðabjónustu og þá sérstaklega siglinga skemmtiferðaskipa eru fyrir viðkvæm svæði í landi. Ákvæði um takmörkun á <i>siglingum</i> er háð verndaráformum á hverjum stað og því mikilvægt að við vinnslu verndarákvæða sé tekin afstaða til þess hvort takmarka þurfi siglingar til að ná markmiðum um vernd svæðisins. Landtaka og áform um uppbyggingu í landi eru fyrir utan mörk strandsvæðisskipulags.</p> <p>Svæðisráð telur að ekki sé unnt að ganga lengra í mótun stefnu um landtöku skemmtiferðarskipa en gert er í skipulagstillögunni. Mikilvægt er að tryggja samfellu milli skipulags á landi og strandsvæða og skilmála verndarsvæða sem geta náð yfir bæði land og strandsvæði.</p> <p><u>Eftirfarandi breytingar verða gerðar í skipulagsgreinargerð:</u></p> <p><u>Til að bregðast við mögulegum óskýrleika skipulagsgreinargerðar verður bætt inn kaflafýrirsögn í hvern stefnukafla (kaflar 3 – 6). Undirkaflar X.1 stefnu munu því einungis innihalda markmið:</u></p> <p>Nýir undirkaflar X.2 Forsendur og áskoranir, innihalda þær forsendur sem liggja til grundvallar stefnunni og þær áskoranir sem upp gætu komið við að framfylgja stefnunni.</p>
<p>23</p>	<p>Vesturbyggð</p> <p>„Ekki kemur nægilega skýrt fram í tillögunni hvort skipum sé heimilt að sigla innan UN-svæðanna, hvort t.d. skemmtiferðaskipum sé heimilt að sigla inn á Dynjandisvog og</p>	<p>Heimilt er að sigla innan UN reita eins og kemur fram í skipulagsákvæðum undir nýtingafloknum <i>siglingar</i>, kafla 5.2.1 Siglingar verða þó áfram mögulegar almennt á strandsvæði Vestfjarða með þeim takmörkunum sem þar kunna að gilda</p>

	<p>setja út farþega innan svæðisins. Vesturbyggð telur mikilvægt að þetta sé skýrt í tillögunni.“</p>	<p>samkvæmt skipulagsákvæðum viðkomandi reits. Í tillögunni eru engir sérskilmálar á UN reitum þar sem takmarkanir eru settar á siglingar.</p>
<p>24</p>	<p>Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi</p> <p>„Svæði í nýtingarflokknum „Umhverfi og náttúra“ eru í mörgum tilvikum skilgreind allvíðtækt án þess að mörk þeirra séu sérstaklega rökstudd. Að mati samtakanna þarf að rökstyðja nánar hvers vegna markmiðum skipulagsgerðar um sjálfbæra vistkerfisnálgun og vernd náttúru og menningarminja verði ekki náð með öðrum og vægari hætti, sbr. meðalhóps og rannsóknarreglur stjórnsýsluréttar</p> <p>Að mati samtakanna á viskerfisnálgun við skipulagsgerð að fela í sér samþætta nálgun á nýtingu náttúruauðlinda sem miðar jöfnum höndum að skynsamlegri vernd og ábyrgri nýtingu. [...]</p> <p>Þá vekur jafnframt athygli að mörkun svæða í nýtingarflokknum „Umhverfis og náttúra“ er í sumum tilvikum rökstudd með vísan til þess að Náttúrufræðistofnun hafli lagt til að viðkomandi svæði fari á B- eða C-hluta náttúruminjaskrár. Tillaga að þingsályktun um B-hluta náttúruminjaskrár hefur hins vegar ekki verið lögð fram á Alþingi síðan nágildandi lög um náttúruvernd tóku gildi árið 2015 og því hefur engin lögformleg ákvörðun verið tekin um verndargildi viðkomandi svæða. Um þessar mundir vinnur Umhverfisstofnun að undirbúningi kynningar- og samráðsferlis á tillögum Náttúrufræðistofnunar og mun að því loknu skila umsögn um framkomnar athugasemdir til ráðherra. [...]</p> <p>Að svo stöddu er því með öllu óráðið hvaða svæði verða hluti af samþykkttri náttúruminjaskrá og hvernig afmörkun þeirra verður háttað.“</p> <p>Orkustofnun</p> <p>„[...] Sama á við um svæði sem NÍ hefur lagt til að fari í B hluta Náttúruminjaskrár, en mikilvægi sumra þeirra svæða er tímabundið og ekki verður séð að efnistaka muni fortakalaust valda rýrnum umhverfisgæða eða vistgerða.</p>	<p>Svæðisráð tekur undir mikilvægi þess að gott jafnvægi sé milli nýtingar- og verndarsjónarmiða og að unnið verði að frekari umhverfisrannsóknnum á strandsvæðum til þess að undirbyggja frekari nýtingu, sem og vernd svæða. Með það að leiðarljósi má benda á að heimildir til nýtingar, sérstaklega fyrir fiskeldi, eru nú þegar við eða nærri burðarþolsmati. Því er ástæða til að forgangsraða, þar sem ástæða þykir til, fyrir t.d. verndun, einmitt til að halda þessu jafnvægi. Í ljósi varúðarsjónarmiða ætti frekar að takmarka nýtingarþátt en verndarþátt enda vel þekkt að neikvæð áhrif nýtingar á náttúruna eru til staðar og margþátta.</p> <p>Reglugerð um gerð strandsvæðisskipulags nr. 330/2020 skilgreinir þá nýtingarflokka sem sett er stefna um í strandsvæðisskipulagi. Um nýtingarflokkinn <i>umhverfi og náttúra</i> kemur skýrt fram að undir hann falla svæði með sérkenni sem ástæða er að vernda vegna landslags eða náttúrulegs, sögulegs eða menningarleg gildis, án þess að um formlega friðun sé að ræða. Við afmörkun þeirra hefur því verið stuðst við útgefin gögn um þau svæði sem hafa rík sérkenni sem ástæða er til að vernda með einhverjum hætti.</p> <p>Tillögur Náttúrufræðistofnunar um B-hluta náttúruminjaskrár eru góður grunnur til að afmarka þessi svæði þó þær séu enn tillögur og hafa ekki fengið formlega umfjöllun. Tillögurnar eru byggðar á vísindalegum gögnum um staðsetningu, dreifingu og þéttleika vistgerða og búsvæða lífvera sem metin eru með hátt verndargildi samkvæmt faglegum viðmiðum sérfræðinga Náttúrufræðistofnunar Íslands og annarra stofnana og hafa einnig skýra skírskotun í alþjóðlega samninga og skuldbindingar Íslands hvað þá varðar. Upplýsingarnar eru því í senn áreiðanlegar og mikilvægar varðandi ákvarðanatöku um ráðstöfun þessara náttúrufrýrbæra. Þó formleg, lögfest verndun hafi ekki verið fest í</p>

Í því sambandi bendir Orkustofnun og á að tilnefning Náttúrufræðistofnunar til svæða á B-hluta Náttúruminjaskrár hefur ekkert sérstakt lögformlegt gildi enda hefur hún ekki hlotið viðeigandi umfjöllun né staðfestingu, sbr. 13., 15. og 33. gr. náttúruverndarlaga, nr. 6/2013. Orkustofnun telur því of geyst farið að veita (a.m.k. hluta) þeirra svæða þá vernd sem tilgreind er í framlagðri skipulagstillögu. Í gildi er Náttúruminjaskrá frá 1995, sbr. auglýsing nr. 63/1995 með síðari breytingum, enda er ítrekað vísað til hennar í texta skjalsins. Eðlilegt er að stuðst sé við þá skipan í skipulagstillögunni.“

Háafell

„Náttúrufræðistofnun Íslands hefur lagt til að stór svæði fari á náttúruminjaskrá í Ísafjarðardjúpi (mynd 1). Val Náttúrufræðistofnunar er rökstutt með því að innri hluti Ísafjarðardjúps séu mikilvæg búsvæði landsela.

Hér er rétt að benda á að tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands eru vinnugögn sem ekki hafa farið í gegnum formlegt ferli til friðunar. Því er sett spurningarmerki við því að taka slíkar tillögur svo beint upp án nánari skoðunar. Verndarsvæðin viðast mjög stór og til þess fallin að takmarka framtíðarnot fyrir firðina, sérstaklega er varðar tækniframþróun í greininni.“

Hábrún

[Tillögur svæðisráð fela í sér meiri háttar takmarkanir á möguleikum til atvinnustarfsemi í Ísafjarðardjúpi. Gert er ráð fyrir umfangsmiklum friðunum á svæðinu, sem veruleg áhrif hafa á framtíðartækifæri til fiskeldis og sambærilegrar starfsemi. Stórum svæðum er skipað í flokkinn “Umhverfi og Náttúra” (UN), þar sem ráðgert er að fiskeldi og sambærileg starfsemi verði bönnuð. Verulegur hluti Djúpsins fellur þarna undir m.a. Hestfjörður, Skötufjörður, Mjóifjörður, Reykjafjörður og Ísafjörður. Ljóst er að tillagan tekur ekkert tillit til framtíðaraðstöðu fiskeldis í Ísafjarðardjúpi heldur er eingöngu horft á stöðuna eins og hún er núna.

sessi breytir það engu um gildi svæðanna né rýrir þær upplýsingar sem liggja að baki tilnefningu þeirra.

Svæðisráð bendir á að auglýst tillaga gerir ráð fyrir að hægt sé að framleiða þann lífmassa sem burðarþol heimilar. Í auglýstri tillögu felst einnig mikill sveigjanleiki en stærstur hluti skipulagssvæðisins er í nýtingarflokknum *almenn nýting* og innan þess flokks er möguleiki á að veita leyfi til fiskeldis að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

	<p>Í greinargerð skipulagsins er vísað til þess að tiltekin svæði falli undir tillögur Náttúrufræðistofnunar um friðun svæða í B-deild náttúruminjaskrár , og virðist byggt á því sem meginrökstuðningi fyrir friðun eða skilgreiningu svæða í flokkinn “Umhverfi og náttúra”. Sá rökstuðningur er afar villandi því tillögur Náttúrustofnunar hafa enga lagalega þýðingu, þar sem þær hafa ekki fengið þá lögformlegu meðferð sem mælt er fyrir um í VI. kafla laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Alþingi Íslendinga hefur ekki fjallað um tillögurnar, sem er forsenda þess að þær taki gildi. Tillögurnar hafa því að ekkert lögformlegt gildi, og er ekki bindandi við gerð skipulags</p> <p>„Samkvæmt framangreindu styðjast tillögur svæðisráðsins ekki við gild vísindaleg rök, og hinar stórtæku friðanir, sem ráðgerðar eru í skipulagstillögunni, hafa enga raunverulega þýðingu fyrir afkomu þeirra dýrategund sem um er fjallað og tillögunum er ætlað að vernda. Tillögurnar brjóta því í bága við tvær grundvallareglur í stjórnsýslurétti, rannsóknaregluna og meðalshófsregluna. Skipulagstillagan styðst ekki við fullnægjandi greiningu á vísindalegum staðreyndum, samræmist ekki uppleggi umhverfismats og gengur miklu lengra en nauðsyn ber til. Fyllsta ástæða er til þess að efast um lögmæti tillögunnar“</p>	
<p>25</p>	<p>Ísafjarðarbær</p> <p>„Eins og fram kemur í greinargerð með strandsvæðaskipulaginu er svæði á náttúruminjaskrá aðliggjandi og inn á UN13, auk þess að svæðið nýtur hverfisverndar skv. Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Leirurnar njóta einnig verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga.</p> <p>Lagt er til að þar sem verndarmarkmiðum er náð með ofangreindum stefnum verði reitur UN13 endurskilgreindur sem A-reitur undir almenna nýtingu“</p>	<p>Svæðisráð telur að þau verndarsvæði sem liggja til grundvallar skilgreiningar reitsins í nýtingarflokki <i>umhverfi og náttúra</i> séu utan skipulagssvæðisins þar sem þau eru í botni Skutulsfjarðar og líkleg til að vera að stærstum hluta innan netlaga.</p> <p><u>Eftirfarandi breytingar verða gerðar á skipulagsupprætti:</u></p> <p>Reitur UN13 verður felldur niður og að Pollurinn verði hluti af reitnum A11 Skutulsfjörður.</p>
<p>26</p>	<p>Ísafjarðarbær</p> <p>„Reitur UN14 – Hestfjörður og Skötufjörður</p>	<p>Reglugerð um gerð strandsvæðisskipulags nr. 330/2020 skilgreinir þá nýtingarflokka sem sett er stefna um í strandsvæðisskipulagi. Um nýtingarflokkinn <i>umhverfi og náttúra</i> kemur skýrt fram að undir hann falla svæði með sérkenni sem</p>

<p>Bæjarstjórn telur flokkun reitsins að hluta til standa á veikum grunni þar sem einungis hluti strandlínunnar nýtur verndar samkvæmt annars vegar hverfisvernd Aðalskipulags Súðavíkurbreytinga og hins vegar samkvæmt náttúruvæðingum. Í tilfalli Skötufjarðar nýtur strandlínán engrar sérstakrar verndar utan hverfisverndarákvæða við Hvítanes. Það sem vakir fyrir bæjarstjórn er að benda á að hugmyndir hafa lengi verið um hófsama nýtingu í fjörðunum, eins og t.d. að mynda kræklingarækt. Bæjarstjórn bendir einnig á að ný þegar eru í gildi tvö leyfi til kræklingaræktunar í Skötufirði á svæðunum sem falla undir reit UN14.</p> <p>Reitur UN16 – Vatnsnes að Ósi við mynni Ísafjarðar</p> <p>Líkt og í athugasemd um reit UN14 telur bæjarstjórn að flokkun reitsins standi á veikum grunni, sérstaklega með tilliti til stærðar hans. Bæjarstjórn tekur undir friðunarákvæði í Mjóafirði, við Borgarey, Reykjanes og við Vatnsfjarðanes en sér ekki rök fyrir að girða fyrir hófsama starfsemi í Ísafirði.</p> <p>Í texta segir að Borgarey sé innan skipulagsreitsins, þá er vitnað í að innan hans sé friðlýst æðarvarp, það getur varla staðist því Borgarey og Vatnsfjarðanes eru innan Aðalskipulags Súðavíkurbreytinga 2018-2030. Svona misræmi er víða í greinargerðinni þar sem verið er að fjalla um svæði sem eru innan aðalskipulags sveitarfélagana. “</p> <p>Súðavíkurbreytingar</p> <p>„Skipulags-,bygginga-,umhverfis- og samgöngunefnd bendir á að skipulagsreitir UN14, UN15 og UN16 sem ná frá Vigur inn allan Hestfjörð (UN14), Ögur og Ögurnes (UN15) og Ísafjörður (UN16) eru um 50 ferkílómetrar. Hluta þess svæðis hefur Náttúrufræðistofnun lagt til að fari á B-hluta náttúruvæðingarákvæða vegna sela. Án frekari rannsókna finnst nefndinni svæðið allt of stórt. Sem dæmi telur nefndin að leyfa mætti ræktun kræklinga, þörungurækt og umhverfisvæna framleiðslu.“</p> <p>Vistum</p>	<p>ástæða er til að vernda vegna landslags eða náttúrulegs, sögulegs eða menningarleg gildis, án þess að um formlega friðun sé að ræða. Við afmörkun þeirra hefur því verið stuðst við útgefin gögn um þau svæði sem hafa rík sérkenni sem ástæða er til að vernda með einhverjum hætti.</p> <p>Tillögur Náttúrufræðistofnunar um B-hluta náttúruvæðingarákvæða eru góður grunnur til að afmarka þessi svæði þó þær séu enn tillögur og hafa ekki fengið formlega friðun. Tillögurnar eru byggðar á vísindalegum upplýsingum um staðsetningu, dreifingu og þéttleika vistgerða og búsvæða lífvera sem metin eru með hátt verndargildi samkvæmt faglegum viðmiðum sérfræðinga Náttúrufræðistofnunar Íslands og annarra stofnana og hafa einnig skýra skírskotun í alþjóðlega samninga og skuldbindingar Íslands hvað þá varðar. Upplýsingarnar eru því í senn áreiðanlegar og mikilvægar varðandi ákvarðanatöku um ráðstöfun þessara náttúrufræðingarákvæða. Þó formleg, lögfest verndun hafi ekki verið fest í sessi breytir það engu um gildi svæðanna né rýrir þær upplýsingar sem liggja að baki tilnefningu þeirra.</p> <p>Svæðisráð tekur undir að rétt sé að opnað sé fyrir sjálfbæra nýtingu á svæðum í nýtingarflokknum <i>umhverfi og náttúra</i> að undangengnu mati viðeigandi stofnana. Mikilvægt er að tryggja að nýting á UN reitum skerði ekki verndargildi, né hafi neikvæð áhrif á vistkerfi eða tegundir, t.d. með því að valda slyshættu eða truflunum, og að hún raski ekki upplifun á náttúrunni á svæðum með hátt gildi fyrir útivist.</p> <p><u>Eftirfarandi breytingar verða gerðar á almennum skipulagsákvæðum:</u></p> <p>Í kaflanum 4.2.1 <i>Umhverfi og náttúra</i>, verður bætt í almennum skipulagsákvæðum um efnistöku.</p> <p><u>Almenn skipulagsákvæði:</u></p> <p>Eftirfarandi skipulagsákvæði eiga almennt við á skipulagsreitum í nýtingarflokknum <i>Staðbundin nýting</i>:</p>
--	--

„Vistum sér mikla möguleika fyrir sjálfbæra ræktun og nýtingu á skelfisk og þörungum í Ísafjarðardjúpi. Hafsvæðið einkennist af næringarríkum sjó og skjólgóðum fjörðum. Það sem Ísafjarðardjúpi skortir í undirlendi, það vegur djúpið upp í bláum ökrum..“

Hábrún

Í álitinu er bent á að meginröksemdin fyrir friðun innfjarða Djúpsins sé sú að tryggja selum vernd í látrum og nærliggjandi grunnsævi og virðist þá forsendan sú að sjókvíar og starfsemi sem þeim tengist valdi truflun og geti verið skaðleg velferð sela á svæðinu. Vandinn er hins vegar sá að vísindaleg rök styðja ekki við þessa forsendu. Þvert á móti er ekkert sem bendir til þess „*að selir hræðist eða forðist tímabundin mannvirki í sjó svo sem fiskeldiskvíar og þörungarækt*“. Af þeim sökum er ályktað að tillaga svæðisráðsins muni í besta falli „*engu máli skipta varðandi afkomu sela*“.

Jafnframt er í álitinu bent á að tillagan geti haft neikvæð áhrif ef hún stuðlar að aukinni umferð ferðamanna á hinum friðuðu svæðum. Þar er vísað í rannsóknir sem sýna að truflun af völdum ferðamanna sé ógn við landsel í látrum. Tillaga svæðisráðsins getur því reynd haft þveröfug áhrif en að er stefnt.

Í álitinu er jafnframt bent á að skynsamlegri leið sé að takmarka aðgengi að svæðum næst sellátrum, t.d. með því að draga hringi með 150-250 m radíus umhverfis látrin og banna alla umferð þar nema með leyfi.

Skelrækt

„Skelrækt, samtök fyrirtækja í skelrækt, hefur nýlega borist upplýsingar um framangreinda tillögu að Strandsvæðisskipulagi Vestfjarða 2022. Þar m.a. hefur okkur verið tjáð að fram komi eftirfarandi setning:

“Til þess að viðhalda náttúrulegum aðstæðum er ekki gert ráð fyrir starfsemi á svæðinu sem hefur neikvæð áhrif á náttúru og umhverfi þess, svo sem fiskeldi, skeldýrarækt, haugsetningu, efnistöku, vegum sem þvera firði eða orkuframleiðslu.”

Almennt er ekki gert ráð fyrir ræktun eða öflun sjávargróðurs, **skeldýrarækt eða efnistöku**, en mögulegt er að veita slík leyfi falli starfsemin að áherslum nýtingarflokksins og umsagnir Náttúrufræðistofnunar og Hafrannsóknastofnunar mæla ekki gegn slíkri nýtingu.

	<p>Í þessu sambandi bendir Skelrækt á að ræktun skeldýra er afar vistvæn framleiðsla á heilnæmum sjávarafurðum og hægt er að koma henni fyrir þannig að hún valdi lítilli sem engri sjónrænni mengun né annarri mengun. Skeldýr eru ekki fóðruð með aðfluttu tilbúnu fóðri og veldur engum óafturkræfum áhrifum þar sem hægt er að fjarlægja allan búnað vegna ræktunarinnar. Þá gefur ræktun skeldýra möguleika á mikilli vistvænni tækniþróun, uppbyggingu atvinnuvega og atvinnusköpun á strandsvæðum hringinn í kringum landið“</p>	
<p>27</p>	<p>Ísafjarðarbær</p> <p>Borgarfjörður er merktur sem UN7 vegna selaláturs, það er nokkuð vel í lagt að merkja allan fjörðinn undir umhverfi og náttúru eingöngu vegna selaláturs, hægt er að minnka svæðið til að ná sömu markmiðum.</p> <p>Hafa ber í huga að í tillögu til strandsvæðaskipulags er tekið á þáttum eins og leirur, æðavarp og fjörur sem er innan skipulagsvalds sveitarfélaga“</p> <p>Orkubú Vestfjarða</p> <p>„Orkubú Vestfjarða gerir athugasemd við þann hluta reits UN7 sem liggur í Borgarfirði og leggur til að hann verði endurskipulagður sem A-reitur undir almenna nýtingu.</p>	<p>Svæðisráð tekur undir að sú skilgreining sem liggur að baki þeim hluta reits UN7 sem er í Borgarfirðinum hvílir á mun veikari grunni en fyrir Dynjandisvog. Borgarfjörður er ekki hluti af tillögu um friðlýsingu þjóðgarðs á Vestfjörðum. Í botni Borgarfjarðar er iðnaðarsvæði með orkuveri og áform uppi að bæta hafnaraðstöðu við Mjólka. Svæðisráð telur því eðlilegra að Borgarfjörður falli undir <i>almenna nýtingu</i>.</p> <p><u>Eftirfarandi breytingar verða gerðar á skipulagsupprætti:</u></p> <p>Afmörkun reits UN7 þannig að reiturinn sé einungis í Dynjandisvogi. Borgarfjörður verður þá hluti af A6.</p> <p><u>Eftirfarandi breytingar verða gerðar í skipulagsgreinargerð:</u></p> <p>Nafn og lýsing: UN7 Borgarfjörður og Dynjandisvogur.</p> <p>Aðliggjandi land í Dynjandisvogi er friðlýst vegna náttúruvættisins Dynjanda. Í veginum er fjölbreytt fuglalíf og leirurnar eru mikilvægar fæðustöðvar farfugla á vorin. Hið friðlýsta svæði er einnig hluti af tillögu að þjóðgarði á Vestfjörðum. Innan skipulagsreitsins í botni Dynjandisvogs eru leirur sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Aðliggjandi land í Borgarfirði er á náttúruminjasrá vegna landslags, jökulminja, plöntusteingervinga og gróðursældar. Í botni Borgarfjarðar er selalátur, aðliggjandi reitnum eru einnig leirur sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga.</p>

<p>28</p>	<p>Umhverfisstofnun „Dynjandisvogur og Borgarfjörður Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að skilgreina stærra hafsvæði sem náttúruverndarsvæði í þessum hluta Arnarfjarðar (af hverjum Dynjandisvogur og Borgarfjörður ganga inn af). Á svæðinu eru merkir staðir í bæði náttúrufars- og menningarsögulegu tilliti og þangað leggur fjölmargt ferðafólk leið sína ár hvert. Ákjósanlegt er að allt hafsvæði innan línu sem dregin er frá Langanesi og norður yfir fjörðinn verði skilgreint sem náttúruverndarsvæði en bæði Dynjandi og Hrafnseyri eru innan auglýstra marka þjóðgarðs á Vestfjörðum sem áformað var að stofna árið 2021. Ef af þjóðgarði verður mun hann að líkindum auka enn á aðdráttarafl svæðisins.“</p>	<p>Svæðisráð telur að ekki sé forsenda til að stækka reit UN7 enda er Borgarfjörður ekki hluti að tillögu um þjóðgarð á Vestfjörðum. Í botni Borgarfjarðar er iðnaðarsvæði með orkuveri og áform uppi að bæta hafnaraðstöðu við Mjólka. Svæðisráð telur því eðlilegra að Borgarfjörður falli undir <i>almenna nýtingu</i>, sbr. viðbrögð um umsögn nr. 27.</p> <p>Svæðisráð telur rétt að koma þurfi þeim upplýsingum um verndargildi aðliggjandi strandsvæðis í lýsingu reits A6.</p> <p><u>Eftirfarandi breytingar verða gerðar í skipulagsgreinargerð:</u></p> <p><u>Nafn og lýsing:</u> Borgarfjörður. og Dynjandisvogur</p> <p>Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 eru veiðar stundaðar á meirihluta skipulagsreitsins, aðallega rækjuveiðar en einnig línuveiðar. Innan reitsins eru takmarkanir á veiðum með dragnót samkvæmt reglugerð nr. 963/2019 og bann við veiðum á sæbjúgum samkvæmt reglugerð nr. 741/2019. Samkvæmt siglingagögnum frá PAME fyrir árin 2017-2020 er umferð skipa innan reitsins aðallega tengd ferðum inn í Dynjandisvog. Í norðanverðum firðinum er aðliggjandi svæði á náttúruminjaskrá (nr. 311), skaginn milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, vegna fjölbreytts landslags og gróðursældar. Landsvæðið er vinsælt göngusvæði og þar er m.a. hæsta fjall Vestfjarða, Kaldbakur. Aðliggjandi land í Borgarfirði er á náttúruminjaskrá vegna landslags, jökulminja, plöntusteingervinga og gróðursældar. Í botni Borgarfjarðar er selalátur, aðliggjandi reitnum eru einnig leirur sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga.</p>
<p>29</p>	<p>Bolungarvík Jökulfirðir og Aðalvík - reitir UN19 og UN20 Bæjarráð Bolungarvíkur tekur ekki undir flokkun svæðisráðs á fyrrnefndum reitum. Bæjarráð telur mikilvægt að útiloka ekki fiskeldi í Jökulfjörðum með því að vinna burðarþol og áhættumat á svæðinu.</p>	<p>Svæðisráð telur rétt að skilgreina Jökulfirði í nýtingarflokkinn <i>umhverfi og náttúru</i>, ekki síst vegna samspils milli lands og sjávar en eins og rakið er í tillögunni liggur friðlandið Hornstrandir að svæðinu, sunnan megin Jökulfjarða er Drangajökulssvæðið sem er á náttúruminjaskrá auk þess sem svæði hafa verið lögð til á B- hluta náttúruminjaskrár vegna fuglalífs. Sú stefna sem mörkuð er í strandsvæðisskipulaginu er í góðu samræmi við stefnu stjórnvalda</p>

<p>Bæjarráð tekur hinsvegar undir það sjónarmið sem kemur fram í skipulaginu að svæðið sé mikilvægt svæði fyrir ferðaþjónustu og vinsælt til útivistar og ferðamennsku. Það er hinsvegar skoðun bæjarráðs að ekki hafi verið skoðað nægilega ítarlega hvernig fiskeldi geti samrýmst þessu mikilvæga hlutverki Jökulfjarða. Ekkert í skipulaginu bendi til þess að ekki sé hægt að vinna að markmiðum þessara þátta samhliða þannig að hagsmunir samfélagsins og umhverfis fá að njóta vafans á sama tíma.</p> <p>Hábrún</p> <p>Skipulagstillaga svæðisráðs gerir ráð fyrir að Jökulfirðir verði í heild sinni settir í flokkinn “Umhverfi og náttúra”, sem hefur í för með sér að fiskeldi og sambærileg starfsemi verður óleyfileg á svæðinu.</p> <p>Tillagan er aðallega rökstudd með tilvísun til tillagna Náttúrufraeðistofnunar um B-hluta náttúruminjaskrár, en eins og áður er rakið hafa þær tillögur ekkert lagalegt gildi og eru óbindandi fyrir svæðisráðið. Svæðisráðinu ber því skylda til þess að leggja rök bundið, málefnalegt mat á það hvort forsendur séu fyrir friðun svæðisins.</p> <p>Í umhverfismati VSÓ er að finna valkostagreiningu fyrir Jökulfirði. Þar eru bornir saman tveir kostir, annars vegar kostur A, sem orðið hefur fyrir valinu og felur í sér að allir Jökulfirðir séu settir í verndarflokkinn “Umhverfi og náttúra”, og hins vegar kostur B sem opnar á fiskeldi og skylda starfsemi á svæðinu sem ekki eru inn á verndarsvæði sem markað er við strandlengju fjarðarins alls. Í greiningunni er bent á kostur B samræmist núverandi nýtingu auðlinda, ferðaþjónustu, siglingum og veiði, og að sá kostur styðji við atvinnuuppbyggingu á svæðinu. Auk þess er bent á að verndarsvæði sem afmarkað er meðferð ströndinni hafi jákvæð áhrif fyrir útivist og heilbriggt umhverfi.</p> <p>Samkvæmt þessu virðist kostur B fela í sér samþætt rök og sjónarmið, þar sem tillit er tekið til ólíkra hagsmuna, sem auk þess samræmist þeim markmiðum sem lagt er upp með í lögum um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018 þar sem í 1. gr. mælt er fyrir um að hafa skuli menningarlegar, félagslegar og</p>	<p>sem birtist m.a. í leiðarljósi fyrir friðlandið á Hornströndum; að halda í einstaka náttúru og dýralíf þar sem kyrrð ríkir og innviðir eru ekki áberandi. Stefna strandsvæðisskipulagsins er einnig í samræmi við skipulag aðliggjandi sveitarfélags sem er með hverfisvernd á svæðinu þar sem lögð er áhersla á að hlúa að núverandi óbyggðarupplifun. Svæðisráð hefur einnig haft til skoðunar umsögn Hafrannsóknarstofnunar við fyrirspurn Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins, þess efnis að stofnunin telur tilefni til þess að banna fiskeldi í sjókvíum í Jökulfjörðum. Þá hefur sú ferðaþjónusta sem nýtir óbyggðir Jökulfjarða vaxið að undanförunu og telur svæðisráð mikilvægt að í strandsvæðisskipulagi sé gert ráð fyrir vexti fjölbreyttra atvinnugreina.</p> <p>Svæðisráð bendir einnig á að markmið laga um skipulag haf- og strandsvæða er að veita grundvöll fyrir fjölbreyttri nýtingu en einnig vernd náttúru og menningarminja. Á Vestfjörðum eru fáir firðir þar sem ekki er stundað fiskeldi eða áform um það og er því ástæða til þess að viðhalda þeirri óbyggðarupplifun sem Jökulfirðir bjóða upp á og stuðla þannig bæði að fjölbreyttri nýtingu og vernd strandsvæða Vestfjarða. Þá vill svæðisráðið benda á að burðarþolsmat er ekki einungis rannsókn Hafrannsóknarstofnunar á því hvað tiltekin fjörður eða svæði þoli mikil lífrænt álag heldur einnig stefna stjórnvalda er varðar leyfisveitingar til staðbundinnar nýtingar fiskeldis.</p>
--	--

	<p><i>efnahagslegar</i> forsendur að leiðarljósi. Löggin gera ekki ráð fyrir að náttúrvernd og útivist trompi önnur sjónarmið.</p> <p>Í þessu samhengi er ástæða til þess að benda á að skipulagssvæðið í Jökulfjörðum sem um er að ræða fellur að mestu utan friðlands Hornstranda, og er því svæðisráðið óbundið af lagareglum þar af lútandi. Svæðisráðinu er því skylt að móta skipulagið í samræmi markmið laga nr. 88/2018, og leggja sjálfstætt og rökstutt mat á forsendur og hagsmuni þá sem í húfi eru.</p>	
<p>30</p>	<p>Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi</p> <p>„Samtökin telja ótímabært að taka ákvörðun um skilgreiningu Jökulfjarða undir nýtingarflokkinn Umhverfi og náttúra (UN19). Þess í stað leggja samtökin til að gerð strandsvæðisskipulags fyrir Jökulfirði verði frestað með vísan til 2. mgr. 13. gr. laga nr. 88/2018 um skipulag haf- og strandsvæða, sbr. og ákvæði I til bráðabirgða. Í athugasemdum við fyrrnefnda ákvæðið í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 88/2018 segir orðrétt:</p> <p>„Ef svæðisráð telur að á tilteknu svæði sé til staðar óvissa um atriði sem geta haft veruleg áhrif á framkvæmd skipulagsins getur svæðisráð frestað skipulagi þess svæðis, sbr. 2. mgr. <u>Dæmi um atriði sem geta valdið óvissu um framkvæmd skipulags er ef mikilvægar upplýsingar skortir um strandsvæðið.</u>“</p> <p>Af hálfu SFS er byggt á því að eftirfarandi mikilvægar upplýsingar skorti um atriði sem haft geta veruleg áhrif á framtíð svæðisins:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Ekki hefur verið lagt mat á hæfi Jökulfjarða til nýtingar undir fiskeldi með tilliti til burðarþols eða áhættumats erfðablöndunar. - Ekki hefur verið lagt mat á önnur vænt umhverfisáhrif fiskeldis í Jökulfjörðum og hvernig þau megi lagmarka eftir fremsta megni, t.d. með staðarvali og/eða sértækum leyfiskröfum. - Ekki hefur verið lagt mat á möguleg byggðaleg áhrif fiskeldis í Jökulfjörðum. - Ekki hefur verið lagt mat á vænta tekjuöflun ríkis- og sveitarfélaga af fiskeldi í Jökulfjörðum. 	<p>Svæðisráð telur enga ástæðu til að fresta skipulagsákvörðun fyrir Jökulfirði. Tillaga þess efnis að Jökulfirðir séu í nýtingarflokknum <i>umhverfi og náttúru</i> byggir einkum á samspili milli lands og sjávar. Líkt og rakið er í tillögunni liggur friðlandið Hornstrandir að svæðinu, sunnan megin Jökulfjarða er Drangajökulssvæðið sem er á náttúruminjaskrá auk þess sem svæði hafa verið lögð til á B-hluta náttúruminjaskrár vegna fuglalífs. Svæðisráð hefur einnig haft til skoðunar umsögn Hafrannsóknarstofnunar við fyrirsöfnun Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins, þess efnis að stofnunin telur tilefni til þess að banna fiskeldi í sjókvíum í Jökulfjörðum. Þá hefur sú ferðaþjónusta sem nýtir óbyggðir Jökulfjarða vaxið að undanförunu og telur svæðisráð mikilvægt að í strandsvæðisskipulagi sé gert ráð fyrir vexti fjölbreyttra atvinnugreina.</p> <p>Á Vestfjörðum eru fáir firðir eftir þar sem ekkert fiskeldi er stundað eða áform um að stunda og því enn meiri ástæða til þess að viðhalda þeirri óbyggðaupplifun sem Jökulfirðir bjóða upp á. Svæðisráðið bendir einnig á að burðarþolsmat er ekki einungis rannsókn Hafrannsóknarstofnunar á því hvað tiltekin fjörður eða svæði þoli mikil lífrænt álag heldur einnig stefna stjórnvalda er varðar leyfisveitingar til framkvæmda.</p> <p>Svæðisráð vill árétta að gerð skipulags byggir alltaf á fyrirliggjandi gögnum á hverjum tíma. Komi fram nýjar forsendur eða upplýsingar um strandsvæði Vestfjarða í framtíðinni verður metið hvort þær kalli á breytingar á strandsvæðisskipulagi Vestfjarða.</p>

	<p>Framangreindar upplýsingar verður að telja nauðsynlega forsendu þess að undirbyggja vísindalega og samfélagslega nálgun og tryggja upplýsta og malefnalega umræðu um framtíð Jökulfjarða. Ljóst má telja að sveitarfélög og íbúar við Ísafjarðardjúp eiga ríkra hagsmuna að gæta bæði af verndun náttúru og uppbyggingu á fiskeldi í Jökulfjörðum og því er sérstaklega mikilvægt að ákvörðun um framtíðarnýtingu svæðisins verði ekki tekin í flyti heldur að undangenginni ítarlegri vistfræðilegri skoðun og samráði við hagaðila.</p> <p>Rétt er að leggja áherslu á að í framangreindu felst engin fyrirfram tilætlan um að Jökulfirðir eða tiltekin svæði innan Jökulfjarða verði skilgreind undir staðbundna nýtingu fyrir fiskeldi. Þá er það jafnframt afstaða samtakanna að óháð niðurstöðu burðarþols og áhættumats verði ávallt að taka víðtækt tillit til sérstöðu svæðisins og ferðarþjónustu sem þar hefur byggst upp.“</p>	
31	<p>Arnarlax</p> <p>„Á það er bent í greinargerðinni að tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands um svæði sem vilji stendur til að séu á B-hluta náttúruminjasráðs byggjast oft á tilvísunum um mikilvæg fuglasvæði eða válista fugla. Rorum kemst að þeirri niðurstöðu að ólíklegt verði að teljast að fiskeldi í grennd við Tálkna (UN3, SN3, SN4) muni hafa neikvæð áhrif á varp fýls og hvítmáfs eins og byggt er á í tillögum svæðisráðs. Jafnframt megi telja líklegt að sama gildi fyrir Jökulfirði (UN19), þ.e. fýla- og hvítmáfsbyggðir í Vébjarnarnúpi, og fýlabyggð í Grænuhlíð, muni ekki verða fyrir áhrifum af starfsemi Arnarlax í Jökulfjörðum ef til kemur. Enn fremur virðist ljóst að víðtæk friðun á strandsvæði í Jökulfjörðum vegna straumandar skili ekki árangri, eins og rökstudd er í greinargerðinni. Sama megi segja um fleiri fuglategundir og því sé óþarft að setja stór svæði í friðunarflokk, vegna æðarfugls, hvítmáfs, lunda og teistu eins og ítarlega er fjallað í greinargerðinni“</p>	<p>Auglýst tillaga svæðisráðs gerir ráð fyrir að hægt sé að vera með fiskeldi við Tálkna en Náttúrufræðistofnun hefur bent á að ekki sé heppilegt að hafa sjókvíaelði með allmörgum kvíum nálægt sjófuglabyggðum. Almennt má þó segja að truflun í fuglabjörgun frá sjó hafi miklu meiri áhrif en truflun frá landi, þ.e. ef við miðum við sömu fjarlægðir. Því er venjan að hafa verndarjaðra tiltölulega rúma til sjávarins. Þess má geta að SPA (Special Protection Areas) víða í Evrópu styðjast við þessi mörk. Færð hafa verið góð rök fyrir því að færa jaðarinn utar (2 km), t.d. við fýlabyggðir á Hjaltlandseyjum, enda gegni næsta nágrenni byggðarinnar mikilvægu hlutverki sem hvíldar- og snyrtisvæði (sjá, https://data.jncc.gov.uk/data/f99aocc8-58bb-4d2b-b19c-fe61251d6663/JNCC-Report-358-FINAL-WEB.pdf). Það er því ekki hægt að einblína á frumþarfir eins og varp eða fæðuöflun þegar verndarjaðrar eru ákveðnar.</p> <p>Svæðisráð bendir á að Jökulfirðir eru ekki eingöngu skilgreindir í nýtingarflokkinn <i>umhverfi og náttúra</i> vegna fuglalífs heldur ekki síst vegna samspils milli lands og sjávar en eins og rakið er í tillögunni liggur friðlandið Hornstrandir að svæðinu, sunnan megin Jökulfjarða er Drangajökulssvæðið sem er á náttúruminjasráð auk þess sem svæði hafa verið lögð til á B- hluta</p>

		<p>náttúruminjaskrár vegna fuglalífs. Svæðisráð hefur einnig haft til skoðunar umsögn Hafrannsóknarstofnunar við fyrirspurn Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins, þess efnis að stofnunin telji tilefni til þess að banna fiskeldi í sjókvíum í Jökulfjörðum. Þá hefur sú ferðaþjónusta sem nýtir óbyggðir Jökulfjarða vaxið að undanförunu og telur svæðisráð mikilvægt að í strandsvæðisskipulagi sé gert ráð fyrir vexti fjölbreyttra atvinnugreina.</p>
<p>32</p>	<p>Sigurður Hreinsson</p> <p>„Verð að gera athugasemdir við stærð verndarsvæða við fjörur. Það væri amk gott að fyrir því væru einhver rök, hversvegna verndarbelti meðfram strandlengjum eru mis breið. Nú er til að mynda mjög mjó ræma með fram suðurströnd Arnarfjarðar, á meðan samsvarandi svæði þar fyrir sunnan eru uþb tvöfalt breiðari.</p> <p>Hver er ástæðan fyrir því að Borgarfjörðurinn er allur verndaður ? Nú er skilgreint iðnaðarsvæði í botni fjarðarins !</p> <p>Umfangsmikil friðun er sett í flestum fjörðum við sunnanvert Ísafjardardjúp, án sjáanlegrar ástæðu. Friðun sem kemur til með að hamla verulega vistvænni ræktun á þangi og krækling.</p> <p>Og svo eru það Jökulfirðirnir. Ekki svo að skilja að mér sé rosalega mikið í mun að þar fyllist allt af eldiskvíjum, en hinsvegar er alger rökleysa að loka þeim alveg fyrir hugsanlegu eldi og koma þannig í veg fyrir að svæðið sé burðarþolsmetið. Friðun Jökulfjarðanna er í raun stærri aðgerð en skilgreining á þeim sem part af óröskuðu víðerni, því Jökulfirðirnir á landi eru svo sannarlega ekki óraskaðir. Áhugavert væri hinsvegar ef það yrði tekið saman, hvaða staðir það eru í Jökulfjörðum sem hugsanlega gætu náð þeirri skilgreiningu. Í öllu falli þá er það dálítið spes ef að ferðaþjónusta sem gengur út á að selja gistingu í húsum á svæðinu, spillist við það að einhver starfsemi sé í nokkurra kílómetra fjarlægð, úti á sjó.“</p>	<p>Svæði í nýtingarflokknum <i>umhverfi og náttúra</i> taka mið af verndarsvæðum á landi og sjó og fer stærð þeirra eftir því um hverskonar svæði er ræða. Sem dæmi ná mikilvæg fuglasvæði einn kílómetra út frá strönd. Markmiðið er að ná utan um tiltekna heildir eins og mikilvæg fuglasvæði, landslagsheildir og vistgerðir. Í töflum fyrir aftan hvern stefnukafla í greinargerð með skipulaginu eru upplýsingar um forsendur fyrir skilgreiningu hvers svæði í viðkomandi nýtingarflokk. Í Borgarfirði er aðliggjandi land á náttúruminjaskrá vegna landslags, jökulminja, plöntusteingervinga og gróðursældar. Þar eru einnig selalátur og leirur sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga.</p> <p>Nýtingarflokkurinn <i>umhverfi og náttúra</i> kemur ekki í veg fyrir ræktun á þangi eins og fram kemur í almennum skilmálum nýtingarflokksins á bls. 18 í greinargerð auglýstrar tillögu. Gerðar verða frekari breytingar á skipulagsskilmálum þannig að einnig geti verið mögulegt að vera með skelrækt á UN reitum, sbr. viðbrögð við umsögn nr. 26.</p> <p>Tillaga þess efnis að Jökulfirðir séu í nýtingarflokknum <i>umhverfi og náttúra</i> byggir einkum á samspili milli lands og sjávar. Líkt og rakið er í tillögunni liggur friðlandið Hornstrandir að svæðinu, sunnan megin Jökulfjarða er Drangajökulssvæðið sem er á náttúruminjaskrá auk þess sem svæði hafa verið lögð til á B- hluta náttúruminjaskrár vegna fuglalífs. Svæðisráð hefur einnig haft til skoðunar umsögn Hafrannsóknarstofnunar við fyrirspurn Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins, þess efnis stofnunin telji tilefni til þess að banna fiskeldi í sjókvíum í Jökulfjörðum. Þá hefur sú ferðaþjónusta sem nýtir óbyggðir Jökulfjarða vaxið að undanförunu og telur svæðisráð mikilvægt að í</p>

		strandsvæðisskipulagi sé gert ráð fyrir vexti fjölbreyttra atvinnugreina.
33	<p>Minjastofnun</p> <p>„Til að hægt sé að stuðla að vernd menningarminja þarf að skrá þær. Slík vinna er hluti af því að lýsa umhverfi og aðstæðum á skipulagssvæðinu og er nauðsynleg til að hægt sé að gera grein fyrir áhrifum skipulagsins á menningarminjar. Slík skráning er einnig forsenda þess að hægt sé að bregðast við til verndar menningarminja. Heildarskráning minja liggur ekki fyrir en víða hafa skráningar farið fram í tengslum við önnur skipulagsverkefni auk þess að við stendur landsins er einnig að finna friðlýstrar fornleifar sem eru þekktar. Í lýsingunni er gert grein fyrir hvaða efnisþáttum er áformað að afla upplýsinga um til að fá yfirsýn yfir núverandi stöðu, styrkleika, áskoranir og tækifæri á skipulagssvæðinu. Ekki verður aðeins aflað gagna á fyrirhuguðu skipulagssvæði heldur einnig á jaðarsvæðum, 250m upp á land frá strandlínu og 1 sjómílu út fyrir ytri mörk skipulagssvæðisins. Slík gagnaöflun er mikilvæg, þar sem fornleifar við ströndina geta verið hluti af stærri heild sem teygir sig jafnvel upp á land og þá er í slíkum tilfellum nauðsynlegt að skrá þær sem heild, enda getur gildi og mikilvægi einstakra minja ráðist af þeirri minjaheild sem þær tilheyra. Í þingsályktun nr. 15/145 um</p> <p>Hér er um að ræða stefnumótandi skipulag og því gerir Minjastofnun sömu kröfur við gerð þessa skipulags eins og við aðalskipulagsgerð. Í 3. gr. um reglur um skráningu jarðfastra minja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019 þar sem fjallað er um skráningu í tengslum við aðalskiplagsgerð kemur fram að fornleifar, hús og mannvirki í þéttbýli og á svæðum þar sem fyrirhugaðar framkvæmdir sem valda jarðraski á skipulagstímanum skulu skráðar á vettvangi. Þar kemur einnig fram að þetta eigi við framkvæmdir í sjó og vötnum. Slík skráning er nauðsynleg til að hægt sé að vinna strandsvæðisskipulagið eins og lagt er til í lögum um haf- og strandsvæði. Líkt og kemur fram hér að ofan er það forsenda þess að hægt sé að vernda þær menningarminjar sem eru innan svæðisins og innan þess svæðis sem heimildaröflun mun ná til. Með slíkri skráningu gefst einnig</p>	<p>Svæðisráð tekur undir ábendingar Minjastofnunar um mikilvægi menningarlandslags á strandsvæðum og þekkingar á menningarminjum, áhrifum á þær og verndun. Varðandi ábendingu um skráningu menningarminja samkvæmt reglum nr. 620/2019 er bent á að reglurnar miðast við aðal- og deiliskipulagsgerð sveitarfélaga en ekki strandsvæðisskipulag.</p> <p>Svæðisráði er kunnugt um að <i>Menningararfurinn – Stefna um varðveislu og aðgengi</i> hafi verið samþykkt árið 2021. Í ljósi markmiða stefnunnar og laga nr. 88/2018 telur svæðisráð að endurskoða þurfi lögin um menningarminjar með hliðsjón af ofangreindu. Einnig telur svæðisráð rétt að áður en leyfi til framkvæmda verði veitt á skipulagssvæðinu, fari fram könnun á því hvort fyrir hendi séu fornleifar á svæðinu og, ef svo er, að þær verði skráðar. Slík könnun gæti t.d. verið liður í umhverfismati tiltekinnar framkvæmdar.</p>

	<p>möguleiki á að lýsa umhverfi svæðisins og mun skráning nýtast þegar ítarlegra skipulag verður unnið innan þess, hvort sem um er að ræða deiliskipulag eða leyfi til framkvæmda. Líkt og kemur fram í reglum um skráningu jarðfastra menningarminja skal afmörkun svæðis til skráningar vera unnin í samráði við minjavörð viðkomandi minjasvæðis.</p> <p>Við gerð strandsvæðisskipulags Vestfjarða er horft til þeirra stefnu sem liggur fyrir í öðrum áætlunum stjórnvalda sem varða nýtingu og vernd á strandsvæðum og nágrenni þeirra. Engin þeirra snýr að menningarminjum. Minjastofnun vill benda á að verið er að vinna stefnumótun fyrir málaflökkinn.“</p> <p>Karen Rau</p> <p>„There is a mention of underwater cultural heritage, but data was unavailable. Does this mean it will be dismissed from lack of data or will there be further studies so as not to disturb (and preserve) any possible heritage sites“</p>	
<p>34</p>	<p>Umhverfisstofnun</p> <p>„Í greinargerð með strandsvæðisskipulaginu segir meðal annars (bls. 16): „Rannsókn hefur staðið yfir á neðansjávarminjum við Ísland síðan 2010 og er markmið hennar meðal annars að fá yfirlit yfir fjölda, eðli og ástand neðansjávarminja við landið. Í rannsókninni er lögð áhersla á skipsflök og minjar við verslunarstaði og hvalveiðistöðvar.“ Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að ekki kemur nánar fram um hvaða rannsókn er að ræða né heldur hvenær niðurstaðna er að vænta.“</p>	<p>Tekið er undir mikilvægi þess að vísa til heimilda. Vísað er til skýrslu Ragnars Edvardssonar um neðansjávarminjar í Tálknafirði og Patreksfirði en í þeirri skýrslu er að finna upplýsingar um að hann vinni að rannsóknum á neðansjávarminjum við strendur Íslands.</p> <p><u>Eftirfarandi breytingar verða gerðar í skipulagsgreinargerð:</u></p> <p>Bæta við heimild í texta skipulagsgreinargerðar um neðansjávarminjar á bls. 16:</p> <p><i>Ragnar Edvardsson, 2014. Greinargerð um neðansjávarminjar í Tálknafirði og Patreksfirði: Vegna tilvonandi fiskeldis í Tálknafirði og Patreksfirði.</i></p>
<p>35</p>	<p>Háskólasetur Vestfjarða</p> <p>„Skilgreining og afmörkun á <i>auðlind</i>. Betri skilgreiningu vantar í kafla um nýtingu auðlinda almennt varðandi svæði eða öllu heldur rými og þá sér í lagi með tilliti til</p>	<p>Tillaga að strandsvæðisskipulagi er grundvölluð á lögum um skipulag haf- og strandsvæðis nr. 88/2018 og reglugerð um gerð strandsvæðisskipulags nr. 330/2020. Í reglugerðinni eru settir fram flokkar um mismunandi nýtingu strandsvæðisins alls.</p>

<p>vatnssúlu ofan á ákveðnu svæði. Vatnssúlan sjálf getur verið auðlind, hún inniheldur til að mynda súrefni. Sömuleiðis mætti skerpa á skilgreiningu á auðlind varðandi nýtingu sem er hvorki í atvinnuskyni né náttúruvernd: Útsýnið, kyrrð, útivist er oft litið á sem auðlind og væri forvitnilegt að vita hvort strandsvæðisskipulagið deili þeirri sýn. Samráðskortið um nýtingu auðlinda (Afrakstur samráðs, bls. 11) bendir til að svo sé ekki, en skilgreining á auðlind er meginforsenda til að skilja tillöguna. Sama er að segja um kafla 7.3 í Tillögu, þar sem nýting útsýnis frá landi er greinilega ekki staðbundin nýting.</p> <p>Það að skilgreining á náttúruauðlindum virðist útiloka auðlindir sem eru hvorki notaðar í atvinnuskyni né falla undir náttúruvernd setur þær á lægri stall en hinar. Matið bak við þessa ákvörðun þarf að koma fram, annars leikur grunur á að um ómeðvitað mat sé að ræða“</p>	<p>Hefðbundin auðlindanýting er fyrirferðarmikil enda er tillögunni ætlað að taka mið af núverandi nýtingu og fyrirbyggjandi stjórnvaldsákvörðun um framtíðarnýtingu. Nýtingarflokkur <i>umhverfi og náttúru</i> tekur m.a. til þeirra þátta sem ábending Háskólaseturs Vestfjarða lýtur að, þ.e. útsýni, kyrrð og útivist.</p> <p>Í stefnu um hefðbundna auðlindanýtingu, kafla 6, er sett fram markmið um að stuðlað verði að fjölbreyttri nýtingu og sveigjanleika. Markmiðið um sveigjanleika er m.a. sett fram til að mæta nýjungum í auðlindanýtingu þar sem búast má við að hún þróist á komandi árum.</p>
--	---

Siglingar

Nr.	Umsagnaraðili og umsögn	Viðbrögð svæðisráðs
36	<p>Vegagerðin</p> <p>„Afmörkun svæða til siglinga</p> <p>Í kafla 5.1 er fjallað um afmörkun á svæðum til siglinga og vitnað til reglna frá Kystverket í Noregi: [...]</p> <p>Vegagerðin vill benda á að það sem átt er við með afmörkun svæða til siglinga er að á þeim svæðum hefur Kystverket einhvers konar forsjá, Kystverket þarf að samþykkja starfsemi sem fer inn á svæðið. Reglurnar kveða hins vegar skýrt á um að ákvörðun á breidd siglingarena skuli byggja á viðmiðunum sem settar eru fram af PIANC Working Group 49 í Harbour Approach Channels – Design Guidelines. Þær viðmiðanir byggja á að hönnunarskip sé valið fyrir siglingarleiðina byggt á áætluðum siglingum. Breidd innsiglingar er síðan reiknuð út frá breidd hönnunarskips, hraða</p>	<p>Reitir fyrir siglingar ná yfir svæði frá höfnum í ystu mörk skipulagssvæðisins. Við vinnslu strandsvæðisskipulagsins var leitað eftir íslenskum viðmiðum um breiddir siglingaleiða en slík eru ekki fyrir hendi fyrir utan viðmið um innsiglingar í hafnir. Líkt og kemur fram í greinargerð var horft til viðmiða Kystverket í Noregi, við mörkun reita fyrir siglingar en þeir reitir þrengjast vegna ytri aðstæðna þegar kemur að innsiglingu í hafnir.</p>

	þess og stjórnhæfni, umhverfisaðstæðum, botngerð, siglingarmerkingum og því hvort gert sé ráð fyrir að skip mætist.“	
37	<p>Hjörleifur Finnsson</p> <p>„Við Yfirlestur á strandsvæðaskipulaginu kemur í ljós að í Önundarfirði er ekki gert ráð fyrir siglingum inn að Holtsbryggju. Mikilvæg siglingaleið liggur frá Flateyri í Holtsbryggju, þar sem hún er notuð sem öryggisleið þegar vegurinn um Hvilftarströnd lokast vegna snjóflóðahættu eða vegna neyðarástands vegna snjóflóða. Því þarf að breyta skipulagsreitnum S14 þannig að hann nái inn að Holtsbryggju og lýsingin taki til ofangreinds.“</p>	Svæðisráð tekur undir að í strandsvæðisskipulagi Vestfjarða verði gerð grein fyrir bryggju í Holti í Önundarfirði ásamt öðrum þeim höfnum sem skilgreindar eru í hafnarreglugerðum sveitarfélaga, sbr. viðbrögð við umsögn nr. 39.
38	<p>Landhelgisgæslan</p> <p>„Almannaöryggi</p> <p>Öruggar siglingarleiðir eru þáttur í almannaöryggi en þær eru ekki aðeins mikilvægar sjófarendum heldur einnig almenningi og viðbragðsaðilum líkt og Landhelgisgæslunni.</p> <p>2.1 Aðgengi að höfnum</p> <p>Mikilvægt er að tryggður sé öruggur og greiður aðgangur til og frá öllum höfnum, ekki aðeins stærri höfnum. Með því væri hægt að bregðast við í kjölfar náttúruhamfara eða annars ófyrirséðs neyðarástands þar sem viðbrögð við hættuástandi gætu falið í sér aðkomu viðbragðsaðila, nauðsynlegan flutning íbúa og/eða búnaðar með skipum. Taka þarf tillit til þess að slíkt hættuástand getur skapast á svæðum þar sem almennt er ekki mikil skipaumferð.</p> <p>Telja verður það ágalla að siglingasvæði virðast í tillögunni aðallega miðuð við þyngstu umferð skipa eins og hún er í dag (byggt á ferilvöktunargögnum, AIS) en ekki raunverulegri þörf á að tryggja öruggar siglingaleiðir til og frá öllum höfnum.</p> <p>Einnig verður að telja það ágalla að því leyti að atvinnurekstur á svæðinu hefur í einhverjum tilfellum þrengt verulega að siglingaleiðum og ferilvöktunargögn sýna því ekki endilega bestu eða öruggustu siglingaleiðirnar.</p> <p>Landhelgisgæslan hvetur því svæðisráð og Skipulagsstofnun til þess að leggja heildstætt mat á siglingasvæði í</p>	Svæðisráð bendir á að reitir til siglinga hafa verið skilgreindir til allra hafna í grunnneti þannig að aðkoma sé sem best tryggð. Fulltrúar í svæðisráði ítreka að mikilvægt sé að unnið verði nánar að viðmiðum um afmörkun siglingaleiða og að nánari rýni á staðsetningu fiskeldisáforma með tilliti til siglingaöryggis í umhverfismati hvernar framkvæmdar, m.a. með hliðsjón af umfangi umferðar og öryggishlutverki hafna. Þar beri að hafa samráð við m.a. Vegagerðina, Samgöngustofu og Landhelgisgæsluna.

	<p>strandsvæðisskipulagi svæðisins ekki aðeins út frá mestu umferð skipa eins og hún er í dag, heldur út frá almannaoöryggi og hvernig það verður best tryggt.“</p>	
<p>39</p>	<p>Vegagerðin „Siglingar Undir nýtingarflokknum Siglingar (SI) er í reit SI6 kemur fram að í Vigur sé lítil höfn og áætlunarferðir þangað yfir sumartímann. Vegagerðin spyr hvort ekki sé ástæða til að nefna svipaða aðstöðu í Æðey undir liðnum UN18“</p>	<p>Siglingaleið að Vigur er merkt inn á uppdrátt þar sem reglubundnar áætlunarsiglingar eru til eyjarinnar. Á skipulagssvæðinu eru nokkrar litlar hafnir en ekki eru merktir ákveðnir reitir til siglingar að þeim. Æðey og Örlygshöfn eru dæmi um slíkar hafnir. Örlygshafnar er getið í lýsingu á almennri nýtingu en svo er ekki með Æðey og fleiri hafnir sem skilgreindar eru í hafnarreglugerðum sveitarfélaga. Bætt verður úr því.</p> <p><u>Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lýsingu á reit A6 – Borgarfjörður-Dynjandisvogur:</u></p> <p>Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 eru veiðar stundaðar á meirihluta skipulagsreitsins, aðallega rækjuveiðar en einnig línuveiðar. Innan reitsins eru takmarkanir á veiðum með dragnót samkvæmt reglugerð nr. 963/2019 og bann við veiðum á sæbjúgum samkvæmt reglugerð nr. 741/2019. Samkvæmt siglingagögnum frá PAME fyrir árin 2017-2020 er umferð skipa innan reitsins aðallega tengd ferðum inn í Dynjandisvog. Í norðanverðum firðinum er aðliggjandi svæði á náttúruminjaskrá (nr. 311), skaginn milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, vegna fjölbreytts landslags og gróðursældar. Landsvæðið er vinsælt göngusvæði og þar er m.a. hæsta fjall Vestfjarða, Kaldbakur. Við Mjólka er ferjubryggja sem er hluti af starfssvæði hafna Ísafjarðarbæjar samkvæmt hafnarreglugerð.</p> <p><u>Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lýsingu á reit A7 – Dýrafjörður:</u></p> <p>Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 eru veiðar stundaðar á öllum skipulagsreitnum utan við Höfðaodda. Aðallega hefur verið veitt með krók og dragnót en einnig á línu, í net og með plóg. Á reitnum eru takmarkanir á veiðum með dragnót samkvæmt reglugerð nr. 963/2019 og hluti reitsins er lokaður fyrir veiðum á sæbjúgum samkvæmt reglugerð nr. 741/2019. Í sunnanverðum firðinum er aðliggjandi svæði á náttúruminjaskrá (nr. 311), skaginn milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, vegna fjölbreytts landslags og gróðursældar.</p>

Landsvæðið er vinsælt göngusvæði og þar er m.a. hæsta fjall Vestfjarða, Kaldbakur. **Við Gemlufall er ferjubryggja sem er hluti af starfssvæði hafna Ísafjarðarbæjar samkvæmt hafnarreglugerð.**

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lýsingu á reit A8 – Önundarfjörður:

Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 eru veiðar stundaðar á nær öllum skipulagsreitnum utan við Hjarðardal. Aðallega er veitt með dragnót og línu en einnig hafa verið stundaðar neta- og krókaveiðar. Á reitnum eru takmarkanir á veiðum með dragnót samkvæmt reglugerð nr. 963/2019 og hluti reitsins er lokaður fyrir veiðum á sæbjúgum samkvæmt reglugerð nr. 741/2019. Í sunnanverðum firðinum eru tvö mikilvæg fuglasvæði, Barði og Hrafnskálarnúpur. Þessi svæði eru mikilvægar fýlabyggðir. Í samráði við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum kom fram að innan reitsins væri stunduð ýmis afþreying, s.s. kajaksiglingar, brimbrettaiðkun og sjósund, en einnig nýttjar eins og æðardúnstekja og þang- og þaratekja. **Við Holt er ferjubryggja sem er hluti af starfssvæði hafna Ísafjarðarbæjar samkvæmt hafnarreglugerð.**

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lýsingu á reit UN10 – Botn Önundarfjarðar/Vöð:

Á hluta skipulagsreitsins liggur fyrir tillaga Náttúrufræðistofnunar um tilnefningu á B-hluta náttúruminjaskrár vegna vistgerða. Stór hluti skipulagsreitsins er einnig á náttúruminjaskrá vegna fjölbreytts lífríkis. Reiturinn er innan hverfisverndarsvæðis samkvæmt Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 vegna fjöru, grunnsæva og fjölbreytts lífríkis. Leirur og sjávarfítjar innan reitsins njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Innan reitsins eru selalátur. Í samráði við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum kom fram að æðardúnstekja væri við Hjarðardal og þar nærri væri einnig stundað sjósund og fjörur nýttar til útivistar. Þjóðvegur 1 þverar reitinn en meðfram honum liggur raforkustrengur. Þá liggja einnig fjarskipta- og raforkustrengir um reitinn við Holtstanga og í botni fjarðarinnar liggur loftlína yfir reitnum. Á þessum stöðum eru afmörkuð þrjú svæði fyrir nýtingarflokkinn Lagnir og vegir,

LV11, LV12 og LV13. Við Holt er ferjubryggja sem er hluti af starfssvæði hafna Ísafjarðarbæjar samkvæmt hafnarreglugerð.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lýsingu á reit A14 – Innanvert Ísafjarðardjúp:

Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa veiðar verið stundaðar á mestöllum skipulagsreitnum, aðallega rækjuveiðar við minni Ísafjarðar og Mjóafjarðar innan við Kaldalón en einnig línu- og krókaveiðar á Æðeyjarsundi. Veiðar með dragnót eru óheimilar á reitnum að undanskildum litlum hluta við mynni Ísafjarðar þar sem þær eru takmarkaðar samkvæmt reglugerð nr. 963/2019. Á Æðeyjarsundi er rannsóknarsvæði Hafrannsóknastofnunar. **Á reitnum eru leyfi til fiskeldis sem eru til endurskoðunar vegna tilfærslu.** Umferð um innanvert Ísafjarðardjúp einkennist af skipum sem eru undir 1000 tonnum en einstaka skemmtiferðaskip hefur lagt leið sína inn að Borgarey. Umferð skipa takmarkast af grynningum og skerjum en staðbundin nýting með föstum búnaði takmarkar enn frekar siglingar um svæðið. Aðliggjandi, við mynni Mjóafjarðar, er svæði sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur lagt til að færa á B-hluta náttúruminjaskrár vegna selalátra. **Í Æðey og á Bæjum er ferjubryggja sem er hluti af starfssvæði hafna Ísafjarðarbæjar samkvæmt hafnarreglugerð.**

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á lýsingu reit UN18 – Æðey:

Skipulagsreiturinn er innan svæðis sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að fari á B-hluta náttúruminjaskrár vegna fuglalífs. Æðey og svæðið í kring er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði. Þar er einnig friðlýst æðarvarp. Innan skipulagsreitsins liggja fjarskipta- og raforkustrengir, en um þá er afmarkað svæði fyrir lagnir og vegi, LV25. **Í Æðey er ferjubryggja sem er hluti af starfssvæði hafna Ísafjarðarbæjar samkvæmt hafnarreglugerð.**

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á lýsingu á reit A15 – Utanvert Ísafjarðardjúp:

Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 eru stundaðar veiðar á öllum skipulagsreitnum. Stundaðar eru króka-, línu-, dragnóta- og netaveiðar auk veiða

		<p>með rækjuvörpu. Á reitnum eru sex rannsóknarsvæði Hafrannsóknastofnunar, úti fyrir Vigur, Arnarnesi, Bolungarvík, og við Grænuhlíð. Utan við Bolungarvík er leyfi til losunar efnis í hafið. Mikil umferð stærri og minni skipa er um utanvert Ísafjarðardjúp á leið til hafnar í Bolungarvík og á Ísafirði en skipaumferð minnkar eftir því sem innar dregur. Aðliggjandi landsvæði á Snæfjallaströnd er á náttúruminjaskrá vegna fjölbreytts og mikilfenglegs landslags með hrikalegum fjöllum, ýmsum berggerðum, jökulgörðum og óshólmum auk fjölskrúðugs gróðurs og dýralífs. Aðliggjandi landsvæði nýtur einnig hverfisverndar í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 og hefur Náttúrufræðistofnun tilnefnt svæðið á B-hluta náttúruminjaskrár, m.a. vegna landmótunar. Í samráði við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum kom fram að reiturinn væri nýttur til skemmtisiglinga, þ.m.t. á seglbátum og kajökum, auk þess sem að reitnum liggja vinsæl svæði til göngu og annarrar útivistar á landi. Þá er reiturinn nýttur á ýmsa vegu, s.s. til sjóstangveiði og þara- og þangtekju, samkvæmt samráði við gerð strandsvæðisskipulags. Við Hnífsdal er bryggja sem er hluti af starfssvæði hafna Ísafjarðarbæjar samkvæmt hafnarreglugerð.</p>
40	<p>Landhelgisgæslan</p> <p>„Mikilvægt er að hafa í huga að siglingaleiðir hafa ekki verið skilgreindar sérstaklega í skipulagi áður og meginreglan sú að sjófarendur hafa mátt telja allt hafið til siglingasvæðis. Siglingasvæði hafa nú verið afmörkuð sérstaklega í tillögu að strandsvæðisskipulagi svæðisins en Landhelgisgæslan telur að öryggi siglinga sé ekki nægilega vel tryggt samkvæmt þeim afmörkunum.</p> <p>Landhelgisgæsla telur einnig rétt að benda á að Samgöngustofu hefur með lögum verið falið að kveða á um skipulag umferðar á sjó og hefur Samgöngustofa tilkynnt um áform um ákvörðun siglingaleiða á innsævi við Ísland sbr. 4. gr. laga nr. 119/2012 og boðið Landhelgisgæslunni að taka þátt í starfshóp í tengslum við þá vinnu. Mikilvægt er að strandsvæðisskipulag svæðisins samræmist fyrirhugaðri ákvörðun Samgöngustofu um siglingaleiðir.“</p>	<p>Svæðisráð telur að vinna við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum hafi veitt betri yfirsýn yfir starfsemi á strandsvæði Vestfjarða og dregið fram þá hagsmunaárekstra sem eru á svæðinu. Innviðaráðherra skipaði starfshóp um öryggi siglinga eftir að Vegagerðin og Samgöngustofa gerðu athugasemdir við tillögur að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða, þess efnis að reitir fyrir staðbundna nýtingu sem byggja á staðsetningu útgefina leyfa til fiskeldis, liggja á svæðum sem samkvæmt vitakerfi landsins eru ætluð til siglinga. Svæðisráð hefur haft niðurstöður starfshópsins til hliðsjónar við mótun endanlegrar tillögu að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða.</p> <p>Svæðisráð telur mikilvægt að í framhaldi af þeirri vinnu sem fram hefur farið í tengslum við gerð strandsvæðisskipulags, að unnið verði að frekari viðmiðum um afmörkun leiða til siglinga.</p>

<p>41</p>	<p>Landhelgisgæslan</p> <p>„Taka þarf tillit til þess að sjófarendur líta svo á að allt hafið geti talist til siglingasvæðis. Almenn t líta sjófarendur svo á að það svæði sem helgað er með hvítum ljósgeira vita og leiðarljósa í sjónarlengd þeirra, ásamt ljósduflum og sjó- og leiðarmerkjum marki siglingaleiðir til og frá höfnum landsins. Einnig hefur verið stuðst við gögn sem sýna skipaferla og þéttleika þeirra til glöggvunar á þeim svæðum þar sem umferð er hvað mest. Hér ber þó að hafa í huga, líkt og nefnt er að ofan, að tryggja þarf örugga siglingu til og frá höfnum sem alla jafna er lítil umferð um en geta gegnt lykilhlutverki ef til almannavarnarviðburðar kemur sem kalla á aðkomu viðbragðsaðila eða flutning fólks eða búnaðar á sjó.</p> <p>Vert er að benda á að í lögum nr. 132/1999 um vitamál segi í 1. mgr. 4.gr. að óheimilt er að byggja hús eða mannvirki sem skyggt gætu á leiðarmerki frá sjónum á þeim boga sjóndeildarhringsins þar sem því er ætlað að þjóna sjófarendum, og hæfilega langt til beggja handa. Landhelgisgæslan lítur svo á að framangreint ákvæði eigi einnig við um hvers kyns mannvirki í sjó m.a. sjókvíar.</p> <p>Landhelgisgæslan telur afar mikilvægt að tryggja hæfilega fjarlægð mannvirkja í sjó frá siglingaleiðum. Í 35. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi er kveðið á um að óheimilt er að stunda veiðar nær jaðri sjókvíaeldisstöðvar en 150 m eða sigla nær jaðri sjókvíaeldisstöðvar en 50 m. Í tillögu að strandsvæðisskipulagi svæðisins er í einhverjum tilvikum gert ráð fyrir því að þar sem leyfissvæði fiskeldis liggur að hvítum ljósgeira vitaljósa skuli leyfissvæði fiskeldis ekki vera nær mörkum ljósgeirans en 50m.</p> <p>Að mati Landhelgisgæslunnar eru 50 m hins vegar ekki nægt svigrúm til að tryggja öryggi á siglingaleiðum og þá sérstaklega siglingaleiðum stærri skipa. Mikilvægt sé að tryggja að leyfissvæði fiskeldis og mannvirki á sjó séu ekki heimiluð innan skipulagssvæðis þar sem hætta getur skapast fyrir sjófarendur.</p> <p>Landhelgisgæslan hefur áhyggjur af því að umferð sjófara sé of þröngur stakkur sniðinn í tillögu að strandsvæðisskipulagi svæðisins. Svæði afmarkað fyrir skipaumferð ætti ekki að vera afmarkað út frá því lármarkssvæði sem skip þarf til að geta athafnað sig við bestu mögulegu aðstæður heldur þarf að gera ráð fyrir því</p>	<p>Svæðisráð telur að vinna við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum hafi veitt betri yfirsýn yfir starfsemi á strandsvæði Vestfjarða og dregið fram þá hagsmunaaárekstra sem eru á svæðinu. Innviðaráðherra setti á fót starfshóp sem skilaði tillögum til svæðisráðs um hvernig auka megi siglingaöryggi. Tillögurnar taka bæði til breytinga á auglýstri tillögu en einnig beinna aðgerða með bættum leiðamerkingum á sjó sem siglingayfirvöld munu hafa eftirlit með. Svæðisráð hefur haft niðurstöður starfshópsins til hliðsjónar við mótun endanlegrar tillögu að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða.</p> <p>Svæðisráð bendir á að starfshópur um öryggi siglinga, sjá athugasemd nr. 46, lagði til breytingar á almennum skilmálum fyrir staðbundna nýtingu þar sem kveðið er á um gerð áhættumats siglinga við ákvörðun um búnað eða starfsemi innan reita. Áhættumat getur leitt í ljós að fjarlægð frá hvítum ljósgeira þurfi að vera meiri en 50 m.</p> <p>Svæðisráð ítrekar mikilvægi þess að unnið verði nánar í viðmiðum um afmörkun siglinga og nánari rýni á staðsetningu fiskeldisáforma með tilliti til siglingaöryggis í umhverfismati hvernar framkvæmdar, m.a. með hliðsjón af umfangi umferðar og öryggishlutverki hafna.</p>
------------------	--	--

	<p>svæði sem nauðsynlegt gæti reynst skipum til að athafna sig í við þær verstu, enda verður öryggi sjófarenda ekki tryggt á anna máta. Sem dæmi má nefna að ef skip siglir á 10 hnúta hraða siglir það um 18520 m á klukkustund. Það siglir 309 m á einni mínútu. Það gera 5,1 m á hverri sekúndu. Það tekur því skipið innan við 10 sekúndur að sigla þessa 50 m. Það er afar stuttur viðbragðstími ef eitthvað fer úrskeiðis.</p> <p>Að mati Landhelgisgæslunnar er rík ástæða til að stækka öryggisvæði siglingaleiða fjórfalt, úr 50 m í a.m.k. 200 m, til þess að gefa sjófarendum nauðsynlegan viðbragðstíma, t.d. til stefnubreytingar eða til að koma út akkeri.</p> <p>Samkvæmt töflum úr alþjóðlegum leitar- og björgunarhandbókum má ætla að meðalstór fiskiskip og flutningaskip sem verða aflvana reki undan vindi með 1 hnúta hraða þegar vindur hefur náð 20 hnútum eða sem svarar um 10 m/s. Það gæti því tekið skip um 100 sekúndur að reka 50 m eða innan við tvær mínútur. Við slíkar aðstæður gefst lítill tími til að bregðast við.</p> <p>Landhelgisgæslan leggur því til að í strandsvæðiskipulaginu sé ávallt gert ráð fyrir því að leyfissvæði fiskeldis og mannvirki í sjó, skuli ekki vera nær siglingaleiðum stærri skipa en 200 metra og að við ákvörðun um leyfisveitingar skuli leita umsagnar Landhelgisgæslunnar og Samgöngustofu um staðsetningu leyfissvæða fiskeldis, þar á meðal staðsetningu sjókvía og festinga innan leyfissvæðisins.</p>	
<p>42</p>	<p>Umhverfisstofnun</p> <p>„Umhverfisstofnun telur að ef sú starfsemi sem skilgreind er innan reita fyrir staðbundna nýtingu eigi að hafa forgang fram yfir aðra nýtingu þá verði að meta hvaða áhrif breyttar siglingaleiðir og nálægð við starfsemina hafi, bæði á siglingaöryggi og mögulega mengunarhættu. Umhverfisstofnun tekur undir það sem fram kemur í greinargerðum skipulagstillagnanna að í strandsvæðisskipulagi sé mikilvægt að skilgreina hindrunarlaus svæði sem ætluð eru til siglinga til þess að tryggja örugga og greiða leið í og úr höfn.“</p>	<p>Svæðisráð tekur undir sjónarmið Umhverfisstofnunar að meta þarf hver áhrif sjókvíeldis eru á siglingar og mögulega mengunarhættu. Mikilvægt er að það sé gert í umhverfismati hverrar framkvæmdar fyrir sig.</p> <p>Innviðaráðherra skipaði starfshóp um öryggi siglinga eftir að Vegagerðin og Samgöngustofa gerðu athugasemdir við tillögur að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða, þess efnis að reitir fyrir staðbundna nýtingu sem byggja á staðsetningu útgefinna leyfa til fiskeldis liggja á svæðum sem samkvæmt vitakerfi landsins eru ætluð til siglinga. Svæðisráð hefur haft niðurstöður starfshópsins til hliðsjónar við mótun endanlegrar tillögu að</p>

		strandsvæðisskipulagi Vestfjarða. Starfhópurinn lagði m.a. til að kveðið yrði á um gerð áhættumats siglinga við ákvörðun um búnað eða starfsemi innan reita, sjá nánar viðbrögð við athugasemd nr. 46.
43	<p>Samgöngustofa</p> <p>„Í drögunum eru lagðar út siglingaleiðir auk þess sem önnur starfsemi í fjörðum og flóum er einnig skipulögð. Á ýmsum stöðum í drögunum rekast siglingaöryggi og skipulögð eldisstarfsemi á. Má þar nefna Seyðisfjörð, Reyðarfjörð og Ísafjarðardjúp en á þessum stöðum hafa svæði undir fiskeldi verið skipulögð þannig að þau eru hindrun fyrir siglingar eftir hefðbundnum leiðum.</p> <p>Vaxandi ásókn er í notkun strandsvæða við Ísland á sama tíma og umferð stórra skipa til hafna landsins hefur aukist. Óhjákvæmilegt er að hagsmunir rekist á þegar notkun hafsvæða þrengir að hefðbundnum siglingaleiðum, jafnvel þannig að siglingaöryggi sé ógnað“</p>	<p>Innviðaráðherra skipaði starfshóp um öryggi siglinga eftir að Vegagerðin og Samgöngustofa gerðu athugasemdir við staðsetningu útgefna leyfa til fiskeldis á svæðum sem samkvæmt vitakerfi landsins eru ætluð til siglinga. Starfshópurinn skilaði tillögum til svæðisráðs um hvernig bæta megi siglingaöryggi á þeim svæðum sem talið var að fiskeldi ógnaði öryggi siglinga.</p> <p>Svæðisráð hefur haft niðurstöður starfshópsins til hliðsjónar við mótun endanlegrar tillögu að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða. Svæðisráð telur mikilvægt að í framhaldi þeirrar vinnu sem fram hefur farið í tengslum við gerð strandsvæðisskipulags, að unnið verði að frekari viðmiðum um afmörkun leiða til siglinga.</p>
44	<p>Orkustofnun</p> <p>„Orkustofnun gerir athugasemdir við að ekki sé opnað fyrir möguleika á efnistöku innan reita sem skilgreindir eru fyrir siglingar. Vísar stofnunin til framanritaðrar umfjöllunar um gildi jarðefna á hafsbotni fyrir sveitarfélög og atvinnulíf. Ekki eru gerðar athugasemdir við að siglingar hafi forgang innan viðkomandi svæða en stofnunin telur mikilvægt að möguleiki verði til að heimila efnistöku ef hentugt efni er þar að finna. Þekkt eru dæmi um slíkt, t.a.m. leyfi til efnistöku austur af Engey í Kollafirði, sbr. leyfi nr. OS-2021-LO09-01, þar sem megin siglingarleið til Sundahafnar liggur um hluta efnistökusvæðis og gerðu Faxaflóahafnir ekki athugasemdir við þá tilhögun sem þar er tilgreind. Þar er tilgreint (í 4. mgr. 5. gr. leyfis) að leyfishafi skuli virða rétt skipa á skilgreindri innsiglingarleið til og frá Sundahöfn og gæta þess við efnistöku að ekki sé trufluð sigling nokkurs skips á siglingu til og frá hafnar. Vísar Orkustofnun jafnframt til þess að réttur skipa á siglingu eftir afmarkaðri siglingaleið er ótvíræður gagnvart efnistöskipi. Sömuleiðis vísar stofnunin til þess að dýpkunarframkvæmdir falla undir efnistöku og getur það því verið</p>	<p>Tekið er undir að mikilvægt sé að dýpkunarframkvæmdir geti farið fram á reitum fyrir siglingar. Eins kann að koma til greina að stunda efnistöku innan þessara reita í öðrum tilgangi en dýpkun siglingaleiða.</p> <p><u>Eftirfarandi breytingar verða gerðar á almennum skipulagsákvæðum fyrir nýtingarflokkinn siglingar:</u></p> <p>Almennt er ekki gert ráð fyrir haugsetningu eða efnistöku innan reita fyrir siglingar en mögulegt er að veita slík leyfi að undangenginni umsögn hafnaryfirvalda þar sem ekki er mælt gegn slíkri nýtingu.</p>

	<p>hamlandi fyrir þróun hafna og siglingaleiða ef ekki er heimil efnistaka innan SI svæða.</p> <p>Leggur Orkustofnun því til að skilmálum SI nýtingarflokks verði breytt með vísan til framanritaðra málsraka.“</p> <p>Ísafjarðarbær</p> <p>„Á bls. 27 segir; „Innan reita sem skilgreindir eru fyrir Siglingar er ekki gert ráð fyrir mannvirkjum eða staðbundinni starfsemi/nýtingu sem hindrar för skipa eða hefur áhrif á siglingaöryggi svo sem fiskeldi, skeldýrarækt, efnistöku, ræktun eða slætti sjávargróðurs, orkuframleiðslu, akkerislægjum eða vegum sem þvera firði.“ Þetta getur verið hamlandi ef efnistaka þarf að fara fram á þessum svæðum, t.a.m. ef dýpka þarf siglingaleið. Lagt er til að efnistaka verði heimiluð á siglingaleiðum.“</p>	
<p>45</p>	<p>Umhverfisstofnun</p> <p>„Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að fjalla þarf nánar um hvort skotveiði falli undir hefðbundnar nytjar eða útivist á reitum SI og A í skipulagstillögunum en þar segir: „...gert ráð fyrir almennri nýtingu strandsvæða, svo sem til atvinnuveiða, ferðaþjónustu og útivistar ásamt hefðbundnum nytjum til einkanota, og skal aðstæðum til almennrar nýtingar viðhaldið.““</p>	<p>Svæðisráð bendir á að samkvæmt skilgreiningu nýtingarflokkanna <i>almenn nýting og siglingar</i> þá getur útivist og hefðbundnar nytjar farið fram innan beggja flokka að teknu tilliti til þeirra hagsmuna sem tilgreindir eru í almennum skilmálum nýtingarflokkanna. Svæðisráð sér ekki ástæðu til að fjalla um í skipulaginu hvort skotveiði teljist til útivistar eða hefðbundinna nytja.</p>
<p>46</p>	<p>Starfshópur um öryggi siglinga</p> <p>Í júní 2022 var samþykkt að auglýsa tillögu að strandsvæðisskipulagi fyrir Vestfirði og Austfirði. Skipulagstillögurnar ásamt fylgigögnum voru birtar á vef Skipulagsstofnunar og stóð kynningartími beggja tillagna yfir frá 15. júní - 15. september.</p> <p>Á kynningartímanum bárust í heildina 125 athugasemdir við tillögu að strandsvæðisskipulagi á Vestfjörðum. Í sameiginlegri umsögn Samgöngustofu og Vegagerðarinnar sem byggði á ítarlegri rýni á svæðunum voru gerðar ábendingar um siglingaöryggi á tilteknum reitum.</p> <p>Í framhaldi af því stofnaði innviðarráðherra Starfshópur um öryggi siglinga á nýtingarsvæðum. Í starfshópnum sátu fulltrúar</p>	<p>Svæðisráð þakkar starfshópi fyrir gagnlegar ábendingar um hvernig hægt er að stuðla að siglingaöryggi. Svæðisráð hefur haft tillögu starfshópsins sem snúa að strandsvæðisskipulagi til hliðsjónar við mótun endanlegrar skipulagstillögu. Í sumum tilvikum telur svæðisráð að niðurstöðum starfshópsins sé komið betur til skila með öðrum hætti. Þetta á einkum við um nákvæmar útlistanir í sérákvæðum og varða niðurstöður áhættumats sem gerð er almenn krafa um. Svæðisráð telur heppilegra að setja almenn ákvæði um að niðurstöður úr áhættumati séu lagðar til grundvallar við útfærslu leyfa.</p> <p>Að mati svæðisráðs hefur vinna við gerð strandsvæðisskipulags dregið fram að ekki hefur verið gætt nægilega að öryggi siglinga við veitingu leyfa fyrir fiskeldi. Það er nauðsynlegt að allir aðilar sem koma að leyfisveitingaferli geri bragarbót þar á. Mikilvægt er</p>

<p>Skipulagsstofnunar, Vegagerðar og Samgöngustofu. Starfshópnum var ætlað það verk að bregðast við þeim atriðum sem dregin voru fram í viðbótarumsögnum Samgöngustofu og Vegagerðarinnar, og að leggja fram tillögur að breyttri útfærslu strandsvæðisskipulags eða að viðunandi mótvægisáðgerðum á siglingamerkjum.</p> <p>Meðan á vinnu starfshópsins stóð var fundað með fulltrúum Landhelgisgæslunnar, Matvælastofnunar, skipstjórnarmanna auk hafnarstjóra Ísafjarðarbæjar, Bolungarvíkur og Vesturbyggðar.</p> <p>Að mati starfshópsins er í flestum tilvikum talið mögulegt að tryggja siglingaöryggi með breyttum merkingum eða viðbótar ákvæðum í skipulagi strandsvæða sem varða fyrirkomulag búnaðar. Starfshópurinn telur nauðsynlegt að skerpa á umfjöllum um málefni siglingaöryggis og að við leyfisveitingar á strandsvæðum fari fram áhættumat vegna öryggis siglinga.</p>	<p>að farið sé sem fyrst í þær mótvægisáðgerðir sem starfshópurinn gerir tillögur um.</p> <p>Svæðisráð telur mjög mikilvægt að þær umsóknir til leyfis fyrir fiskeldi sem eru innan hvíts ljósgeira taki strax mið af þeim skipulagsákvæðum er snúa að áhættumati siglinga. Tryggja þarf að ekki verði settur út neinn búnaður innan hvíts ljósgeira f fyrir en búíð er að gera viðeigandi breytingar á sjómerkjum.</p> <p>Viðbrögð svæðisráðs vegna einstakra reita í nýtingarflokknum <i>staðbundin nýting</i> eru sett fram sérstaklega lið fyrir lið.</p> <p><u>Eftirfarandi breytingar verða gerðar í skipulagsgreinargerð:</u></p> <p>Í kafla 6.1 Stefna verður bætt við umfjöllun um áskoranir tengdar sjókvíaelði og siglingum „Áhrif sjókvíaeldis á siglingar“. Kaflinn er svo hljóðandi:</p> <p>Áhrif sjókvíaelði á siglingar</p> <p>Siglingar á strandsvæðum hafa verið svo til óhindraðar frá því að Ísland byggðist. Merkingar siglinga hafa þróast út frá því að hafflöturinn sé hindrunarlaus og því hefur verið horft til þess hvar þægilegast best er að koma upp siglingamerkjum sem skilgreina öruggar siglingaleiðir. Með sjókvíaelði kom inn ný starfsemi á firði og flóa sem þarf sitt rými á haffletinum og hefur því áhrif á hvernig siglingum er háttað. Í einhverjum tilvikum hefur ekki verið lagt fullnægjandi mat á áhrif sjókvíaeldis á siglingar og því mikilvægt að koma slíku áhrifamati í fastar skorður.</p> <p>Ísland er aðili að Alþjóðasiglingamálastofnuninni, IMO (International Maritime Organisation) sem sér um setningu alþjóðareglna á sviði siglingamála. Ísland er skuldbundið til að merkja með ákveðnum hætti öruggar siglingaleiðir og að færa þær upplýsingar inn á sjókort samkvæmt alþjóðlegum stöðlum. Jafnframt hefur Ísland gengist undir að taka skuli mið af alþjóðlegum tilmælum og viðmiðunarreglum þegar sett er upp leiðsögukerfi fyrir sjófarendur. Það er gert til þess að sjófarendur upplifi kerfið sem einsleitt og það virki á sama hátt á alþjóðavísu.</p>
--	---

Þannig á alltaf að vera hægt að sigla án nokkurra hindrana í hvítum ljósgeira hvar sem er í veröldinni.

Mikilvægt er að í því ferli sem leiðir til útgáfu leyfa fyrir sjókvíaeldi sé ávallt unnið áhættumat siglinga en samkvæmt alþjóðasamningi um öryggi mannlífa á hafinu, SOLAS samningnum, á að vinna slíkt mat þegar sett eru upp leiðarmerki fyrir siglingar. Öll starfsemi sem hefur fastan búnað á haffletinum er líkleg til að hafa einhver áhrif á merktar siglingaleiðir. Niðurstöður áhættumats þurfa að skila sér í leyfisskilmála og geta varðað endanlega staðsetningu sjókvía, fyrirkomulag festinga, merkingar sjókvía og skermingu vinnulýsingar svo eitthvað sé nefnt. Í einhverjum tilvikum kann fyrirhuguð staðsetning sjókvía að hafa þau áhrif að breyta þurfi merkingum. Í þeim tilvikum er mikilvægt að þær breytingar fari eftir viðurkenndu alþjóðlegu ferli og að engin starfsemi sé heimiluð á þeim hluta hafflatar sem merktur er sem örugg siglingaleið fyrr en búið er að breyta þeim merkingum.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á almennum skipulagsákvæðum:

Í kaflanum 6.2.1 Staðbundin nýting, verður bætt við almennum skipulagsákvæðum um áhættumat siglinga.

Almenn skipulagsákvæði:

Eftirfarandi skipulagsákvæði eiga almennt við á skipulagsreitum í nýtingarflokknum *Staðbundin nýting*:

- Gert er ráð fyrir uppbyggingu staðbundinnar nýtingar á svæðinu og skal aðstæðum til hennar viðhaldið.
- Atvinnuveiðar, ferðaþjónusta og útivist geta farið fram innan svæðisins þar sem fastur búnaður er ekki til staðar og truflun verður ekki á staðbundinni starfsemi eða slík umferð/nýting takmarkar ekki þróunarmöguleika staðbundinnar nýtingar.
- Við ákvörðun um staðsetningu á búnaði eða starfsemi innan reita þarf að liggja til grundvallar áhættumat um siglingaöryggi í

	<p>samráði við Vegagerð, Samgöngustofu, Landhelgisgæslu og viðkomandi hafnaryfirvöld.</p> <ul style="list-style-type: none">– Óskyldir aðilar skulu hafa samráð vegna útfærslu nýtingar og staðsetningar á búnaði eða starfsemi innan sama reits.– Ekki er gert ráð fyrir orkuvinnslu, akkerislægjum, haugsetningu eða vegum sem þvera firði á reitum sem skilgreindir eru fyrir staðbundna nýtingu þar sem slík starfsemi getur takmarkað nýtingu svæðisins. Það sama á við um lagningu sæstrengja að undanskildum þeim sem tengjast viðkomandi starfsemi.
--	--

Lagnir og vegir

Nr.	Umsagnaraðili og umsögn	Viðbrögð svæðisráðs
47	<p>Tálknafjarðarhreppur</p> <p>„Bent er á að á svæðum LV4 og LV5 er tekið sérstaklega fram að ekki sé gert ráð fyrir vegþverun fjarðarins. Tálknafjarðarhreppur telur eðlilegt að halda þeim möguleika opnum í skipulaginu að heimilt sé að þvera fjörðinn.“</p>	<p>Aðalskipulag Tálknafjarðar gerir ekki ráð fyrir vegþverun í botni Tálknafjarðar og það sama gildir um samgönguáætlun. Svæðisráð fjallaði um sambærilegar tillögur fyrr í ferlinu og var niðurstaðan sú að gera ekki ráð fyrir vegþverun þar sem engin staðfest áform væru um slíkar framkvæmdir - né athuganir á besta leiðarvali til að setja á skipulag. Komi hins vegar til áforma um vegþverun og breytinga á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps verður gerð samhliða breyting á strandsvæðisskipulagi Vestfjarða.</p>
48	<p>Vesturbyggð</p> <p>„Í tillögunni skarast siglingaleiðir, ankerislægi og sæstrengir við Bíldudalsvog. Hér þarf að hliðra til og endurskoða legu sæstrengja. Landtaka á fyrirhuguðum streng Landnets þyrfti að vera yst á Haganesi. Þá er gerð athugasemd við sæstreng Orkubús Vestfjarða sem nýtur sérstakrar verndar skv. tillögunni, samkvæmt upplýsingum Vesturbyggðar er strengurinn ekki í notkun og ónothæfur. Með tilkomu sæstrengs Landsnets ætti þessi sæstrengur að vera óþarfur með öllu og ætti að fjarlægja því hann hefur bæði áhrif á ankerislægi sem og aðra nýtingu í firðinum, s.s. varðandi eldisstöð við Steinanes. □“</p>	<p>Fjarskiptastrengur Mílu liggur samhliða þeim streng Orkubús Vestfjarða sem hefur verið aflagður. Það er því ekki unnt að takmarka umfang reits LV6.</p> <p>Gerðar hafa verið breytingar á almennum ákvæðum nýtingarflokksins lagnir og vegir á þann veg að ekki er talin upp starfsemi sem er bönnuð á svæðinu en leita þarf umsagnar þeirra sem eiga strengi vegna starfsemi innan nýtingarflokksins <i>lagnir og vegir</i>, sjá nánar viðbrögð við athugasemd 46. Svæðisráð beinir því til sveitarfélagsins að eiga samráð við eigendur strengja á svæðinu vegna akkeristaða.</p>
49	<p>Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi</p> <p>a) Mörk svæða undir raforku- og fjarskiptastrengi (lagnir og vegir) Raforku- og fjarskiptastrengir liggja víða í sjó á skipulagssvæðinu. Taka má undir mikilvægi þess að í strandsvæðisskipulagi séu skilgreind svæði sem tryggja öryggi slíkra strengja og koma í veg fyrir röskun á virkni þeirra. Hins vegar telja samtökin skorta skýringar á því hvers vegna svæði undir raforku- og fjarskiptastrengi eru skilgreind jafn rúm og raun ber vitni, á kostnað aðliggjandi nýtingar.</p> <p>Í fyrirbyggjandi tillögum er vísað til þess að samkvæmt lögum um fjarskipti sé kveðið á um aðgæslu sjófarenda þar sem</p>	<p>Ákvæði um að starfsemi sé víkjandi við lagnir, bæði fjarskiptastrengi og raforkustrengi, eru byggð á ákvæði í fjarskiptalögum nr. 70/2022 um að gæta skuli varúðar nærri fjarskiptastrengjum, sbr. 89. gr. laganna. Svæðisráð tekur undir með SFS að lagagrundvöll skorti til að banna tiltekna starfsemi innan skipulagsreita í nýtingarflokksnum <i>lagnir og vegir</i>. Fjarskiptastofa og Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið hafa bent á mikilvægi þess að tryggja öryggi strengjanna og telja mikilvægt að endurskoða regluverk með tilliti til þessa. Svæðisráð telur að eitt af markmiðum skipulagsins sé að draga úr árekstrum ólíkrar nýtingar. Til að koma til móts við ofangreint eru eftirfarandi breytingar gerðar á auglýstri tillögu.</p>

fjarskiptastrengir liggja í sjó og að bannað sé að veiða með veiðarfærum sem fest eru í botn eða dregin eftir honum á belti sem nær 402 metra (míluþjórðung) hvoru megin við strenginn. Virðist sem þessi viðmiðun ráði mestu um mörkun svæða undir raforku- og fjarskiptastrengi, þó dæmi séu um stærri svæði stærri.

Að þessu tilefni vilja samtökin leggja áherslu á að samkvæmt orðanna hljóðan tekur núgildandi 86. gr. laga um fjarskipti nr. 70/2022 ekki til annars en veiðarfæra sem fest eru við botn eða dregin eftir botni og skipa sem leggjast við akkeri. Ákvæðið á þar af leiðandi ekki við um aðrar festingar, þ.m.t. botnfestingar eldiskvía. Það er fastmótuð lögskýring að sérstök rök þurfa að koma til svo að vikið sé frá skýringum samkvæmt orðanna hljóðan og engin slík rök er sett fram í tillögunum.

Leggja verður áherslu á að það er ólíku saman að jafna þegar rætt er um hættu sem raforku- og fjarskiptastrengjum stafar af annars vegar veiðarfærum og akkerisfestingum skipa og hins vegar botnfestingum eldiskvía. Áður en eldiskvíar eru staðsettar í sjó fer fram ítarleg greining á umhverfisaðstæðum, s.s. veðurálagi, botngerð og straumum á eldisstað. Á grundvelli þessara rannsókna er eldisstöðin hönnuð og botnfestingar staðsettar. Frá mælingu og endanlegri staðsetningu botnfestinga skeikar alla jafna ekki meira en 10 m, sem má fyrst og fremst rekja til skekkjumark GPS-kerfa á sjó. Útsetningarskýrsla er gerð eftir að eldiskvíar hafa verið staðsettar í sjó þar sem m.a. er staðfest að botnfestingar séu skv. teikningum og íhlutir réttir. Frá útsetningu hreyfast botnfestingar lítið sem ekkert og þá fremur í átt að miðju sjókvíar. Raforku- og fjarskiptastrengjum stafar því lítil sem engin hættu af nálægð við botnfestingar sjókvía. Engir verndarhagsmunir eru því fólgnir í því gagnvart sjókvíaeldi að marka slíkum strengjum 800+ metra breið helgunarsvæði.

Til hliðsjónar má benda á að í nýjum fjarskiptalögum nr. 70/2022 er að finna heimild til að veita undanþágu frá banni við veiðum nærri fjarskiptastrengjum ef um er að ræða veiðarfæri sem ekki eru talin líkleg til að raska öryggi fjarskiptastrengja á viðkomandi svæði að teknu tilliti til aðstæðna, sbr. 5. ml. 43 mgr. 86. gr. laganna.

Gerð verður eftirfarandi breyting á almennum skipulagsákvæði fyrir nýtingarflokkinn *Lagnir og vegir*:

Á reitunum er ekki gert ráð fyrir starfsemi sem hefur áhrif á öryggi veitulagna, ~~svo sem fiskeldi, skeldýrarækt, efnistöku, ræktun eða slætti sjávargróðurs, orkuframleiðslu, veiðum með veiðarfærum sem fest eru í botn eða dregin eftir honum, haugsetningu eða akkerislægjum.~~ Leita þarf umsagna eigenda flutningskerfa við veitingu leyfa til efnistöku og eldis eða ræktunar nytjastofna innan marka skipulagsreita.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á sértækum ákvæðum á reitum í nýtingarflokknum *lagnir og vegir*:

Á reitum LV6, LV7, LV8 og LV15 fellur eftirfarandi sérákvæði út:

~~Gert er ráð fyrir að fiskeldi sé víkjandi innan reitsins og að ekki verði um endurnýjun leyfa eða útgáfu nýrra leyfa til fiskeldis að ræða innan hans þar sem búnaður til fiskeldis getur valdið tjóni á fjarskiptastrengjum.~~

Á reitum LV6 og LV7 fellur eftirfarandi sérákvæði út:

~~Gert er ráð fyrir að efnistaka sé víkjandi innan reitsins og að ekki verði um endurnýjun leyfa eða útgáfu nýrra leyfa til efnistöku að ræða innan hans vegna hættu á tjóni á fjarskiptastrengjum.~~

Vegna mistaka var útreiknað helgunarsvæði strengja afmarkað 402 m til hvorrar handar út frá streng í auglýstri tillögu en á að vera 463 m til hvorrar handar. Verður það leiðrétt.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á skipulagsupprætti:

Afmörkun reita fyrir nýtingarflokkinn *lagnir og vegi* breiðkar þannig að þá nær 463 m til hvorrar handar frá sæstrengjum.

	<p>Arnarlax</p> <p>„[...] virðist sem lagnareiturinn LV1-Sandoddi-Þúfnaeyri skarist við eldisvæði Arnarlax við Eyri í Patreksfirði en engar frekari skýringar eru gefnar um afleiðingar fyrir fiskeldi á eldissvæðinu. Núverandi eldissvæði Arnarlax á Sandodda í Patreksfirði er heldur ekki tilgreint í tillögum.“</p>	
50	<p>Landsnet</p> <p>Eins og fram kemur í umfjöllun um skipulagsreit LV6 áætla Landsnet að leggja nýjan raforkustreng, sem muni taka land í Auðkúlu. Framkvæmdin er á Kerfisáætlun Landsnets 2020-2029 og er þar á framkvæmdaráætlun 2021-2023, var samþykkt af Orkustofnun og fyrir liggur ákvörðun Skipulagsstofnunar um að framkvæmdin sé ekki matsskyld, dags. 26. júlí 2021</p> <p>Í upphaflegum áætlunum var gert ráð fyrir landtöku í landi Auðkúlu. Við frekari skoðun á mögulegum landtökustöðum kom í ljós að vel hentar að sæstrengurinn komi að landi í landi og strandsvæði Hrafnseyrar, sem er í jaðri skipulagsreits LV6. Sú landtaka fer út fyrir æðarvarpssvæði við Auðkúlu og hefur ekki áhrif á land í eikaeigu. Innan skamms mun Ísafjarðarbær auglýsa breytingu á aðalskipulagi sínu í samræmi við framangreinda landtöku. Meðfylgjandi er uppdráttur sem sýnir breytingu á landtöku sæstrengsins við Hrafnseyri.</p>	<p>Auglýst hefur verið breyting á aðalskipulagi Ísafjarðar sem gerir ráð fyrir streng við Hrafnseyri í samræmi við ábendingu Landsnets.</p> <p><u>Eftirfarandi breytingar verða gerðar á uppdrætti:</u></p> <p>Reitur LV6 kemur að landi við Hrafnseyri.</p>
51	<p>Orkubú Vestfjarða</p> <p>„Í upptalningu vantar nokkrar lagnir í raforkukerfinu.</p> <p>Tafla 3 Reitir í nýtingarflokknum Lagnir og vegir (LV)</p> <p>LV8 Brekkuháls</p> <p>Um skipulagsreitinn liggja bæði fjarskipta- og raforkustrengir milli Brekkuháls og Höfðaodda. Á hluta reitsins er leyfi til fiskeldis.</p> <p>LV9 Dýrafjörður Vestfjarðavegur</p>	<p>Svæðisráð þakkar ábendinguna.</p> <p><u>Eftirfarandi breytingar verða gerðar á lýsingu reita:</u></p> <p><u>LV8 – Brekkuháls</u></p> <p><u>Lýsing:</u></p> <p>Um skipulagsreitinn liggja fjarskiptastrengir og raforkustrengur milli Brekkuháls og Höfðaodda. Á hluta reitsins er leyfi til fiskeldis.</p> <p><u>LV9 – Dýrafjörður- Vestfjarðavegur</u></p> <p><u>Lýsing:</u></p>

	<p>Meðfram veginum liggur háspennuraflína og raforkustrengur.</p> <p>LV20 Mjóifjörður-Djúpvegur Um skipulagsreitinn liggur Djúpvegur sem þverar Mjóafjörð, en brú er á milli Hróteyjar og Skersins. Meðfram veginum liggur bæði fjarskipta- og raforkustrengur.</p> <p>LV21 Tagl Um skipulagsreitinn liggur bæði fjarskipta- og raforkustrengur yfir Mjóafjörð frá Tagli að Hörgshlíð.</p> <p>LV22 Reykjanes Um skipulagsreitinn liggur Djúpvegur sem þverar Reykjafjörð, en brú er yfir lítinn hluta. Meðfram veginum liggur bæði fjarskipta- og raforkustrengur.“</p>	<p>Um skipulagsreitinn liggur Vestfjarðavegur sem þverar Dýrafjörð. Meðfram veginum liggur raforkustrengur og háspennulína. Reiturinn er inni á svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að fari á B-hluta náttúruminjaskrár og skilgreint er í nýtingarflokknum <i>umhverfi og náttúra</i>, UN9.</p> <p><u>LV20 – Mjóifjörður - Djúpvegur</u> <u>Lýsing:</u> Um skipulagsreitinn liggur Djúpvegur sem þverar Mjóafjörð, en brú er á milli Hróteyjar og Skersins. Meðfram veginum liggja æfr einnig bæði fjarskipta- og raforkustrengur. Vegurinn er inni á svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að fari á B-hluta náttúruminjaskrár og skilgreint er sem skipulagsreitir í nýtingarflokknum <i>umhverfi og náttúra</i>, UN16.</p> <p><u>LV21- Tagl</u> <u>Lýsing:</u> Um skipulagsreitinn liggja æfr bæði fjarskipta- og raforkustrengur yfir Mjóafjörð frá Tagli að Hörgshlíð. Strengirnir liggja inn á svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að fari á B-hluta náttúruminjaskrár og skilgreint er sem skipulagsreitir í nýtingarflokknum <i>umhverfi og náttúra</i>, UN16.</p> <p><u>LV22 - Reykjanes</u> <u>Lýsing:</u> Um skipulagsreitinn liggur Djúpvegur sem þverar Reykjafjörð, en brú er yfir lítinn hluta. Meðfram veginum liggja æfr bæði einnig fjarskipta- og raforkustrengur. Vegurinn liggur inn á svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að fari á B-hluta náttúruminjaskrár og skilgreint er sem skipulagsreitir í nýtingarflokknum <i>umhverfi og náttúra</i>, UN16.</p>
52	<p>Sigurður Hreinsson „Undirritaður gerir hér með athugasemdir við athugasemdir við vinnulag og upplýsingagjöf, vegna strenglagningar úr Mjólka á Bíldudal. Athugasemdirnar snúa að vinnslu á aðalskipulagsbreytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar sem og þann hluta af</p>	<p>Svæðisráð telur ekki rétt að ráðið svari fyrir vinnu Landsnets við undirbúning á lagningu sæstrengs um Arnarfjörð en ráðinu er kunnugt um að framkvæmd var frumgreining á valkostum um legu m.t.t. mismunandi landtökustaða ásamt því að framkvæmd var tilkynnt til Skipulagsstofnunar en framkvæmdin hefði ekki verið talin háð matsskyldu.</p>

	<p>Strandsvæðaskipulagi Vestfjarða, sem snýr að umræddi strenglögnum yfir Arnarfjörð.</p> <p>1. Í fyrst lagi eru gerðar athugasemdir við það að Landsnet hafi ekki gert valkostagreiningu í viðkomandi máli. Eðlilegast hefði verið að fyrirtækið setti fram nokkra möguleika sem koma vel til greina við strenglögnum og lagt þá rök fyrir því vali sem fyrirtækið gerir tillögu um.</p> <p>2. Í öðru lagi eru gerðar athugasemdir við lítið samráð við landeigendur. Amk í tilfelli landeiganda Auðkúlu, sem er/var ætlaður staður fyrir landtöku við norðanverðann fjörðinn, hefur samráðið verið í mýflugumynd.</p> <p>3. Í þriðja lagi er gerð athugasemd við það að í gögnum málsins er beinlínis gert lítið úr rækjuveiðum í Arnarfirði og mikilvægi þess svæðis sem um ræðir, til slíkra nota.</p> <p>[...] Undirritaður fer þess á leit að Skipulagstofnun horfi til þessara athugasemda sem fram koma í þessu bréfi áður en breytingin er staðfest. Helst samt að breytingunni verið hafnað og gerð sú krafa á Landsnet að gera valkostagreiningu fyrir framkvæmdina. Sama á við um tengingu viðkomandi framkvæmdar við Strandsvæðaskipulag Vestfjarða, sem er í vinnslu.“</p>	<p>Í upphaflegum áætlunum Landsnets var gert ráð fyrir landtöku í landi Auðkúlu. Við frekari skoðun á mögulegum landtökustöðum kom í ljós að vel hentar að sæstrengurinn komi að landi við Hrafseyri og hefur vinnslutillaga að breytingu að Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 verið auglýst þar sem landtaka er við Hrafseyri.</p> <p>Strandsvæðisskipulag Vestfjarða mun taka mið af breytingum á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar, sbr. viðbrögð við athugasemd nr. 50.</p> <p>Eins og kemur fram í umsögn liggja margir strengir um Arnarfjörð en fjarskiptastrengir takmarka ýmsar veiðar á beltum sem er fjórðung úr sjómílu til hvorrar handar frá streng, sbr. 86. gr. í lögum um fjarskipti nr. 70/2022. Raforkulög kveða ekki á um slíkt helgunarsvæði.</p> <p>Sjá einnig breytingar sem verða á almennu ákvæði fyrir nýtingarflokkinn <i>lagnir og vegir</i> sem gerð er grein fyrir undir viðbrögð við umsögn nr. 49.</p>
53	<p>Vegagerðin</p> <p>„Í töflu 3 eru skilgreindir reitir fyrir nýtingarflokkinn Lagnir og vegir (LV). Engar útrásir eða sjötökulagnir eru skilgreindar þar. Vegagerðinni er kunnugt um að verið er að leggja sjötökulögn frá Bolungarvíkurhöfn og út á um 30 metra dýpi. Sveitarfélög á svæðinu verða að gefa upplýsingar um útrásir.“</p>	<p>Tillaga að strandsvæðisskipulagi gerir ráð fyrir því að lagnir geta verið innan fleiri reita en skilgreindir eru í nýtingarflokkinn <i>lagnir og vegir</i>. Með því næst ákveðinn sveigjanleiki fyrir styttri lagnir, s.s. landtengingar sjókvíaeldis og stuttar lagnir frá landi. Rétt er að geta þess að mælikvarði strandsvæðisskipulagsins er 1:100.000 og verða stuttar lagnir mjög ógreinilegar í slíkum mælikvarða. Upplýsingar um fráveitur sveitarfélaga liggja fyrir og koma fram í skýrslunni <i>Samfélag, nýting, náttúra – Greining á forsendum fyrir gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum</i>.</p> <p><u>Eftirfarandi verður bætt inn í lýsingu á reitum A2, A3, A4, A7, A8, A9, A11, A12, A15, SI1, SI2, SI3, SI4, SI5, SI6:</u></p> <p>Innan reitsins, nærri þéttbýli, má gera ráð fyrir útrásum vegna fráveitu sveitarfélaga eða sjötökulögnum.</p>

Staðbundin nýting

Nr.	Umsagnaraðili og umsögn	Viðbrögð svæðisráðs
54	<p>Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi „I.I Svigrúm undir tilfærslu eldiskvía</p> <p>Að mati samtakanna er nauðsynlegt að útvíka mörk reita sem skilgreindir eru undir “Staðbundna nýtingu” fiskeldis til að skapa meira svigrúm undir tilfærslu eldiskvía.</p> <p>Undirstrika ber að tilfærsla eldiskvía er eitt helsta og mikilvægasta úrræðið til þess að draga úr staðbundnum áhrifum fiskeldis og stuðla að sem bestri heildarnýtingu eldissvæða. Til þess getur komið að færa þurfi til eldiskvíar eða breyta afstöðu þeirra með tilliti til straumstefnu og vinda í því skyni að draga úr hættu á smítalagi innan eldissvæðis og dreifingu fisksjúkdóma og lúsar frá eldinu. Aðrar ástæður geta einnig valdið því að þörf er á tilfærslu eldiskvía t.d. uppsöfnun lífræna efna rekis, þörungablómi, framleiðsluaukning, breytingar í eldistækni o.s.frv. Til að lánmarka staðbundin umhverfisáhrif er því nauðsynlegt að eldisstarfsemi sé tryggð nægjanlegt svigrúm til tilfærslu eldiskvía. Slíkt er ekki einvörðungu til hagsbóta fyrir umhverfið og fiskeldisfyrirtækni, heldur má ganga út frá því allar aðgerðir sem stuðla að öflugri dreifingu og niðurbroti lífrænna efna hafi í för með sér jákvæð áhrif fyrir ótengda starfsemi sem fer fram í náunda við kvíar.</p> <p>Samtökin taka undir nauðsyn þess að skipulagstillögurnar gæti að svigrúmi til þróunar annarrar starfsemi en fiskeldis en benda á að ekki er síður mikilvægt að skapa fiskeldi áframhaldandi sveigjanleika til aðlögunar og þróunar. Að mati samtakanna hefur ekki verið gætt nægjanlega vel að þessu mikilvæga atriði í fyrirliggjandi tillögum og er það raunar staðfest í umhverfismati tillagnanna, þar sem fram kemur að innleiðing skipulagsins muni hafa “óveruleg áhrif á eldi og ræktun” Með öðrum orðum skapa</p>	<p>Tillaga að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða byggir á burðarþolsmati Hafrannsóknarstofnunar. Horft hefur verið til útgefna leyfa ásamt fullgildra leyfisumsókna við afmörkun einstakra reita. Tillagan gerir því ráð fyrir þeim svæðum sem fiskeldisfyrirtækin hafa lagt upp með að þurfi fyrir sína framleiðslu, að undangengnu umhverfismati framkvæmda og leyfisveitingum.</p> <p>Í auglýstri tillögu felst mikill sveigjanleiki en stærstur hluti skipulagssvæðisins er í nýtingarflokknum <i>almenn nýting</i> og innan þess flokks er möguleiki á að veita leyfi til fiskeldis. Það getur falið í sér ný leyfi eða útvíkkun á fyrirliggjandi leyfum innan reita í staðbundinni nýtingu. Svæðisráð telur að með því sé komið til móts við þörf þessarar nýju atvinnugreinar til að þróast og þroskast í framtíðinni.</p> <p>Skipulagstillagan byggir m.a. á burðarþolsmati Hafrannsóknarstofnunar. Verði í framtíðinni breytingar á fyrirliggjandi burðarþolsmati eða ný svæði burðarþolsmetin telur svæðisráð að þá væri komin skýr forsenda til að gera breytingu á strandsvæðisskipulagi Vestfjarða. Það sama gildir um yfirstandandi úttektir á fiskeldi, leiði þær til nýrra stjórnvaldsáskvarðana sem eru það veigamiklar að gera þurfi breytingar á strandsvæðisskipulaginu þá fer slíkt ferli samkvæmt 14. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða.</p> <p>Svæðisráð bendir á að áhættumat erfðablöndunar er endurskoðað reglulega og verður það næst endurskoðað árið 2023.</p>

skipulagstillögurnar takmarkaðan grundvöll til frekari þróunar og vaxtar umfram þau áform sem þegar eru uppi.

Einnig er til þess líta að yfirstandandi er heildstæð úttekt á ýmsum sviðum fiskeldis sem er liður í fyrirhugaðri stefnumótun matvælaráðuneytisins í málaflokknum:

Í fyrsta lagi hefur matvælaráðherra falið Ríkisendurskoðun að ráðast í heildstæða úttekt á stjórnslu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og undirstofnana þess á sviði fiskeldis. Er ætlunin að úttektin nái yfir alla stjórnslu málaflokksins, allt frá undirbúningi löggjafar og setningu afleiddra reglna til eftirlits með starfsemi fyrirtækja í greininni

Í öðru lagi hefur matvælaráðherra falið ráðgjafarfyrirtækinu Boston Consulting Group að annast skýrslugerð um stöðu fiskeldis á Íslandi. Í skýrslunni verða greindir framtíðarmöguleikar og áskoranir greinarinnar og er ætlunin að sú vinna muni nýtast við stefnumótun matvælaráðherra. Tekið verður mið af umhverfismálum, verðmætasköpun og regluverki. Til samræmis við stjórnarsáttmála verður áhersla lögð á að kortleggja tækifæri til sjálfbærs vaxtar greinarinnar með vísindalega þekkingu að leiðarljósi. Höfð verður hliðsjón af samanburðargreiningu við þau lönd sem helst stunda lagareldi.

Í þriðja lagi hefur matvælaráðherra skipað starfshóp til að skoða smitvarnir og sjúkdóma í fiskeldi. Hópnum hefur m.a. verið falið að yfirfara lög og reglugerðir um laxeldi og framkvæmd á þeim og vinna að tillögum um breytingar ef þörf þykir.

Afurð þessarar vinnu og fyrirhugaðrar stefnumótunar um fiskeldi er óljós á þessu stigi. Að mati samtakanna ætti meginmarkmið slíkrar stefnumótunar að lúta að því hvernig megi greið leið ábyrgðar uppbyggingar, auka verðmætasköpun í greininni á sjálfbæran hátt og tryggja stöðuleika til framtíðar. Verði það niðurstaðan getur það kallað á að finna þurfi ný uppbyggingarsvæði undir fiskeldi sem bjóða má út skv. lögum nr. 71/2008 og að liðka þurfi fyrir tilfærslu og rýmkun á núverandi eldissvæðum.

Að lokum má benda á að ekki er búið að burðarþols- og áhættumeta öll þau svæði sem ætla má að henti undir fiskeldi í sjó. Þá hafa svæði verið skilgreind sem bannsvæði á grundvelli verndar villtra

	laxstofna án þess að fyrir liggi formlegt áhættumat skv. lögum um fiskeldi. Það er því ótímabært að segja til um hvort þau bannsvæði endurspegli endanlega ákvörðun eða séu hugsuð sem biðstaða þar til frekari rannsóknir hafa farið fram. Ef stjórnvöld hyggjast nýta þau verðmæti sem sjókvíaeldi býður upp á væri skynsamlegt að burðarþols- og áhættumeta sem flest svæði þannig að unnt sé að eiga málefnalega og upplýsta umræðu um niðurstöður slíkrar vinnu. Eins geta fyrirbyggjandi burðarþols- og áhættumöt tekið breytingum samhliða því sem reynsla færst af eldi á viðkomandi svæðum og nýjar mótvægisáðgerðir koma til sögunnar.“	
55	Vesturbyggð „Svæði sem skilgreind eru á uppdrætti undir SN-nýtingu byggja á útgefnum leyfum, við útgáfu fyrstu eldisleyfanna voru svæðin mun smærri en nýrri leyfi sem gefin hafa verið út. Endurskoða þarf reitina og gera ráð fyrir stærri reitum til staðbundinnar nýtingar og samræma stærðir, m.a. til að hefta ekki hreyfanleika kvía innan reita. Svo ekki verði tafir eða seinangangur ef bregðast þarf fljótt við aðstæðum sem upp kunna að koma, s.s. breytingar sem snúa að dýravelferð, hitastigi sjávar o.s.frv. Þá er endurskoðun reita til staðbundinnar nýtingar talin mikilvæg svo fyrirtækjum og rekstraraðilum sé gefið svigrúm til að vaxa og eflast og rekstraróvissa verði lágmörkuð, vísast hér aftur til skilgreiningar á að fiskeldi sé víkjandi á tilgreindum reitum.“	Innan <i>almennrar nýtingar</i> er sveigjanleiki og opið á möguleika til að fara þar inn með staðbundna nýtingu, s.s. fiskeldi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þessi sveigjanleiki kemur til móts við fiskeldisfyrirtæki komi upp aðstæður sem kalla á breytingar á staðsetningu kvía frá útgefnu leyfi. Einnig er sveigjanleiki innan <i>almennrar nýtingar</i> hugsaður til að koma til móts við að nýjar atvinnugreinar geti þróast á strandsvæðum.
56	Arctic Fish „Félagið áréttar mikilvægi þess að hafa til umráða í stærri fjarðakerfum a.m.k. þrjár eldisstaðsetningar, sbr. Ísafjarðardjúp og Arnarfjörð. Það auðveldar kynslóðabundið eldi og minnkar samhliða umhverfisáhrif.“	Svæðisráð telur að tekið hafi verið tillit til þess þar sem tillagan gerir ráð fyrir öllum leyfum sem hafa verið veitt ásamt umsóknum sem eru komin langt í leyfisveitingaferli og rúmast innan burðarþolsmats Hafrannsóknarstofnunar. Í auglýstri tillögu felst mikill sveigjanleiki en stærstur hluti skipulagssvæðisins er í nýtingarflokknum <i>almenn nýting</i> og innan þess flokks er möguleiki á að veita leyfi til fiskeldis að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Það getur falið í sér ný leyfi eða útvíkkun á fyrirbyggjandi leyfum innan reita í staðbundinni nýtingu. Svæðisráð telur að með því sé komið til móts við þörf

		Þessarar nýju atvinnugreinar til að þróast og þroskast í framtíðinni.
57	<p>Arctic Fish</p> <p>„Félagið hvetur einnig svæðisráðið til að huga betur að framtíðar stækkun eldis í fjörðum Vestfjarðar. Hvort sem að það verður gert í þessu skipulagi eða við endurskoðun á því.“</p>	<p>Auglýst tillaga svæðisráðs gerir ráð fyrir að nægjanlega mörg svæði séu til þess að ala þann fisk sem burðarþol fjarða gefur til kynna. Ákveðinn sveigjanleiki felst jafnframt í því að heimilt er að veita leyfi til fiskeldis, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, á reitum í flokknum <i>almenn nýting</i>. Það getur falið í sér nýja nýtingu eða útvíkkun á nýtingu sem þegar hefur fengið leyfi á reitum sem skilgreindir eru í flokknum <i>staðbundin nýting</i>. Ef breytingar verða á forsendum skipulagsins, svo sem varðandi mat á burðarþoli fjarða, þarf að taka afstöðu til þess hvort gera eigi breytingar á skipulaginu.</p> <p>Um breytingar á strandsvæðisskipulagi fer skv. 14. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða</p>
58	<p>Vegagerðin</p> <p>Vegagerðin hefur það hlutverk að byggja upp, viðhalda og reka samgöngukerfi ríkisins m.a. með rekstri og viðhaldi vita og sjómerkja. Þannig er í lögum um vitamál nr. 132/1999 kveðið á um skyldu Vegagerðarinnar til að sjá sjófarendum fyrir nauðsynlegum leiðbeiningum til öryggis í siglingum við Íslandsstrendur. Til slíkra leiðbeininga teljast m.a. vitar og önnur föst merki á landi sem og fljóttandi leiðarmerki, sbr. 2. mgr. 2. gr. Laganna.</p> <p>Vegagerðin lítur svo á að merkingar á sjókvíaeldum falli þarna undir, enda þjóni þau sama tilgangi og önnur merki sem talin eru upp í dæmaskyni í lögum um vitamál, enda er merkingum á sjókvíaeldum ætlað sama hlutverk, þ.e. að sjá sjófarendum fyrir leiðbeiningum vegna öryggis í siglingum.</p> <p>Þannig getur Vegagerðin, skv. 8. mgr. 3. gr. sömu laga, krafið viðkomandi hafnarstjórn um að setja upp vita og önnur leiðarmerki sem Vegagerðin telur nauðsynleg til öryggis siglinga um viðkomandi hafnarvæði og skal gerð og staðsetning allra leiðarmerkja fyrir sjófarendur ákveðin í samráði við Vegagerðina sbr. 5. mgr. 3. gr. laga um vitamál. Skv. því ber þeim sem fengið hefur leyfi fyrir eldiskví að merkja svæðið í samráði við Vegagerðina, bæði hvað varðar gerð og staðsetningu sjómerkja og</p>	<p>Innviðaráðherra hefur skipað starfshóp um öryggi siglinga eftir að Vegagerðin og Samgöngustofa gerðu athugasemdir við tillögur að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða, þess efnis að reitir fyrir staðbundna nýtingu sem byggja á staðsetningu útgefinna leyfa til fiskeldis liggja á svæðum sem samkvæmt vitakerfi landsins eru ætluð til siglinga. Starfshópurinn skilaði tillögum til svæðisráðs um hvernig bæta megi siglingaöryggi á þeim svæðum sem talið var að fiskeldi ógnaði öryggi siglinga. Í þeim tillögum er lagt til að Vegagerðin verði umsagnaraðili í leyfisveitingum á reitum í nýtingarflokknum <i>staðbundin nýting</i> sem kunna að hafa áhrif á siglingamerki, sbr. viðbrögð við umsögn 46.</p>

	<p>ber þeim að tilkynna Vegagerðinni um allar breytingar og bilanir á þeim enda skal Vegagerðin hlutast til um útgáfu upplýsinga um þau leiðbeiningakerfi (leiðarmerki) sem fyrir hendi eru og stuðla að útgáfu korta sem innihalda nauðsynlegar upplýsingar til sjófarenda svo þeir geti notað áður nefnd hjálpartæki.</p> <p>Rétt er því að Vegagerðin sé umsagnaraðili við leyfisveitingar til að yfirfara merkingar sem áætlað er að setja upp.</p>	
59	<p>Arctic Fish</p> <p>„Vegna umræðu um siglingaleiðir í nálægð við fiskeldissvæði sbr. t.d. umsögn Ísafjarðarbæjar um skipulagið vill félagið árétta að umræddir skipulagsreitir eru skilgreindir töluvert stærri en fyrirhuguð kvíastæði eru. Reynsla félagsins frá öðrum eldissvæðum er sú að mögulegt er með samráði aðila að haga legu kvía þannig að það hindri ekki skipaumferð að verulegu leiti. Fyrirtækið lýsir sig reiðubúið í slíkt samráð á eldissvæðum sínum. Þannig ætti t.d. umferð farþegabáta frá Ísafirði (Skutulsfirði) inn í Ísafjarðardjúp og við Vigur, ekki að verða fyrir verulegri röskun. Lenging siglingaleiða ætti að teljast í sekúndum eða örfáum mínútum.“</p>	<p>Svæðisráð fagnar því að fyrirtæki sé reiðubúið að leggja sitt af mörkum til þess að draga úr áhrifum eldis á umferð skipa og báta um strandsvæðið og mikilvægt er að slíkt samráð fari fram áður en leyfi til eldis er gefið út. Hins vegar er ljóst að í einhverjum tilfellum hafa verið veitt leyfi til fiskeldis inn á hvítum ljósgeisla vita, sem táknar auðan sjó. Svæðisráð telur að sú staða sé óásættanleg fyrir siglingaöryggi á svæðinu og hafa því verið lagðar til ýmsar mótvægisáðgerðir til að stuðla að bættu öryggi sjófarenda.</p>
60	<p>Orkustofnun</p> <p>„Skv. almennu skipulagsákvæði er ekki gert ráð fyrir orkuvinnslu innan SN skipulagsreit. Orkustofnun gerir í sjálfu sér ekki athugasemdir við þá skipan miðað við núverandi stöðu, en bendir á að þegar betri upplýsingar liggja fyrir um hagkvæmni mismunandi orkuvinnsluáðferða geti sú staða komið upp að slíkir kostir þyki hagkvæmir innan tilgreindra SN reita. Verður að mati Orkustofnunar að liggja fyrir möguleiki á hagkvæmnigreiningu þannig að nýting hafsvæðisins sé til þjóðhagslegrar hagkvæmni. Orkustofnun teldi a.m.k. skynsamlegt að opna á þann möguleika“</p>	<p>Svæðisráð tekur undir að það þurfi að fylgjast vel með þróun orkuframleiðsluáðferða með það fyrir augum að þær geti rúmast innan reita sem ætlaðir eru til staðbundinnar nýtingar. Orkuframleiðsla er heimil á reitum fyrir almenna nýtingu. Þeir reitir ná yfir ríflega helming alls skipulagsvæðisins. Á meðan ekki er ljóst hvort orkuframleiðsluáðferðir fari saman með annarri nýtingu sem fer fram á reitum fyrir staðbundna nýtingu, telur svæðisráð ekki tímabært að opna fyrir þann möguleika. Þróist tækni í orkuframleiðslu á þann veg að hún fari saman með staðbundinni nýtingu telur svæðisráð að kominn sé forsenda til að gera breytingar á reglugerð um gerð strandsvæðisskipulags.</p>
61	<p>Náttúrufræðistofnun Íslands</p> <p>„[...] ákvarðanir um nýtingu á einstökum svæðum í skipulaginu eru teknar án þess að í öllum tilfellum hafi verið lagt fullnægjandi mat á sérkenni og þar með verndargildi svæðanna. Sökum þessa ætti að mati Náttúrufræðistofnunar að sýna meiri varfærni við ákvörðun</p>	<p>Strandsvæðisskipulag Vestfjarða er unnið á grundvelli laga um skipulag haf- og strandsvæða og á samkvæmt þeim að taka mið af fyrirbyggjandi stjórnvaldsfyrirmælum, öðrum lögum og lögbundnum ákvörðunum um nýtingu og vernd haf- og strandsvæða. Við gerð strandsvæðisskipulags Vestfjarða hefur því verið tekið mið af burðarþolsmati Hafrannsóknarstofnunar um</p>

	<p>um þess háttar nýtingu sem getur valdið raski eða álagi á náttúru svæðisins, en gert er í skipulaginu.</p> <p>Náttúrufræðistofnun telur t.d. að of miklar heimildir séu veittar fyrir fiskeldi í sjókvíum í strandsvæðisskipulaginu. Sérstaklega ætti ekki að veita heimildir fyrir fiskeldi þar sem leyfi hefur ekki enn verið veitt og þar sem umhverfismati er ekki lokið fyrir framkvæmd þess. Alls eru tíu fiskeldissvæði þar sem leyfi liggja ekki enn fyrir samkvæmt því sem fram kemur í greinargerðinni, flest í Ísafjarðardjúpi“</p>	<p>magn fiskeldis í einstaka fjörðum sem og þeim leyfum sem eru í gildi eða umsóknum sem eru langt komnar í leyfisveitingaferli.</p> <p>Svæðisráð telur sig hafa gætt jafnvægis við mótun tillögunnar og er umfang svæða fyrir staðbundna nýtingu ekki meira en svo að þau rúmi burðarþolsmat Hafrannsóknarstofnunnar.</p>
62	<p>Vegagerðin</p> <p>„Hér er gert ráð fyrir að efnistaka falli undir nýtingarflokkinn Staðbundin nýting (SN). Í töflu 4 eru tilgreindir efnistökureitir fyrir efnistöku kalkþörungasetts. Hins vegar er ekki tilgreind efnistaka við Hatteyri úr Álftafirði sem notuð hefur verið til að afla steypuefnis fyrir steypustöðina á Ísafirði. Þessar upplýsingar koma hins vegar fram í umfjöllun um nýtingarflokkinn Almenn nýting (A) í töflu 5.“</p>	<p>Efnistaka er heimiluð undir <i>almennri nýtingu</i> og eru flest leyfi fyrir efnistöku þar undir. Í skipulagsvinnunni hefur efnistaka sem fer fram á víðfeðmu svæði og til langs tíma verið sett undir staðbundna nýtingu. Að mati svæðisráðs er ekki ástæða til að setja staðbundna nýtingu á efnistöku í Hatteyri enda er hún heimiluð í almennri nýtingu.</p>
63	<p>Hafrannsóknarstofnun</p> <p>„Þá bendir Hafrannsóknarstofnun á að samkvæmt reglugerð um fiskeldi er sett lágmarksfjarlægð milli sjókvíaeldisstöðva óskyldra rekstraraðila og staðsetningar sjókvíaeldisstöðva frá árósum og getur það falið í sér takmarkanir á nýtingu margra skipulagsreita í flokknum staðbundin nýting.“</p> <p>Háafell</p> <p>Það að fjarlægðarmörk séu minna en 5 km á milli ótengdra aðila er mjög óheppilegt m.t.t. flutnings/rek sjúkdómsvalda á milli eldissvæða. Háafell hefur gert athugasemd við fjarlægðarmörk í umhverfismati Arctic Fish vegna fyrirhugaðs laxeldis fyrirtækisins í Ísafjarðardjúpi. Staðsetningar eldissvæða Arctic Fish; Arnarnes og Kirkjusund gerir það að verkum að erfitt verður að skipuleggja eldið, samræma útsetningar eindtaka árganga og þannig lágmarka umhverfisáhrif vegna laxalúsar.</p>	<p>Við mótun tillögunnar hefur verið horft til útgefna leyfa ásamt fullgildra leyfisumsókna. Svæðisráði er ljóst að vegna nálægðar reita fyrir staðbundna nýtingu og núverandi stöðu útgefna leyfa mun í sumum tilvikum verða mikil áskorun fyrir leyfishafa og eftirlitsaðila að fylgja reglugerðarviðmiðum um hámarks fjarlægð milli óskyldra aðila.</p>
64	<p>Samtök ferðaþjónustunnar</p>	<p>Svæðisráð bendir á að strandsvæðisskipulag Vestfjarða er unnið á grundvelli laga um skipulag haf- og strandsvæða og á</p>

	<p>„Þegar drögin eru skoðuð vekur það áhyggjur samtakanna hvað nýtingarsvæðin eru mörg á báðum svæðum. Til að mynda á Austfjörðum þá er nánast búið að skipuleggja nýtingasvæði í hverjum firði. Fimm staðir í Reyðarfirði, þrjú staðir í Fáskrúðsfirði og svo í Stöðvarfirði svo eitthvað sé nefnt. Enn vekur það áhyggjur samtakanna að fiskeldi skuli vera svar við öllu, þegar kemur að atvinnuþróun á Vest- og Austfjörðum. Það vekur svo sérstakar áhyggjur hvað svæðin eru mörg og stór á Vestfjörðum. Að mati samtakanna ætti að huga að atvinnustarfsemi taki tillit til náttúru, landslags, sögu og menningar með það að markmiði að hafa ekki of neikvæð áhrif á svæðið. Horfa þarf lengra inn í framtíðina þegar kemur að atvinnuþróun.“</p>	<p>samkvæmt þeim að taka mið af fyrirbyggjandi stjórnvaldsfyrirmælum um heimila starfsemi, öðrum lögum og lögbundnum ákvörðunum um nýtingu og vernd haf- og strandsvæða. Við gerð strandsvæðisskipulags Vestfjarða hefur því verið tekið mið af burðarþolsmati Hafrannsóknarstofnunar um magn fiskeldis í einstaka fjörðum sem og þeim leyfum sem eru í gildi eða umsóknum sem eru langt komnar í leyfisveitingaferli.</p> <p>Svæðisráð telur sig hafa gætt jafnvægis við mótun tillögunnar og er umfang svæða fyrir staðbundna nýtingu ekki meira en svo að þau rúmi burðarþolsmat Hafrannsóknarstofnunar.</p>
<p>65</p>	<p>Marino Thorlacius</p> <p>„Þær áætlanir að gefa eftir eldissvæði fyrir utan Örlygshöfn og Tálkna í Patreksfirði er einföld afhending á allri ýmind fjarðarins undir sannarlega mengandi iðnað. Gríðarlegt högg er hér verið að vinna á allri tilveru á svæðinu og um grófa afturför er hér um að ræða í sambandi við tækifæri svæðisins. Eins og í öllum ákvörðunum Skipulagsstofnunar og úrskurðum ÚUA tengdum þessu máli þá er hvergi litið til þessa þáttar og hann ekki á nokkurn hátt varinn - þrátt fyrir að lög um umhverfismat segi skýrt að svo þurfi að vera. Þetta endurtekur sig síðan í strandsvæðisskipulaginu þar sem einungis er minnst á hvort eitthvað sé sjáanlegt frá þéttbýli Patreksfjarðarkaupstaðs.“</p> <p>„Við afgreiðslu á skipulagi þessu verður að líta til þess að alvarlegar stjórnsýslukærur lyggja inni gegn breytingu á rekstrar og starfsleyfum fyrirtækisins Artic Sea Farm fyrir utan Örlygshöfn. Lyggur það einfaldlega fyrir að hér er verið að úthluta nýju eldissvæði, og samkvæmt hinum nýju fiskeldislögum sem sú framkvæmd heyrir sannarlega undir- er sú framkvæmd ólögleg. Af sömu ástæðum eru nýútgefin rekstrar- og starfsleyfi Arnarlax við Tálkna, einnig ólögleg.“</p>	<p>Svæðisráð telur að almennt þurfi að leggja mat á sjónræn áhrif af starfsemi á strandsvæðum. Tilgangur þessara ákvæða er að tryggja að leitað sé leiða til að lágmarka sjónræn áhrif, sé þess kostur. Það gerist þá ýmist í umhverfismatsferli og/eða í leyfisskilmálum. Ákvæði um vegna sjónrænna áhrifa hafa verið sett þar sem reitir til <i>staðbundinnar nýtingar</i> eru nærri þéttbýli eða svæðum sem eru á náttúruminjaskrá vegna landslags. Eins og nefnt er í umsögninni þá eru sértæk skipulagsákvæði um að taka skuli afstöðu til sjónrænna áhrifa við ákvörðun um leyfisveitingar á SN2 í Patreksfirði. Þar sem reitur SN1 er nærri þéttbýlinu telur svæðisráð að sama eigi að gilda um hann og SN2.</p> <p><u>Eftirfarandi breytingar verða gerðar:</u></p> <p><u>SN1 - Kvígindisdalur</u></p> <p><u>Sértæk ákvæði:</u></p> <p>Við ákvörðun um leyfisveitingar skal leita umsagnar Landhelgisgæslunnar og Samgöngustofu um staðsetningu sjókvíaeldisstöðvar og festinga.</p> <p>Við ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til sjónrænna áhrifa af starfsemi vegna nálægðar við þéttbýlið.</p>
<p>66</p>	<p>Pétur G. Thorsteinsson f.h. landeiganda í Ármúla, Melgraseyri og Unaðsdal.</p>	<p>Strandsvæðisskipulag Vestfjarða er unnið á grundvelli laga um skipulag haf- og strandsvæða og á samkvæmt þeim að taka mið af fyrirbyggjandi stjórnvaldsfyrirmælum, öðrum lögum og</p>

	<p>„Mikilvægt er í allri skipulagsvinnunni að gengið sé út frá því að engin mengandi starfsemi verði heimiluð í Ísafjarðardjúpi. Með mengandi starfsemi er átt við starfsemi sem hefur skaðleg áhrif á umhverfið, hvort sem það er vegna úrgangs eða áhrifa á lífríki t.d. með því að spilla náttúrlegum fiskistofnum eða stofnun annarra sjávardýra eins og rækju. Hér er ekki síst átt við úrgang frá fiskeldi í opnum sjókvíum, bæði sem eldisdýrin losa sjálf og fóður, sem ekki er étið af þeim. Þá er einnig átt viðleifar af lyfjum sem fiskeldisiðnaðurinn notar gegn laxalús og annarri óværu í eldisdýrunum. Loks er átt við hættu fyrir náttúrlega fiskistofna vegna slysasleppinga, en bæði lax og silungur ganga í ár Ármúla, Selá og Mórillu.“</p>	<p>lögbundnum ákvörðunum um nýtingu og vernd haf- og strandsvæða.</p> <p>Svæðisráð bendir á að strandsvæðisskipulagið og þær ákvarðanir um leyfisveitingar sem teknar eru á grundvelli þess miði að því að viðhalda heilbrigði skipulagssvæðisins, líffræðilegri fjölbreytni og framleiðslugetu hafsins til langs tíma. Við gerð strandsvæðisskipulag Vestfjarða hefur því m.a. verið tekið mið af burðarþolsmati Hafrannsóknarstofnunar um magn fiskeldis í einstaka fjörðum sem og þeim leyfum sem eru í gildi eða umsóknum sem eru langt komnar í leyfisveitingaferli. Ásamt því að tekið hefur verið tillit til náttúruverndarsvæða og svæða, þar sem ástæða þykir að hafa verndarsjónarmið að leiðarljósi.</p> <p>Í burðarþolsmati felst að meta þol fjarða eða afmarkaðra hafsvæða til að taka á móti auknu lífrænu álagi án þess að það hafi óæskileg áhrif á lífríkið og þannig að viðkomandi vatnshlot uppfylli umhverfismarkmið sem sett eru fyrir það samkvæmt lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011.</p>
<p>67</p>	<p>Pétur G. Thorsteinsson f.h. landeiganda í Ármúla, Melgraseyri og Unaðsdal</p> <p>„Allt bendir til þess að námuvinnsla eða efnistaka á sjávarbotni leiði af sér bæði mengandi starfsemi og hættu fyrir lífríkið. Landeigendur telja að koma eigi í veg fyrir allt nám kalkþörunga í Ísafjarðardjúpi og að strandsvæðaskipulag eigi að vera á þann veg að skuldbindingar Íslands samkvæmt alþjóðasamningum eða svæðisbundnum fjölþjóðasamningum eigi að vera virt í hvívetna. Sjá nánar viðauka.“</p>	<p>Strandsvæðisskipulag Vestfjarða er unnið á grundvelli laga um skipulag haf- og strandsvæða og skal samkvæmt þeim taka mið af fyrirliggjandi stjórnvaldsfyrirmælum, öðrum lögum og lögbundnum ákvörðunum um nýtingu og vernd haf- og strandsvæða.</p> <p>Orkustofnun hefur veitt leyfi til hagnýtingar á kalkþörungaseti í Ísafjarðardjúpi og tekur tillaga að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða mið af því.</p>
<p>68</p>	<p>Hábrún</p> <p>Þá hefur í skipulagstillögunni láðst að taka tilliti til eldissvæðis sem Fjarðareldi, dótturfélag Hábrúnar, hefur haft heimild til að nýta í Skutulsfirði. Starfsleyfi var fyrst gefið út í febrúar 2012 og er enn í fullu gildi. Tilgreind staðsetning í leyfi er 66°06,382´N-23°05,492´V, og er því aðeins utar í Skutulsfirði en svæði það sem er merkt SN22.</p>	<p>Við gerð strandsvæðisskipulags Vestfjarða hefur m.a. verið tekið mið af útgefnum leyfum til fiskeldis og umsóknum sem eru langt komnar í leyfisveitingaferli og hafa lokið umhverfismati. Samkvæmt upplýsingum frá Matvælastofnun er ekki til staðar rekstrarleyfi fyrir umræddri framkvæmd og hefur því ekki verið tekið mið af því.</p>

<p>69</p>	<p>Umhverfisstofnun</p> <p>„Starfsleyfi sem Umhverfisstofnun gefur út gilda almennt í 16 ár í samræmi við 1. másl. 2. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 15. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 skal allur atvinnurekstur sem sótt er um starfsleyfi fyrir að vera í samræmi við skipulag samkvæmt skipulagslögum og lögum um skipulag hafs- og strandsvæða. Þar sem starfsleyfi eru gefin út til tiltekins tíma er Umhverfisstofnun heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef breytingar verða á skipulagi, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998. Starfsleyfi geta jafnframt verið endurskoðuð og þeim breytt ef breytingar verða til að mynda á mengunarvörnum, umfangi eða eldisbúnaði í fiskeldi.</p> <p>Umhverfisstofnun bendir á að í lögum nr. 7/1998 er ekki mælt fyrir um endurnýjun starfsleyfis heldur endurskoðun. Þá er af 6. gr. laganna ljóst að gerður er greinarmunur á því hvort um ræði útgáfu nýs starfsleyfis, sbr. 1. mgr. eða endurskoðun og breytingu gildandi starfsleyfis, sbr. 2. mgr., einnig 14. og 15. gr. laganna. Útgáfa nýs starfsleyfis getur einungis átt sér stað þegar umsóknaraðili hefur ekki gilt starfsleyfi fyrir þeirri starfsemi sem hann sækir leyfi fyrir, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála nr. 43/2021 (Eldsneytisbirgðastöð). Rekstraraðilar sem eru með gildandi starfsleyfi fá því ekki gefin út ný leyfi heldur eru þau almennt endurskoðuð.</p> <p>Verði tillagan óbreytt gæti það leitt til þess að fiskeldið muni ekki víkja á sumum stöðum fyrir en eftir mörg ár eða allt að 16 árum sem mætti segja að fari gegn markmiðinu, þ.e. að vernda fjarskiptastrengi. Þá er það óskýrt hvenær um endurnýjun sé að ræða þar sem lögin gera ráð fyrir endurskoðun starfsleyfis. Þó er mikilvægt að taka fram að ekki er æskilegt að breyta orðalaginu með því að segja að ekki verði um endurskoðun leyfa þar sem endurskoðun getur falið í sér breytingu á mengunarvörnum, umfangi, kennitölu eða eldisbúnaði en slíkar breytingar eru tíðar í starfsleyfum fyrir fiskeldi. Þá gæti það haft letjandi áhrif á að rekstraraðilar að skipta yfir í umhverfisvænni lausnir, t.d. búnað.</p>	<p>Svæðisráð þakkar ábendingu um endurskoðun leyfa. Vegna annarra breytinga fellur ákvæðið út, sbr. viðbrögð við umsögn nr. 49.</p>
------------------	---	---

	<p>Stofnunin leggur til að setja fram tímamörk í skipulaginu sem felst í því að fyrir þann tíma skuli starfsemin víkja. Samkvæmt 40. gr. laga nr. 7/1998 skulu rekstraraðilar atvinnurekstrar, sbr. viðauka I-IV, tryggja að starfsemi þeirra sé rekin í samræmi við ákvæði laganna, reglugerða settum samkvæmt þeim og starfsleyfisskilyrðum. Ef frávik verða er þeim fylgt eftir í eftirliti og eftir atvikum með þvingunarúrræðum eða viðurlögum. Loks má benda á að mikilvægt er að gæta jafnræðis og tryggja að fyrirkomulagið verði skýrt og fyrirsjáanlegt.“</p>	
<p>70</p>	<p>Umhverfisstofnun</p> <p>„Í greinargerð strandsvæðisskipulags Vestfjarða kemur fram að á reitum SN3, SN8, SN14, SN21, SN23, SN25, SN26, SN27 og SN32 liggja fyrir umsókn um leyfi til fiskeldis, auk umsóknar til viðbótar við núgildandi leyfi innan reitar SN33. Hið rétta er að nú þegar eru í gildi starfsleyfi til fiskeldis á reitum SN3, SN8, SN14, SN25 og SN27 en umsóknir liggja fyrir um leyfi til fiskeldis á reitum SN21, SN23, SN26, SN32, sem og SN33. Í greinargerðinni kemur einnig fram að tvö leyfi til fiskeldis séu innan reitar SN19. Einungis eitt starfsleyfi er í gildi innan reitar SN19. Fram kemur í sérákvæðum vegna skipulagsreitar SN20 að áform séu um að sækja um leyfi til fiskeldis. Umhverfisstofnun bendir á að ekki liggja fyrir umsókn um fiskeldi á svæðinu, sem hafi uppfyllt þau skilyrði sem sett voru í bráðabirgðaákvæði laga nr. 71/2008 um fiskeldi, sbr. 24. gr. b. laga nr. 101/2019. Því skal Hafrannsóknarstofnun ákveða skiptingu fjarða eða hafsvæða í eldissvæði sbr. 1. mgr. 4. gr. a. og ráðherra úthluta eldissvæðum sbr. 2. mgr. 4. gr. a. laga nr. 71/2008 um fiskeldi.“</p>	<p>Tillaga að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða byggir á burðarþolsmati Hafrannsóknarstofnunar. Einnig hefur verið horft til útgefna leyfa ásamt fullgildra leyfisumsókna við afmörkun einstakra reita. Eins og Umhverfisstofnun bendir á þá liggur ekki fyrir fullgild leyfisumsókn í utanverðum Öfundarfirði. Svæðisráð er meðvitað um það en telur engu að síður rétt að marka þar reit fyrir staðbundna nýtingu á þeim gögnum sem liggja fyrir. Þannig er tryggt að skipulagstillagan gerir ráð fyrir nægum svæðum til að framleiða upp að burðarþolsmagni. Nákvæm útfærsla á staðsetningu leyfa þarf að fara fram í samræmi við skiptingu fjarða eða hafsvæða í eldissvæði.</p> <p>Svæðisráð þakkar ábendingar um stöðu leyfa á SN reitum og mun færa þær upplýsingar í skipulagsgreinargerð.</p> <p><u>Gerðar verða eftirfarandi breytingar:</u></p> <p><u>SN3 - Vatneyri</u></p> <p><u>Lýsing:</u></p> <p>Innan skipulagsreitsins liggur fyrir umsókn um leyfi til fiskeldis. Reiturinn er innan mikilvægs fuglasvæðis sem tekur til fuglabjarga í Tálkna en auk þess hefur Náttúrufræðistofnun lagt til að Tálkni fari á B-hluta náttúruminjaskrár vegna fuglalífs.</p> <p><u>SN8 - Hrísdalur leyfi í gildi.</u></p> <p><u>Lýsing:</u></p> <p>Innan skipulagsreitsins liggur fyrir umsókn um leyfi til fiskeldis ásamt tillögu Hafrannsóknastofnunar að afmörkun eldissvæðis skv. 4. gr. a í lögum um fiskeldi. Samkvæmt gögnum</p>

	<p>Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa verið stundaðar króka- og línuveiðar innan reitsins.</p> <p><u>SN14 – Skútabjörg</u></p> <p><u>Lýsing:</u></p> <p>Innan skipulagsreitsins liggur fyrir umsókn um leyfi til fiskeldis en einnig liggur fyrir tillaga Hafrannsóknastofnunar að afmörkun eldissvæðis skv. 4. gr. a í lögum um fiskeldi. Reiturinn er innan marka mikilvægs fuglasvæðis (Skeggi) þar sem fyll er í meirihluta en hann telst til tegunda í hættu samkvæmt valista Náttúrufræðistofnunar. Aðliggjandi landsvæði er á náttúruminjaskrá (311) vegna fjölbreytts landslags, gróðursælla hlíða og dala umgirtum stórskoru fjallendi. Svæðið er vinsælt göngusvæði og þar er m.a. hæsta fjall Vestfjarða, Kaldbakur.</p> <p><u>SN19 – Ingjaldssandur og Valþjófsdalur</u></p> <p><u>Lýsing:</u></p> <p>Á skipulagsreitnum eru tvö-eitt leyfi til fiskeldis á tveimur stöðum. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa verið stundaðar dragnóta-, neta-, línu- og krókaveiðar innan reitsins. Reiturinn er innan marka mikilvægra fuglasvæða (Barði og Hrafnaskálarnúpur) þar sem fyll er í meirihluta en hann telst til tegunda í hættu samkvæmt valista Náttúrufræðistofnunar. Samkvæmt siglingagögnum frá PAME fyrir árin 2017-2020 er talsverð umferð skipa um reitinn og mun hún því færast nær miðju fjarðarins. Aðliggjandi er skipulagsreitur fyrir Siglingar, SI4.</p> <p><u>SN25 - Kambsnes</u></p> <p><u>Lýsing:</u></p> <p>Innan skipulagsreitsins liggur fyrir umsókn um leyfi til fiskeldis. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa verið stundaðar rækjuveiðar innan reitsins.</p> <p><u>SN27 - Skarðshlíð</u></p> <p><u>Lýsing:</u></p>
--	--

		<p>Innan skipulagsreitsins liggur fyrir umsókn-um leyfi til fiskeldis. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa verið stundaðar rækjuveiðar innan reitsins. Reiturinn er inni á svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að fari á B-hluta náttúruminjaskrár. Nærri er eyjan Vigur sem er vinsæll viðkomustaður ferðamanna. Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að nágrenni eyjunnar verði á B-hluta náttúruminjaskrár, auk þess sem hún er mikilvægt fuglasvæði og þar er friðlýst æðarvarp.</p>
71	<p>Matvælastofnun</p> <p>Í strandsvæðisskipulaginu kemur fram að Hrísdalur (SN8), sem kallast í rekstrarleyfi Hvestudalur, Skutabjörg (SN14), sem kallast í rekstraleyfi Lækjarbót, séu í umsóknarferli en rétt er að rekstrarleyfi á þeim stöðum var útgefið í mars 2022. Einnig kemur fram að eldissvæðið á Skarðshlíð (SN27) sé í umsóknarferli en rekstrarleyfið var útgefið í júní 2021. Inn í skipulagið vantar eldissvæði Arctic Sea Farm í Önundarfirði, en Matvælastofnun vinnur að endurnýjun rekstrarleyfis. Einnig vantar eldissvæðið Sandoddi sem Arnarlax hefur rekstrarleyfi fyrir í Patreksfirði. Tvö ræktunarleyfi til skeldýraræktar vantar inn í strandssvæðisskipulagið en það eru rætkunarleyfi RS-1024 í Tálknafirði sem nær inn á reit LV4 og RS-1111 í Skötufirði sem nær yfir reiti LV18 og UN14.“</p> <p>Matvælastofnun Viðbótarumsögn</p> <p>„Ákvörðun Matvælastofnunar frá 21. mars 2022um að heimila ekki kynslóðaskipt eldi í sjókvíum í Trostansfirði var kærð til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og felld úr gildi með úrskurði nr. 37/2022, þann 19. október 2022.</p> <p>Rekstraraðili hefur óskað eftir endurskoðuná ákvörðun Matvælastofnunar vegna kynslóðaskipts eldis í sjókvíum í Trostansfirði og hefur stofnunin hafið rannsókn á málinu. Matvælastofnun óskar eftir að tekið verði mið af þessu þegar strandsvæðisskipulag verður gefið út.</p>	<p>Svæðisráð þakkar ábendinguna um stöðu leyfa.</p> <p>Varðandi breytingar á lýsingu reita SN8, SN14 og SN27 vísast til breytinga sem sýnd eru í viðbrögðum við umsögn nr. 70.</p> <p>Svæðisráð telur ekki þörf á að afmarka reiti í staðbundinni nýtingu um leyfi í Önundarfirði en þeirra verður getið í lýsingu á <i>almenna nýtingar</i>-reitnum A8 – Önundarfjörður.</p> <p>Lagðar eru til eftirfarandi breytingar:</p> <p><u>A8 - Önundarfjörður</u></p> <p><u>Lýsing:</u></p> <p>Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 eru veiðar stundaðar á nær öllum skipulagsreitnum utan við Hjarðardal. Aðallega er veitt með dragnót og línu en einnig hafa verið stundaðar neta- og krókaveiðar. Á reitnum eru takmarkanir á veiðum með dragnót samkvæmt reglugerð nr. 963/2019 og hluti reitsins er lokaður fyrir veiðum á sæbjúgum samkvæmt reglugerð nr. 741/2019. Í sunnanverðum firðinum eru tvö mikilvæg fuglasvæði, Barði og Hrafnskálarnúpur. Þessi svæði eru mikilvægar fýlabyggðir. Í samráði við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum kom fram að innan reitsins væri stunduð ýmis afþreying, s.s. kajaksiglingar, brimbrettaiðkun og sjósund, en einnig nýtjar eins og æðardúnstekja og þang- og þaratekja. Innan reitsins er eitt leyfi til fiskeldis (200 tonn) á tveimur stöðum austan við Flateyri og úti fyrir Hjarðardal.</p>

		<p>Reit fyrir staðbundna nýtingu um leyfi við Sandodda verður bætt við.</p> <p><u>Eftirfarandi breyting verður gerð:</u></p> <p>Nýr reitur til staðbundinnar nýtingar við Sandodda verður bætt við upprátt.</p> <p><u>Lýsing reits</u></p> <p>Á skipulagsreitnum er leyfi til fiskeldis. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa verið stundaðar krókaveiðar á svæðinu. Nærri reitnum er leira sem nýtur verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga.</p> <p><u>Sértæk ákvæði</u></p> <p>Engin sértæk ákvæði</p> <p>Vegna leyfis til kræklingaræktunar, engin starfsemi er á svæðinu og gildir leyfið til 6.5.23. Upplýsingum um leyfi til kræklingaræktunar verður bætt við lýsingu á reit A3 - Tálknafjörður.</p> <p><u>Eftirfarandi breyting verður gerð á lýsingu á reitum A3 og LV4:</u></p> <p><u>A3 - Tálknafjörður</u></p> <p><u>Lýsing:</u></p> <p>Veiðar eru stundaðar á mestöllum skipulagsreitnum utan við Sveinseyri. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 er aðallega um að ræða krókaveiðar en einnig línu-, neta- og dragnótaveiðar. Innan reitsins eru takmarkanir á veiðum með dragnót samkvæmt reglugerð nr. 963/2019. Þá eru takmarkanir á veiðum á sæbjúgum á hluta svæðisins samkvæmt reglugerð nr. 741/2019. Úti fyrir Tálkna eru þrjú rannsóknarsvæði Hafrannsóknastofnunar. Samkvæmt siglingagögnum frá PAME fyrir árin 2017-2020 er umferð skipa um mestallan reitinn. Í botni Tálknafjarðar eru seiðaeldisstöðvar og er umferð skipa í tengslum við hana. Í samráði við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum kom fram að sjóstangveiði væri stunduð í firðinum ásamt</p>
--	--	---

kajaksiglingum. **Innarlega í Tálknafirði er leyfi til kræklingaeldis.**

LV4 - Búðareyri

Lýsing:

Um skipulagsreitinn liggja þrjú fjarskiptastrengir milli Búðareyrar og Gileyrar. **Innan reitsins er leyfi til kræklingaeldis.**

Vegna leyfis til kræklingaeldis í Skötufirði, upplýsingum um leyfið verður bætt við reiti LV18 og UN14.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á LV18 og UN14:

UN14 - Hestfjörður og Skötufjörður

Lýsing:

Skipulagsreiturinn er hluti af svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að fari á B-hluta náttúruminjaskrár vegna sela. Í vestanverðum Hestfirði er aðliggjandi land á náttúruminjaskrá vegna stórbrotins lands, jökulhvílfra og árgljúfra. Hvítanes, milli Hestfjarðar og Skötufjarðar, nýtur hverfisverndar samkvæmt Aðalskipulagi Súðavíkurbreytingar 2018-2030 vegna selalátra en þar er vinsæll áningarstaður. Fofafótur, milli Seyðisfjarðar og Hestfjarðar, nýtur einnig hverfisverndar vegna mikils þéttleika fornminja um fjölmenna byggð á svæðinu. Eyjan Vigur og svæðið í kringum hana er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði en Náttúrufræðistofnun hefur einnig lagt til að eyjan og strandsvæði hennar fari á B-hluta náttúruminjaskrár vegna fuglalífs. Í Vigur er friðlýst æðarvarp. Í samráðinu kom einnig fram að svæðið væri mikilvægt fyrir sérstöðu Vestfjarða og þar væri stunduð fugla- og selskoðun. Fjarskiptastrengur liggur um svæðið í Hestfirði og raforkustrengur yfir skipulagsreitinn við Vigur, en um þá er afmarkað svæði fyrir lagnir og vegi, LV17 og LV19. **Í Skötufirði er leyfi til kræklingaræktar.**

LV18 - Hvítanes

Lýsing:

		<p>Um skipulagsreitinn liggja fjarskipta- og raforkustrengir yfir Skötufjörð milli Skarðseyrar og Hvítaness. Innan reitsins er leyfi til kræklingaræktar.</p> <p>Vegna úrskurðar úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála verður reit til staðbundinnar nýtingar bætt við í Trostansfirði.</p> <p><u>Eftirfarandi breyting verður gerð:</u></p> <p>Nýjum reit til staðbundinnar nýtingar við Trostansfjörð verður bætt við uppdrátt.</p> <p><u>Lýsing:</u></p> <p>Á skipulagsreitnum er leyfi til fiskeldis. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa litlar veiðar verið stundaðar innan reitsins.</p> <p><u>Sértæk ákvæði:</u></p> <p>Engin sértæk ákvæði.</p>
72	<p>Arctic Fish</p> <p>„Félagið bendir jafnframt á að ekki er gert ráð fyrir reit undir fiskeldi í Trostansfirði. Þar hefur félagið sótt um að fá að stunda eldi og lokið Umhverfismati á þeirri framkvæmd. Félagið óskar eftir því að reit undir fiskeldi verði bætt við í Trostansfirði á þeim stað sem félagið hefur sótt um. Ef nýta á allt burðarþol Arnarfjarðar er mikilvægt að skipuleggja frekari svæði undir eldi í Arnarfirði en nú er gert ráð fyrir í skipulaginu.“</p>	<p>Á vinnslutíma tillögunnar hafði Matvælastofnun synjað ASF um leyfi í Trostansfirði á grundvelli nálægðar við á með villta stofna laxfiska og sjálfbæra nýtingu (reglugerð 540/2020. 18. gr. 6. mgr.). Úrskurðarnefnd hefur nú fellt ákvörðun MAST úr gildi og verður því umræddur reitur settur inn á tillöguna. Sjá nánar viðbrögð við umsögn Matvælastofnunar nr. 71.</p>
73	<p>Háafell</p> <p>Óskað er eftir eftirfarandi leiðréttingum á vefsíðu strandsvæðaskipulagsins</p> <p>SN23 – Arnarnes</p> <p><i>Lýsing:</i> „Innan skipulagsreitsins liggja fyrir umsóknir um leyfi til fiskeldis“.</p> <p><i>Leiðrétting:</i> Það er búið að úthluta leyfi til Háafells á þessu svæði. Aftur á móti er umsókn frá Arctic Fish ennþá í umsóknarferli.</p> <p>SN25 – Kambsnes</p>	<p>Svæðisráð þakkar ábendinguna.</p> <p>Gerðar verða breytingar á reitum SN25 og SN27, sjá nánar viðbrögð við umsögn Umhverfisstofnunar nr. 70.</p> <p>Eftirfarandi breytingar verða gerðar á reit SN23:</p> <p>SN23 - Arnarnes</p> <p><i>Lýsing:</i></p> <p>Innan skipulagsreitsins er leyfi til fiskeldis ásamt því að umsóknir liggja fyrir umsóknir um leyfi til fiskeldis. Samkvæmt siglingagögnum frá PAME fyrir árin 2017-2020 er töluverð umferð skipa um reitinn. Siglingar munu því færast nær miðju</p>

	<p><i>Lýsing:</i> “Innan skipulagsreitsins liggur fyrir umsókn um leyfi til fiskeldis”.</p> <p><i>Leiðrétting:</i> Það er búið að úthluta leyfi til Háafells fyrir þetta svæði.</p> <p>SN27 - Skarðshlíð</p> <p><i>Lýsing:</i> “Innan skipulagsreitsins liggur fyrir umsókn um leyfir til fiskeldis”.</p> <p><i>Leiðrétting:</i> Það er búið að úthluta leyfi til Háafells yrir þetta svæði.</p>	<p>Ísafjarðardjúps. Aðliggjandi er skipulagsreitur fyrir <i>siglingar</i>, SI6. Í samráði við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum kom fram að skemmtisiglingar, þ.m.t. skútu- og kajaksiglingar, væru stundaðar innan reitsins. Reiturinn er að hluta innan siglingageira Arnarnesvita sem hefur áhrif á fyrirkomulag búnaðar innan reitsins þar sem ekki má sigla nær jaðri sjókvíaeldisstöðva en 50 metra samkvæmt reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.</p>
74	<p>Vesturbyggð</p> <p>„Vesturbyggð bendir á að á skipulagið vantar reiti sem þegar hafa verið veitt leyfi til fiskeldis á og starfsemi hefur verið hafin á, m.a. í Patreksfirði og Trostansfirði.“</p>	<p>Á vinnslutíma tillögunnar hafði Matvælastofnun synjað ASF um leyfi í Trostansfirði á grundvelli nálægðar við á með villta stofna laxfiska og sjálfbæra nýtingu (reglugerð 540/2020. 18. gr. 6. mgr.). Úrskurðarnefnd hefur nú fellt ákvörðun MAST úr gildi og verður umræddur reitur settur inn á tillöguna. Sjá nánar viðbrögð við umsögn Matvælastofnunar nr. 71.</p> <p>Vegna ábendinga um fiskeldi við Sandodda þá verður reit til staðbundinnar nýtingar bætt við í Patreksfirði, sjá nánar viðbrögð við ábendingu Matvælastofnunar nr. 71.</p>
75	<p>Björgvin Hilmarsson</p> <p>„Varðandi svæði sem skilgreind eru fyrir staðbundna nýtingu þá er ljóst að þau eru víða og skera í sundur heildir þótt í sumum tilfellum séu þau ekki stór. Sem dæmi nefni ég svæðið í kringum Vigur. Þar er um að ræða einstaka náttúruperlu sem er mikils virði. Ekki bara eyjan sjálf heldur svæðið umhverfis og það mikið sótt og gríðarlega vinsælt hjá ferðamönnum, innlendum sem erlendum.</p> <p>Nú er búið að leyfa fiskeldi á svæði SN27 og gert ráð fyrir fiskeldi á svæði SN26 skv. skipulaginu, og SN25 er ekki lang undan. Á SN27 eru nú þegar komnar fiskeldiskvíar og stærðarinnar fóðurprammi sem ekki er hægt að neita að sést víða að, er forljótur og mikið lýti. Nú þegar er þetta að rýra mjög alla upplifun af þessu svæði. Ekki batnar það þegar og ef tvö önnur svæði verða tekin í notkun í næsta nágrenni. Þetta er eitt dæmi sem ég nefni um það sem ég tel vera staðsetningu nýtingarreits sem er algerlega vanhugsuð og beinlínis mistök.</p>	<p>Vestfirðir eru annað tveggja svæða við Íslandsstrendur þar sem stjórnvöld hafa tekið ákvörðun um að heimila sjókvíaeldi og fylgt því eftir með burðarþolsmati og leyfisveitingum. Það er því eðlilegt að nokkuð sé um reiti þar sem sjókvíaeldi er heimilt á strandsvæðisskipulagi Vestfjarða.</p> <p>Við mótun strandsvæðisskipulagsins hefur verið fylgt lögum um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2021. Strandsvæðisskipulagi ber að taka mið af fyrirbyggjandi stjórnvaldsfyrirmælum, öðrum lögum og lögbundnum ákvörðunum um nýtingu og vernd haf- og strandsvæða. Á reitum SN 25 og SN27 eru leyfi til fiskeldis. Á reit SN26 liggur fyrir umsókn hjá Matvælastofnun um leyfi til fiskeldis. Undanfari leyfisveitinga er umhverfismat framkvæmda.</p> <p>Tillaga að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða gerir ekki ráð fyrir meira lífrænu álagi vegna staðbundinnar nýtingar en kemur fram í burðarþolsmati. Í tillögunni eru einnig ákvæði um heildstæða umhverfisvöktun til að hægt sé að fylgjast með hvort</p>

	<p>Gert er ráð fyrir nýtingarsvæðum (mest fiskeldi) í nánast öllum fjörðum í Ísafjarðardjúpi. Ég skal ekki úttala mig um bein umhverfisáhrif, hversu mikil þau eru eða alvarleg, en svo mikið veit ég að sjónræn áhrif eru gríðarlega mikil og neikvæð þegar kemur að upplifun af náttúrunni. Í myrkri verður Ísafjarðardjúp, og fleiri svæði, síblikkandi eins og biluð ljósasería, allan ársins hring.“</p> <p>Samhljóða athugasemd barst frá eftirfarandi aðilum um andstöðu við eldi við Vigur eða í Ísafjarðardjúpi: Alexandra Gaffikin, Alicia Colson PhD, Andreas Beutelspacher, Anna Hugadóttir, Anne Carayon, Audrey Padgett, Ágústa Harðardóttir, Ásta Sigríður Arnardóttir, Belen Garcia Ovide, Bjarni Brynjólfsson, Björn J. Gunnarsson, Craig Zeltsar, David Kampfner, David Milesi-Gaches, Dee Hill, Derek Parrott, Kate Parrott, Diana Lukas-Nülle, Giuseppe Siciliano, Gordon Emmerson, Gunnar Atli Fríðuson, Hafsteinn Hafliðason, Hermann Helguson, Hildur Helga Sigurðardóttir, Hjördís Jóhannsdóttir, Hrafnhildur Pétursdóttir, Hugo Vancaenenbroeck, Iago, Ingrid, Jenny Dean, Jenny, Joonas Kinni, Karen Webb, Kristín Baldursdóttir, Laura Lehtola, Leah Shamlian, LEE, Lisa Shamlian, Magnea Magnúsdóttir, Michael Shelton, Ragna Björt Einarsdóttir, Ragnheiður Gróa Hafsteinsdóttir, Ric, Rodrigo A. Martínez Catalán, Ruth Storm, Sandra Petrowitz, Sarah North, Sigurður Halldórsson, Skúli Jóhannesson, Susannah Shamlian, Sveinn Guðmundsson, Thomas Grove, Tom Bean, Valgerður, Vibeke Svala Kristinsdóttir, Zofia Burr, Þórey Arna Árnadóttir</p>	<p>áhrif starfsemi innan skipulagsins séu í samræmi við vistkerfisnálgun. Leiði vöktun í ljós að sú nýting sem leyfð er á strandsvæðum Vestfjarða hafi neikvæð áhrif á vistkerfið er ljóst að hún er ekki í samræmi við stefnu strandsvæðisskipulagsins. Þá hafa verið sett ákvæði á reitum nærri svæðum sem njóta landslagsverndar, um að taka skuli afstöðu til sjónrænna áhrifa af starfsemi.</p> <p>Með strandsvæðisskipulaginu verður skýrari rammi til að meta áhrif af fjölþættri starfsemi á strandsvæðunum í framtíðinni. Stefna strandsvæðisskipulagsins kemur ekki til framkvæmda fyrr en með útgáfu þess og þá munu ákvæðin skila sér í leyfisveitingarferli og umhverfismati einstakra framkvæmda. Mikilvægur þáttur í framfylgd strandsvæðisskipulagsins er að nýta niðurstöður vöktunar á umhverfisþáttum. Leiði þær í ljós neikvæða þróun umhverfisþátta þarf að bregðast við með aðgerðum í viðkomandi starfsemi eða á viðkomandi svæði. Sömuleiðis kann niðurstaðan að leiða til breytinga á strandsvæðisskipulagi en þá fer um slíkt ferli samkvæmt 14. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018.</p>
76	<p>Arctic Fish</p> <p>„Sú staðsetning sem félagið hefur sótt um leyfi til eldis á við Arnarnes, reitur SN23 er niðurstaða samráðs í umhverfismatsferli. Ísafjarðarbær óskaði eftir því að upphafleg staðsetning yrði færð vegna umferðar skemmtiferðaskipa inn Skutulsfjörð. Niðurstaðan</p>	<p>Vegna athugasemda Ísafjarðarbæjar og vinnu starfshóps um siglingar hefur svæðisráð ákveðið að minnka reit SN 23 þannig að reiturinn sé ekki innan hvíts ljósgeira frá Arnarnesvita. Ekki er um að ræða breytingu sem hefur áhrif á leyfi ASF innan reitsins.</p>

	<p>var að færa staðsetninguna á þann reit sem nú er skilgreindur sem SN23. Svipaða sögu er að segja með reit SN26 – Kirkjusund. Ekki var sótt um þá staðsetningu upphaflega en í umhverfismatsferlinu var staðsetningin flutt á umræddan reit sem talin var henta betur til eldis“</p>	<p>Á reit SN26 hefur ASF sótt um leyfi til fiskeldis. Reiturinn er innan hvíts ljósgeira og verða gerðar breytingar á ákvæðum reitsins miðað við tillögur starfshóps um öryggi siglinga. Breytingarnar felast í sértæku ákvæði um bann við búnaði inn á hvítum ljósgeira og almennu ákvæði fyrir reiti í nýtingarflokknum staðbundin nýting um gerð áhættumats siglinga. Sjá nánar viðbrögð við tillögum starfshóps nr. 46 og 82.</p>
77	<p>Gunnar Hauksson</p> <p>„Ég undirritaður, eigandi jarðarinnar Sandeyrar Snæfjallströnd í Ísafjarðarbæ, vil hér mótmæla harðlega legu svæðisins SN 33 í Ísafjardjúpi undan Snæfjallaströnd. Svæðið er fyrir það fyrsta inná landi jarðarinnar sem nær 115m út frá stórstraumsfjöru. Svæðið er til þess fallið að rýra gæði jarðarinnar verulega til útivistar og ferðaþjónustu. Svæði SN33 er til þess fallið að hindra veruleg aðkomu að jörðinni frá sjó. Svæði SN 33 liggur yfir legufærum mínum sem ég hef haft í sjó til aðkomu að jörðinni. Svæði SN33 er til þess fallið að eyðileggja upplifun göngufólks á svæðinu um lítt snortið landsvæði Ísafjarðarbæjar að óþörfu. Svæði SN 33 lýsir hroka Svæðisráðs að troða þessu uppí landsteina inná annarra manna lönd án þess að gera nokkura tilraun til að hafa frumkvæði að því að kynna þetta beint landeigendum. Svæðið SN 33 liggur á hafsvæði sem við fjölskyldan höfum stundað til útivistar og veiða undanfarin ár og verður nú eyðilaggt. þessu mótmæli ég. Ég hef leitast eftir upplýsingum hjá Skipulagi ríkisins en ekki fengið. Ég mótmæli því harðlega að erlendum auðfyrirtækjum sé ætlað þetta svæði og fá að ganga svo freklega á rétt minn og eigur í mínu eigin landi. Ég óska eftir því að Svæðisráð kynni mér nákvæmleg svæðið og hvers vegna það er svo freklega staðsett þarna, til að ég geti betur</p>	<p>Strandsvæðisskipulag Vestfjarða tekur til strandsvæðis eins og það er skilgreint í 3. gr. laga nr. 88/2018 um skipulag haf- og strandsvæða, þ.e. um er að ræða svæði frá netlögum að þeirri viðmiðunarlínu sem tilgreind er í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Eins og kemur fram í athugasemdum í 8. kafla í greinargerð frumvarps þess er varð að lögum nr. 88/2018 telst svæðið fyrir utan netlög vera hafalmenningur og er það ekki háð einkaeignarrétti og er á forræði ríkisins. Ákvæði skipulagsins eiga þannig einungis við innan þess svæðis sem lýst er hér að ofan.</p> <p>Stórstraumsfjöruborð eða netlög hafa ekki verið kortlögð af stjórnvöldum og því ríkir óvissa um legu netlaga sem getur haft áhrif á einstaka staði en að mati svæðisráðs mun þessi óvissa um nákvæmni markanna þó ekki hafa áhrif á stefnumótun strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum. Á meðan nákvæm lega netlaga liggur ekki fyrir er strandlínu varpað út um 115 metra. Svæðisráð telur að draga þurfi athygli að þessari óvissu og nefna hana í greinargerð og á uppdrætti.</p> <p>Strandsvæðisskipulag Vestfjarða er unnið á grundvelli laga um skipulag haf- og strandsvæða og á samkvæmt þeim að taka mið af fyrirliggjandi stjórnvaldsfyrirmælum, öðrum lögum og lögbundnum ákvörðunum um nýtingu og vernd haf- og strandsvæða. Við gerð strandsvæðisskipulags Vestfjarða hefur því verið tekið mið af þeim leyfum sem eru í gildi eða umsóknnum sem eru langt komnar í leyfisveitingaferli og á það við um reit SN33. Á reitnum hefur verið gefið út leyfi til fiskeldis ásamt því að umsókn um leyfi til fiskeldis liggur fyrir. Það er því ekki um að ræða að fiskeldi sé á öllum reitnum. Í almennum skipulagsskilmálum fyrir <i>staðbundna nýtingu</i> kemur fram að</p>

	<p>áttað mig á umfangi og réttindum þeirra sem þarna er ætlað að hafa umráð. Að ky -nningu lokinni áskil ég mér rétt til frekari mótmæla.“</p>	<p>hægt sé að fara um staðbundna nýtingareiti þar sem búnaður er ekki til staðar. Aðkomu að landi ætti því að vera greið.</p>
78	<p>Umhverfisstofnun</p> <p>„Afmörkun reita fyrir staðbundna nýtingu þar sem ekki liggur fyrir leyfi til fiskeldis kunna að stangast á við áherslur í náttúruvernd, sbr. til dæmis reit SN26 fyrir strandsvæðisskipulag Vestfjarða sem er inni á svæði sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur lagt til að fari á B-hluta náttúruminjaskrár en þar nærri er eyjan Vigur sem er vinsæll viðkomustaður ferðamanna.“</p>	<p>Strandsvæðisskipulag Vestfjarða er unnið á grundvelli laga um skipulag haf- og strandsvæða og skal samkvæmt þeim taka mið af fyrirliggjandi stjórnvaldsfyrirmælum, öðrum lögum og lögbundnum ákvörðunum um nýtingu og vernd haf- og strandsvæða. Við gerð strandsvæðisskipulags Vestfjarða hefur m.a. verið tekið mið af burðarþolsmati Hafrannsóknarstofnunar, útgefnum leyfum til fiskeldis og umsóknum sem eru langt komnar í leyfisveitingaferli og hafa lokið umhverfismati.</p> <p>Umsókn um leyfi til fiskeldis liggur fyrir á reit SN 26 og hefur framkvæmdin lokið mati á umhverfisáhrifum.</p>
79	<p>Stígur Berg Sophusson</p> <p>„Reitir sn021 og sn023 eru á gífurlega algengum siglingaleidum. Er ekkert horft í það við uppsetningu á þessu? Er ekkert talad við þá sem eru mest á ferdinni á svæðinu, þetta lítur út eins og það sé vadið áfram án nokkurrar vitneskju um núverandi nýtingu svæðisins. Ef þið viljið fá vitneskju um nýtingu og siglingaleidir endilega hafið samband. Í gudanna bænum ekki vada áfram í blindni í fallega djúpinu okkar“</p> <p>John</p> <p>„There is also an appearance of prioritising aquaculture over other areas. This may not be the case, but shipping lanes have been moved to accommodate aquaculture applications, even when this does not reflect the current routes used by ships in the Djúp (and likely, in other fjords as well). This has already resulted in issues with field SN23 (https://www.bb.is/2022/08/isafjardarbaer-skipulagsnefnd-vill-threngja-ad-eldi-i-djupinu/) and I am sure more of these issues will become apparent if there is an extended period of public consultation and more people can have a chance to look at it.“</p>	<p>Strandsvæðisskipulag Vestfjarða er unnið á grundvelli laga um skipulag haf- og strandsvæða og skal samkvæmt þeim taka mið af fyrirliggjandi stjórnvaldsfyrirmælum, öðrum lögum og lögbundnum ákvörðunum um nýtingu og vernd haf- og strandsvæða. Við gerð strandsvæðisskipulags Vestfjarða hefur m.a. verið tekið mið af útgefnum leyfum til fiskeldis og umsóknum sem eru langt komnar í leyfisveitingaferli og hafa lokið umhverfismati.</p> <p>Innviðaráðherra skipaði starfshóp um öryggi siglinga eftir að Vegagerðin og Samgöngustofa gerðu athugasemdir við tillögur að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða, þess efnis að reitir fyrir staðbundna nýtingu sem byggja á staðsetningu útgefna leyfa til fiskeldis liggja á svæðum sem samkvæmt vitakerfi landsins eru ætluð til siglinga. Svæðisráð hefur haft niðurstöður starfshópsins til hliðsjónar við mótun endanlegrar tillögu að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða. Sjá nánar viðbrögð við tillögum starfshóps nr. 46, 80 og 81.</p>

<p>80</p>	<p>Starfshópur um öryggi siglinga SN21 Óshlíð</p> <p>Á reit SN21 er umsókn um leyfi. Staðsetning leyfisumsóknar er óheppileg þar sem hvítur geiri sem grípur alla umferð inn í Ísafjarðardjúpi í dag yrði verulega skertur. Tæknilegar úrlausnir eru mögulegar, m.a. að þrengja hvítan geira Arnarnesvita og á móti reisa vita að Bjarnarnúpi. Lita þyrfti Óshólavita rauðan fyrir það svæði þar sem SN reitur fellur í hvítan geira hans. Aðgerðir til að tryggja öryggi siglinga gætu orðið kostnaðarsamar þar sem mögulega þarf að byggja nýjan vita. Einnig þarf mögulega að auka ljósmagn Arnarnesvita/Óshólavita þar sem vinnusvæði er komið fyrir framan þessa vita sem rýrir sjónarlengd þeirra vegna aukins ljósmagns fyrir nætursiglingar og endurmæla þarf þá upp miðað við breyttrar nýtingar á strandsvæðinu fyrir framan þá og ljósmengunar sem mögulega yrði frá kvíunum. Það þarf að gerast í samræmi við lög um vitamál þar sem merkingar á kvíum skulu gerast í samráði við Vegagerðina og þá þarf að taka tillit til m.a. væntrar starfsemi og umfangs og kvaðir um að leyfishafi skermi af vinnulýsingu sem lýsir út til sjós.</p> <p><i>Tillaga starfshóps:</i></p> <p>Mögulegt er að halda SN21 í tillögu en bæta þarf við ákvæðum um fjarlægð kvía frá mörkum hvíts geira og dýpi botnfestinga. Þannig sé gefið til kynna að eldi sé ekki mögulegt án breytts fyrirkomulags merkinga á svæðinu. Breyta þarf sjómerkjum til að koma til móts við þarfir um eldi og tryggja siglingaöryggi. Við breytinguna þarf að hafa samráð við Vegagerðina, Samgöngustofu og Landhelgisgæsluna, ásamt viðkomandi hafnaryfirvöldum á svæðinu.</p> <p><i>Lögð er til eftirfarandi breyting á lýsingu og ákvæðum skipulagsreits í greinargerð auglýstrar tillögu að strandsvæðisskipulagi:</i></p> <p>Reiturinn er innan siglingageira Arnarnesvita sem hefur áhrif á fyrirkomulag búnaðar innan reitsins þar sem ekki má sigla nær</p>	<p>Svæðisráð þakkar starfshópi fyrir gagnlegar ábendingar um hvernig hægt er að stuðla að siglingaöryggi. Svæðisráð hefur haft tillögur starfshópsins sem snúa að strandsvæðisskipulagi til hliðsjónar við mótun endanlegrar skipulagstillögu.</p> <p><u>Eftirfarandi breytingar verða gerðar á sérákvæðum á reit SN21 Óshlíð:</u></p> <p><u>Sértæk ákvæði:</u></p> <p>Þar sem leyfissvæði fiskeldis liggur inn á hvítum ljósgeira vitaljósa skal sjókvíaeldisstöð ekki vera innan hans eða nær mörkum ljósgeirans en 50 metra. Botnfestingar fiskeldiskvía (tóg og akkeri) skulu vera á meira en 15 metra dýpi (miðað við sjókortanúll) þar sem þær eru innan þess svæðis sem hvítur vitageiri afmarkar</p> <p>Við ákvörðun um leyfisveitingar skal leita umsagnar Landhelgisgæslunnar og Samgöngustofu um staðsetningu sjókvíaeldisstöðvar og festinga.</p> <p>Við nýtingu innan reitsins þarf að gæta að öryggi siglinga á SI6, þar með talið við útsetningu á búnaði og þjónustu við staðbundna nýtingu.</p> <p>Að öðru leyti er vísað til viðbragða við umsögn nr. 46, vegna breytinga sem gerðar verða á skipulagsgreinargerð, kafli 6.1, og almennu skipulagsákvæði, kafli 6.2.1.</p>
------------------	---	---

	<p>jaðri sjókvíaeldisstöðva en 50 metra samkvæmt reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Þar sem leyfissvæði fiskeldis liggur að hvítum ljósgeira vitaljósa skal sjókvíaeldisstöð hvorki vera innan hans eða nær mörkum ljósgeirans en 50 metra, nema áhættumat leiði í ljós að fjarlægð þurfi að vera meiri. Botnfestingar fiskeldiskvía (tóg og akkeri) skulu vera á meira en 15 metra dýpi (miðað við sjókortanúll) þar sem þær eru innan þess svæðis sem hvítur vitageiri afmarkar. - Einnig þarf að koma til skermun á vinnuljósum til sjós. - Breyta þarf sjómerkjum til að koma til móts við þarfir um eldi og tryggja siglingaöryggi. - Við ákvörðun um leyfisveitingar skal umsækjandi leggja fram gögn um staðsetningu sjókvíaeldisstöðvar,-festinga og sjómerkinga sem áætlað er að setja upp ásamt áhættumati um siglingaöryggi og leita umsagnar Vegagerðarinnar, Samgöngustofu, Landhelgisgæslunnar og viðkomandi hafnaryfirvalda. 	
<p>81</p>	<p>Starfshópur um öryggi siglinga SN23 Arnarnes</p> <p>Á svæðinu eru tvö leyfi í gildi og eitt í umsóknarferli. Tvær umsagnir bárust Skipulagsstofnun þar sem lagt er til að skipta reitnum upp til að rýmka fyrir umferð minni báta um svæðið og meðfram landi.</p> <p><i>Tillaga starfshóps m.t.t. mótvægisáðgerða:</i></p> <p>Lagt er til að reit SN23 verði skipt upp til að hleypa hvítum geira í gegn og að teknu tilliti til annarra umsagna sem bárust um reitinn.</p> <p>Hugsanlega þarf að bæta merkingum við þar sem útgefin leyfi liggja. Skoða þarf hvort koma þurfi til aukningar á ljósmagni Arnarnesvita í samræmi við vænta aukningu í forlýsingu fyrir framann vitann eða hvort skerma þurfi vinnulýsingu leyfishafa þar sem vinnuljós sem lýsir til hafs getur verið villuljós fyrir sjófarendur því það dregur úr sjáanleika vitaljóss sem er til staðar fyrir aftan svæðið.</p> <p>Einnig er mögulegt að setja nýjan vita á Kampsnes fyrir stýringu meðfram svæðinu og væntanlega umferð stórra skipa inn til Súðavíkur og Kalkþörungsverksmiðju.</p>	<p>Svæðisráð þakkar starfshópi fyrir gagnlegar ábendingar um hvernig hægt er að stuðla að siglingaöryggi. Svæðisráð hefur haft tillögur starfshópsins sem snúa að strandsvæðisskipulagi til hliðsjónar við mótun endanlegrar skipulagstillögu.</p> <p>Reit SN23 skipt upp í tvo reiti þannig að hvítur geiri sé utan þeirra</p> <p><u>Eftirfarandi breytingar verða gerðar á reit SN23 Arnarnes:</u></p> <p><u>Lýsing:</u></p> <p>Innan skipulagsreitsins liggja fyrir umsóknir um leyfi til fiskeldis. Samkvæmt siglingagögnum frá PAME fyrir árin 2017-2020 er töluverð umferð skipa um reitinn. Siglingar munu því færast nær miðju Ísafjarðardjúps. Aðliggjandi er skipulagsreitur fyrir siglingar, SI6. Í samráði við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum kom fram að skemmtisiglingar, þ.m.t. skútu- og kajaksiglingar, væru stundaðar innan reitsins. Reiturinn er að hluta innan siglingageira Arnarnesvita sem hefur áhrif á fyrirkomulag búnaðar innan reitsins þar sem ekki má sigla nær</p>

<p><i>Tillaga starfshóps m.t.t. útfærslu strandsvæðisskipulags:</i></p> <p>Lagt er til að bæta Vegagerðinni við sem umsagnaraðila í ákvæðum um samráð í tillögunni og bæta við ákvæði um fjarlægð kvía frá mörkum hvíts geira. Það hvort ákvæði séu nauðsynleg fyrir reiti veltr á útfærslu þeirra, þ.e. hversu nálægt mörkum ljósgeira þeir komi til með að vera.</p> <p>Viðbætur við lýsingu og ákvæði við reiti sem skapast eftir uppskiptingu SN23 eru eftirfarandi:</p> <p>Reiturinn liggur að siglingageira Arnarnesvíta sem hefur áhrif á fyrirkomulag búnaðar innan reitsins þar sem ekki má sigla nær jaðri sjókvíaeldisstöðva en 50 metra samkvæmt reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Við ákvörðun um leyfi skal umsækjandi leggja fram gögn um staðsetningu sjókvíaeldisstöðvar, festinga og sjómerkinga sem áætlað er að setja upp ásamt áhættumati um siglingaöryggi og leita umsagnar Vegagerðarinnar, Samgöngustofu, Landhelgisgæslunnar og viðkomandi hafnaryfirvalda. - Gera skal kröfu um skermun vinnulýsingar til sjós. <p>Þar sem leyfissvæði fiskeldis liggur að hvítum ljósgeira vitaljósa skal sjókvíaeldisstöð ekki vera nær mörkum ljósgeirans en 50 metra, nema áhættumat leiði í ljós að fjarlægð þurfi að vera meiri.</p>	<p>jaðri sjókvíaeldisstöðva en 50 metra samkvæmt reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.</p> <p><u>Sértæk ákvæði:</u></p> <p>Við ákvörðun um leyfisveitingar skal leita umsagnar Landhelgisgæslunnar og Samgöngustofu um staðsetningu sjókvíaeldisstöðvar og festinga.</p> <p>Við nýtingu innan reitsins þarf að gæta að öryggi siglinga á SI6, þar með talið við útsetningu á búnaði og þjónustu við staðbundna nýtingu.</p> <p>Að öðru leyti er vísað til viðbragða við umsögn nr. 46, vegna breytinga sem gerðar verða á skipulagsgreinargerð, kafli 6.1, og almennu skipulagsákvæði, kafli 6.2.1.</p>
<p>82 Starfshópur um öryggi siglinga SN26 Kirkjusund</p> <p><i>Tillaga starfshóps m.t.t. útfærslu strandsvæðisskipulags:</i></p> <p>Lagt er til að halda í legu reits en bæta við ákvæði um umsagnaraðila og ákvæði um fjarlægð kvía frá mörkum hvíts geira og dýpi botnfestinga.</p> <p>Viðbætur við lýsingu reits og ákvæði eru því eftirfarandi:</p> <p>Reiturinn er að hluta innan hvíta ljósgeira Arnarnesvíta sem hefur áhrif á fyrirkomulag búnaðar innan reitsins þar sem ekki má sigla nær jaðri sjókvíaeldisstöðva en 50 metra samkvæmt reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.</p>	<p>Svæðisráð þakkar starfshópi fyrir gagnlegar ábendingar um hvernig hægt er að stuðla að siglingaöryggi. Svæðisráð hefur haft tillögur starfshópsins sem snúa að strandsvæðisskipulagi til hliðsjónar við mótun endanlegrar skipulagstillögu.</p> <p><u>Eftirfarandi breytingar verða gerðar á reit SN26 Kirkjusund:</u></p> <p>Lýsing reits:</p> <p>Innan skipulagsreitsins liggur fyrir umsókn um leyfi til fiskeldis. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa verið stundaðar veiðar með rækjuvörpu, krók og línu innan reitsins. Reiturinn er inni á svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að fari á B-hluta náttúruminjaskrár. Nærri er eyjan Vigur sem er vinsæll</p>

	<p>- Þar sem leyfissvæði fiskeldis liggur að hvítum ljósgeira vitaljósa skal sjókvíaeldisstöð hvorki vera innan hans eða nær mörkum ljósgeirans en 50 metra, nema áhættumat leiði í ljós að fjarlægðin þurfi að vera meiri. Botnfestingar fiskeldiskvía (tóg og akkeri) skulu vera á meira en 15 metra dýpi (miðað við sjókortanúll) þar sem þær eru innan þess svæðis sem hvítur vitageiri afmarkar.</p> <p>Við ákvörðun um leyfi skal umsækjandi leggja fram gögn um staðsetningu sjókvíaeldisstöðvar, festinga og sjómerkinga sem áætlað er að setja upp ásamt áhættumati um siglingaöryggi og leita umsagnar Vegagerðarinnar, Samgöngustofu, Landhelgisgæslunnar og viðkomandi hafnaryfirvalda.</p>	<p>viðkomustaður ferðamanna. Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að nágrenni eyjunnar verði á B-hluta náttúruminjaskrár vegna fuglalífs en eyjan og nágrenni hennar er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði og þar er friðlýst æðarvarp. Takmarkanir eru á notkun skotvopna og lagningu neta í sjó nálægt friðlýstu æðarvarpi skv. reglugerð nr. 252/1996. Takmarkanir eru á notkun skotvopna og lagningu neta í sjó nálægt friðlýstu æðarvarpi skv. reglugerð nr. 252/1996. Reiturinn er að hluta innan hvíta ljósgeira Arnarnesvita sem hefur áhrif á fyrirkomulag búnaðar innan reitsins þar sem ekki má sigla nær jaðri sjókvíaeldisstöðva en 50 metra samkvæmt reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.</p> <p><u>Sértæk ákvæði:</u></p> <p>Við ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til vöktunar fuglalífs þar sem starfsemi kann að hafa áhrif á það. Við ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til sjónrænna áhrifa af starfsemi.</p> <p>Þar sem leyfissvæði fiskeldis liggur inni á hvítum ljósgeira vitaljósa skal sjókvíaeldisstöð ekki vera innan hans eða nær mörkum ljósgeirans en 50 metra. Botnfestingar fiskeldiskvía (tóg og akkeri) skulu vera á meira en 15 metra dýpi (miðað við sjókortanúll) þar sem þær eru innan þess svæðis sem hvítur vitageiri afmarkar.</p> <p>Að öðru leyti er vísað til viðbragða við umsögn nr. 46, vegna breytinga sem gerðar verða á skipulagsgreinargerð, kafli 6.1, og almennu skipulagsákvæði, kafli 6.2.1.</p>
83	<p>Starfshópur um öryggi siglinga SN31 Kaldalón <i>Tillaga starfshóps m.t.t. mótvægisáðgerða:</i></p> <p>Lagt er til að merkingar verði settar niður sem málamiðlun við útgefnu leyfi sem er staðsett í hvítum geira.</p> <p>Merkja þarf annarsvegar siglingaleiðina frá innanverðu Djúpinu og út Ísafjarðardjúp, með því að setja Vesturmerki á horn svæðisins sem vísar siglingum í hvítan geira Arnarnesvita. Hinsvegar þarf að merkja siglingaleiðina frá miðbik Djúpsins og stefnan sett á</p>	<p>Svæðisráð þakkar starfshópi fyrir gagnlegar ábendingar um hvernig hægt er að stuðla að siglingaöryggi. Svæðisráð hefur haft tillögur starfshópsins sem snúa að strandsvæðisskipulagi til hliðsjónar við mótun endanlegrar skipulagstillögu.</p> <p><u>Eftirfarandi breytingar verða gerðar á reit SN31 Kaldalón:</u></p> <p><u>Sértæk ákvæði:</u></p>

<p>innanvert Djúpið með Suðurmerki og hvítum geira Æðeyjarvita fylgt.</p> <p>Þannig þarf að bæta við tveimur höfuðáttamerkjum (Vesturmerki og <i>Suðurmerki</i>) sem staðsetja skal á mörkum svæðisins í suðurátt annarsvegar og hinvegar vestan megin við svæðið sem vísi þannig siglingum frá svæðinu eftir því úr hvorri áttinni er siglt að svæðinu og á hreinan sjó. Einnig þarf vinnulýsing að vera skermuð af þannig að hún lýsi ekki út á sjó. Í framtíðinni þarf að færa til svæðið þannig að það sé ekki inni á hvítum ljósgeisla.</p> <p><i>Tillaga starfshóps m.t.t. útfærslu strandsvæðisskipulags:</i></p> <p>Lagt er til að bæta Vegagerðinni við sem umsagnaraðila í ákvæðum um samráð í tillögunni og bæta við ákvæði um fjarlægð kvía frá mörkum hvíts geira og dýpi botnfestinga.</p> <p>Viðbætur við lýsingu reits og ákvæði eru eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Við ákvörðun um leyfi skal umsækjandi leggja fram gögn um staðsetningu sjókvíaeldisstöðvar, festinga og sjómerkinga sem áætlað er að setja upp ásamt áhættumati um siglingaöryggi og leita umsagnar Vegagerðarinnar, Samgöngustofu, Landhelgisgæslunnar og viðkomandi hafnaryfirvalda. - Þar sem leyfissvæði fiskeldis liggur að hvítum ljósgeira vitaljósa skal sjókvíaeldisstöð ekki vera nær mörkum ljósgeirans en 50 metra, nema áhættumat leiði í ljós að fjarlægð þurfi að vera meiri. Botnfestingar fiskeldiskvíá (tóg og akkeri) skulu vera á meira en 15 metra dýpi (miðað við sjókortanúll) þar sem þær eru innan þess svæðis sem hvítur vitageiri afmarkar. - Gert er ráð fyrir að fiskeldi sé víkjandi á hvítum ljósgeira frá Æðeyjarvita og að ekki verði um endurnýjun leyfa eða útgáfu nýrra leyfa að ræða innan hans, nema siglingarmerkjum verði breytt. <p>Gera skal kröfu um skermun vinnulýsingar til sjós.</p>	<p>Við ákvörðun um leyfisveitingar skal leita umsagnar Landhelgisgæslunnar og Samgöngustofu um staðsetningu sjókvíaeldisstöðvar og festinga.</p> <p>Við ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til sjónrænna áhrifa af starfsemi.</p> <p>Við ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til vöktunar fuglalífs þar sem starfsemi kann að hafa áhrif á það.</p> <p>Þar sem leyfissvæði fiskeldis liggur inn á hvítum ljósgeira vitaljósa skal sjókvíaeldisstöð ekki vera innan hans eða vera nær mörkum ljósgeirans en 50 metra. Botnfestingar fiskeldiskvíá (tóg og akkeri) skulu vera á meira en 15 metra dýpi (miðað við sjókortanúll) þar sem þær eru innan þess svæðis sem hvítur vitageiri afmarkar.</p> <p>Svæðisráð telur að ekki sé þörf á að tilgreina það sérstaklega að leyfi til fiskeldis sé víkjandi á hvítum ljósgeira eins og starfshópur leggur til. Með sérákvæði um að sjókvíaeldisstöð sé ekki nær hvítum ljósgeira en 50 m verður ekki hægt að veita nýtt leyfi innan hvíts geira þegar kemur að endurskoðun nema komi til breytinga á siglingamerkjum</p> <p>Að öðru leyti er vísað til viðbragða við umsögn nr. 46, vegna breytinga sem gerðar verða á skipulagsgreinargerð, kafla 6.1, og almennu skipulagsákvæði, kafla 6.2.1.</p>
<p>84 Starfshópur um öryggi siglinga SN32 Eyjahlíð</p>	<p>Svæðisráð þakkar starfshópi fyrir gagnlegar ábendingar um hvernig hægt er að stuðla að siglingaöryggi. Svæðisráð hefur</p>

Tillaga starfshóps m.t.t. mótvægisáðgerða:

Lagt er til að ekki verði heimilt að skipuleggja reit í hvítum ljósgeisla, enda er slíkt óheimilt skv. alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Mögulegt er að halda hafa starfsemi á þessu svæði ef siglingarleiðum er breytt. Ein leið til þess, sem þarfnast þó nánari skoðunar, er að slökkva á hvítum geira á Æðeyjarvita til vesturs en bæta við vita á Hólmatá (Ögurhólmi) sem markar örugga og fullnægjandi siglingarleið. Jafnframt væri mögulegt að halda í óbreytan geira en þrengja hann og færa eldissvæðið til norðaustur, út úr hvítum geira. Nánari útfærsla á nýrri siglingaleið þarfnast nánari útfærslu, rýni og samráðs við m.a. sjómannasamtök á svæðinu og notendur siglingaleiðanna og merkja.

Tillaga starfshóps m.t.t. útfærslu strandsvæðisskipulags:

Viðbætur við lýsingu og ákvæði eru eftirfarandi:

Reiturinn er innan hvíts siglingageira Æðeyjarvita sem hefur áhrif á fyrirkomulag búnaðar innan reitsins þar sem ekki má sigla nær jaðri sjókvíaeldisstöðva en 50 metra samkvæmt reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.

- Við ákvörðun um leyfi skal umsækjandi leggja fram gögn um staðsetningu sjókvíaeldisstöðvar, festinga og sjómerkinga sem áætlað er að setja upp ásamt áhættumati um siglingaöryggi og leita umsagnar Vegagerðarinnar, Samgöngustofu, Landhelgisgæslunnar og viðkomandi hafnaryfirvalda.

Þar sem leyfissvæði fiskeldis liggur að hvítum ljósgeira vitaljósa skal sjókvíaeldisstöð hvorki vera innan hans eða nær mörkum ljósgeirans en 50 metra, nema áhættumat leiði í ljós að fjarlægð þurfi að vera meiri. Botnfestingar fiskeldiskvía (tóg og akkeri) skulu vera á meira en 15 metra dýpi (miðað við sjókortanúll) þar sem þær eru innan þess svæðis sem hvítur vitageiri afmarkar. Einnig þarf að koma til skermun á vinnuljósum til sjós.

haft tillögur starfshópsins sem snúa að strandsvæðisskipulagi til hliðsjónar við mótun endanlegrar skipulagstillögu.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á reit SN32

Eyjahlíð:

Lýsing:

Innan skipulagsreitsins liggur fyrir umsókn um leyfi til fiskeldis. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa verið stundaðar plóg- og línuveiðar innan reitsins. Í samráði um gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum kom fram að á svæðinu væru rækjumíð. Reiturinn liggur nærri Æðey sem Náttúrufræðistofnun hefur einnig lagt til að fari á B-hluta náttúruminjaskrár vegna fuglalífs. Aðliggjandi land á Snæfjallaströnd, sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að fari á B-hluta náttúruminjaskrár, er á náttúruminjaskrá og nýtur hverfisverndar vegna fjölbreytts og mikilfenglegs landslags. Þá er Snæfjallaströndin og Drangajökulssvæðið allt vinsælt göngusvæði. **Reiturinn er innan hvíts siglingageira Æðeyjarvita sem hefur áhrif á fyrirkomulag búnaðar innan reitsins þar sem ekki má sigla nær jaðri sjókvíaeldisstöðva en 50 metra samkvæmt reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.**

Sértæk ákvæði:

Við ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til sjónrænna áhrifa af starfsemi.

Við ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til vöktunar fuglalífs þar sem starfsemi kann að hafa áhrif á fugla.

Þar sem leyfissvæði fiskeldis liggur inn á hvítum ljósgeira vitaljósa skal sjókvíaeldisstöð ekki vera innan hans eða vera nær mörkum ljósgeirans en 50 metra. Botnfestingar fiskeldiskvía (tóg og akkeri) skulu vera á meira en 15 metra dýpi (miðað við sjókortanúll) þar sem þær eru innan þess svæðis sem hvítur vitageiri afmarkar.

Að öðru leyti er vísað til viðbragða við umsögn nr. 46, vegna breytinga sem gerðar verða á skipulagsgreinargerð, kafli 6.1, og almennu skipulagsákvæði, kafli 6.2.1.

<p>85</p>	<p>Starfshópur um öryggi siglinga SN24 Langeyri <i>Tillaga starfshóps m.t.t. mótvægisáðgerða:</i> Núverandi leyfi þrengir að siglingarleið en í tillögu að strandsvæðisskipulagi er lagt til að minnka svæðið til að taka tillit til siglingarleiðar meðfram því. Tekið er undar þá nálgun en til viðbótar leggur vinnuhópurinn til að sett verði skilyrði um að bæta við siglingamerkjum á austurhorni reits og leiðarmerki (leiðarlínu) til að beina siglingum frá Eyrarfjalli. <i>Tillaga starfshóps m.t.t. útfærslu strandsvæðisskipulags:</i> Lagt til að bæta við ákvæði um að botnfestingar þurfi að vera í a.m.k. 15 metra dýpi þar sem reitur mætir siglingaleið. Viðbætur við lýsingu og ákvæði eru eftirfarandi: Þar sem leyfissvæði fiskeldis liggur að SI6 skal sjókvíaeldisstöð ekki vera nær mörkum siglingaleiðar en 50 metra, nema áhættumat leiði í ljós að fjarlægð þurfi að vera meiri. Botnfestingar fiskeldiskvía (tóg og akkeri) skulu vera á meira en 15 metra dýpi (miðað við sjókortanúll) þar sem þær eru innan þess svæðis sem siglingaleið afmarkar.</p>	<p>Svæðisráð þakkar starfshópi fyrir gagnlegar ábendingar um hvernig hægt er að stuðla að siglingaöryggi. Svæðisráð hefur haft tillögur starfshópsins sem snúa að strandsvæðisskipulagi til hliðsjónar við mótun endanlegrar skipulagstillögu. <u>Eftirfarandi breytingar verða gerðar á reit SN24 Langeyri:</u> <u>Sértæk ákvæði:</u> Þar sem leyfissvæði fiskeldis liggur að SI6 skal sjókvíaeldisstöð ekki vera nær mörkum siglingaleiðar en 50 metra. Botnfestingar fiskeldiskvía (tóg og akkeri) skulu vera á meira en 15 metra dýpi (miðað við sjókortanúll) þar sem þær eru innan þess svæðis sem siglingaleið afmarkar. Við nýtingu innan reitsins þarf að gæta að öryggi siglinga á SI6, þar með talið við útsetningu á búnaði og þjónustu við staðbundna nýtingu. Að öðru leyti er vísað til viðbragða við umsögn nr. 46, vegna breytinga sem gerðar verða á skipulagsgreinargerð, kafli 6.1, og almennu skipulagsákvæði, kafli 6.2.1.</p>
<p>86</p>	<p>Starfshópur um öryggi siglinga SN6 Kirkjuból SN7 Hringsdalur SN8 Hrísdalur <i>Tillaga starfshóps m.t.t. mótvægisáðgerða:</i> Fyrir Arnarfjörð almennt er lagt til að breyta núverandi hvítum geira og setja stýringu vitans í hvítu út eftir miðjum firðinum eða að endurnýja vita og setja nýjan stefnuvita eftir aðstæðum. Breyta þarf hvítum ljósgeira í rauðan þar sem SN reitir fara inn á hann en að þrengri hvítur geiri beinist bæði út fjörðinn og inn að Bíldudal. Endanleg útfærsla á breyttum siglingamerkjum og fjarlægðartakmarkanir eru háðar útkomu áhættumats.</p>	<p>Svæðisráð þakkar starfshópi fyrir gagnlegar ábendingar um hvernig hægt er að stuðla að siglingaöryggi. Svæðisráð hefur haft tillögur starfshópsins sem snúa að strandsvæðisskipulagi til hliðsjónar við mótun endanlegrar skipulagstillögu. <u>Eftirfarandi breytingar verða gerðar á reitum SN6 Kirkjuból, SN7 Hringsdalur og SN8 Hrísdalur:</u> Lýsing: Á skipulagsreitnum er leyfi til fiskeldis. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa verið stundaðar dragnóta- og krókaveiðar innan reitsins. Suðurströnd Arnarfjarðar og skaginn allur er á náttúruminjaskrá (nr. 340) vegna sérkennilegs og óvenjulegs landslags, grunnra dala milli hárra, þverhníþra hamrafjalla sem ganga fram undir sjó og fallegra skeljasandsfjara með</p>

		<p>auðugu fuglalífi. Í samráði við gerð strandsvæðisskipulags kom fram að suðurströnd Arnarfjarðar væri vinsæll útivistarstaður. Reiturinn er innan hvíts ljósgeira Langanesvita sem hefur áhrif á fyrirkomulag búnaðar innan reitsins þar sem ekki má sigla nær jaðri sjókvíaeldisstöðva en 50 metra samkvæmt reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.</p> <p>Að öðru leyti er vísað til viðbragða við umsögn nr. 46, vegna breytinga sem gerðar verða á skipulagsgreinargerð, kafli 6.1, og almennu skipulagsákvæði, kafli 6.2.1.</p>
87	<p>Starfshópur um öryggi siglinga SN1 Kvíngindisdalur <i>Tillaga starfshóps m.t.t. mótvægisáðgerða:</i> Finna þarf leið til að merkja siglingar frá höfn og framhjá kvíum í samráði við hafnaryfirvöld. Slökkva þarf á hvítum geira og setja rauðan geira í stað hans. Jafnframt þarf að merkja með baujum meðfram kvínni. Endanleg útfærsla á nýjum siglingarmerkjum og fjarlægðartakmarkanir eru háðar útkomu áhættumats. Útfærsluna þarf að vinna í samráði við hafnaryfirvöld á svæðinu auk Vegagerðar, Samgöngustofu og Landhelgisgæslu</p> <p><i>Tillaga starfshóps m.t.t. útfærslu strandsvæðisskipulags:</i> Lagt er til að bæta Vegagerðinni við sem umsagnaraðila í ákvæðum um samráð í tillögunni. Viðbætur við lýsingu og ákvæði eru eftirfarandi: Við ákvörðun um leyfi skal umsækjandi leggja fram gögn um staðsetningu sjókvíaeldisstöðvar, festinga og sjómerkinga sem áætlað er að setja upp ásamt áhættumati um siglingaöryggi og leita umsagnar Vegagerðarinnar, Samgöngustofu, Landhelgisgæslunnar og viðkomandi hafnaryfirvalda.</p>	<p>Svæðisráð þakkar starfshópi fyrir gagnlegar ábendingar um hvernig hægt er að stuðla að siglingaöryggi. Svæðisráð hefur haft tillögur starfshópsins sem snúa að strandsvæðisskipulagi til hliðsjónar við mótun endanlegrar skipulagstillögu.</p> <p><u>Eftirfarandi breytingar verða gerðar á reit SN1 Kvíngindisdalur:</u> <u>Sértæk ákvæði:</u> Þar sem leyfissvæði fiskeldis liggur inn á hvítum ljósgeira vitaljósa skal sjókvíaeldisstöð ekki vera innan hans eða vera nær mörkum ljósgeirans en 50 metra. Botnfestingar fiskeldiskvía (tóg og akkeri) skulu vera á meira en 15 metra dýpi (miðað við sjókortanúll) þar sem þær eru innan þess svæðis sem hvítur vitageiri afmarkar.</p> <p>Að öðru leyti er vísað til viðbragða við umsögn nr. 46, vegna breytinga sem gerðar verða á skipulagsgreinargerð, kafli 6.1, og almennu skipulagsákvæði, kafli 6.2.1.</p>
88	<p>Vesturbyggð „Í strandsvæðaskipulaginu er tíðrætt um að við ákvörðun um leyfisveitingar skuli tekin afstaða til sjónrænna áhrifa af</p>	<p>Strandsvæðisskipulagið leggur línur fyrir leyfisveitingarferli. Sett er fram sérákvæði um mat á sjónrænum áhrifum á þeim SN reitum sem eru annað hvort í nálægð við þéttbýli eða við svæði sem njóta landslagsverndar. Tilgangur þessara ákvæða er að</p>

	<p>starfseminni. Veturbyggð bendir á að í þararækt, kræklingarækt, fiskeldi og nýtingu annarra auðlinda sjálfar er iðulega um einhver sjónræn áhrif að ræða, þau eru þó alla jafna ekki varanleg og afturkræf. Mat á sjónrænum áhrifum ætti því jafnframt að lita til þess hvort um varanleg sjónræn áhrif er að ræða eða ekki.“</p>	<p>tryggja að leitað sé leiða til að lágmarka sjónræn áhrif, sé þess kostur. Það gerist þá ýmist í umhverfismatsferli og/eða í leyfisskilmálum. Þó svo að starfsemi á reitum í nýtingarflokknum <i>staðbundin nýting</i> sé ekki líkleg til að valda varanlegum sjónrænum áhrifum má gera ráð fyrir að starfsemin geti verið áratugi á þessum reitum. Ekki er talið rétt að hverfa frá ákvæðum um að tekið sé tillit til sjónrænna áhrifa við leyfisveitingar.</p>
<p>89</p>	<p>Felicity Aston og Gísli Jónsson</p> <p>„SN27 was installed this summer some 0.9nm from Vigur. The array not only involves dozens of large, brightly coloured buoys and mooring points but a vast expanse of coloured netting as well as solid white barriers and a forest of poles. [...] Worse, a huge two-story barge has been moored at the array which can be seen from not only Vigur very clearly but from across the fjord – and finally, now that darkness has returned, there are also flashing lights on the array and the barge. Even if you support fish farming in Ísafjarðardjúp, it cannot be ignored that SN27 has been completely inappropriately located. It is not placed in a remote part of the fjord but right next to one of its busiest tourist attractions and one of its very few permanently inhabited farms. It represents a massive and unacceptable intrusion into the landscape and now dominates both the historical structures on Vigur [...] Vigur has been transformed from a place of peace and untouched nature to a place that is filled with the noise of industry, passed regularly by boats – up to 8 times a day – where previously there was nothing. [...] All our efforts and financial resources have been poured into protecting Vigur and creating a refuge for threatened wildlife and now we can do nothing as we watch big industry move in and destroy everything we have been working for. It weighs heavily on us all and could well force us to give up on our work here on Vigur. There is little sense in us striving for greater protection and conservation on Vigur – representing deep economic loss to us – only for big industry to be operating so close to the island and reaping profit from the destruction of the wild aesthetic of the fjord“</p>	<p>Svæðisráð telur að almennt þurfi að leggja mat á sjónræn áhrif af starfsemi á strandsvæðum. Sértek skipulagsákvæði eru á reitum SN 26 og 27 um að taka skuli afstöðu til sjónrænna áhrifa við ákvörðun um leyfisveitingar á svæðunum.</p> <p>Strandsvæðisskipulag Vestfjarða er unnið á grundvelli laga um skipulag haf- og strandsvæða og skal samkvæmt þeim taka mið af fyrirliggjandi stjórnvaldsfyrirmælum, öðrum lögum og lögbundnum ákvörðunum um nýtingu og vernd haf- og strandsvæða. Við gerð strandsvæðisskipulag Vestfjarða hefur því verið tekið mið af þeim leyfum sem eru í gildi eða umsóknum sem eru langt komnar í leyfisveitingaferli.</p>

<p>90</p>	<p>Gísli Jónson</p> <p>„Við gerum athugasemdir við eftirfarandi svæði:</p> <p>SN27 Þarna er eldi þegar hafið og höfum við fengið reynslu af upplifun ferðamanna í Vigur í sumar af veru eldis í fyrðinum og hefur það þegar haft neikvæð áhrif á upplifun okkar gesta sem koma hingað til að sjá dýralíf og einstaka náttúru en þessi upplifun hefur spillst og fyrirtæki sem hafa komið með fólk til okkar eru þegar farin að leita að öðrum betri kostum fyrir farþega sína. Tekjutap í sumar er erfitt að mæla en við búumst við að einhvað verði um afbókanir næsta sumar af þessum völdum og setjum við spurningamerki við hvernig þetta verður bætt.Við erum spurð daglega af okkar viðskiptavinum hvernig það fáist staðist að fiskeldisleyfi séu veitt í svona mikilli nálægð við náttúruperluna Vigur. Þess má geta að fiskeldið er það fyrsta sem fólk sér þegar það kemur í land og gengur upp bryggjuna hjá okkur, og er í bakgrunni við myndatökur af sellátri sem hefur verið að sækja í sig veðrið síðustu ár eftir umtalsverða aukna verndun nærsvæðis selanna.</p> <p>SN26:</p> <p>Þetta svæðu er allt of nálægt Lundabyggðinni á Borg í Vigur þar sem ferðamenn og heimamenn njóta flugs lunda í þúsundatali yfir sumarið auk þess sem eldi á þessu svæði er mjög áberandi á siglingu okkar gesta til Vigur.</p> <p>SN23:</p> <p>Þetta svæði kemur til með að lengja umtalsvert siglingu í fyrir okkar gesti á leið í Vigur sem eykur kostnað og mengun.auk þess að vera í mikilli nálægð við siglingaleiðina og skerðir upplifun okkar ferðamanna.</p> <p>SN25:</p> <p>Þetta svæði verður mjög áberandi frá bæjarstæðinu í Vigur þar sem bærinn snýr í suður auk þess sem mataraðstaða snýr í suðvestur aftur er það neikvæð upplifun okkar gesta.</p> <p>Vill ég benda á að upplifun gesta er söluvara okkar hér í Vigur og neikvæð upplifun veldur því að rekstrargrundvöllur á eyjuni getur mjög auðveldlega brostið á stuttum tíma. Ástæða komu skemtiferðaskipa til Ísafjarðar og nærumhverfis er upplifun farðega</p>	<p>Strandsvæðisskipulag Vestfjarða er unnið á grundvelli laga um skipulag haf- og strandsvæða og skal samkvæmt þeim taka mið af fyrirliggjandi stjórnvaldsfyrirmælum, öðrum lögum og lögbundnum ákvörðunum um nýtingu og vernd haf- og strandsvæða. Við gerð strandsvæðisskipulag Vestfjarða hefur því m.a. verið tekið mið af þeim leyfum sem eru í gildi eða umsóknum sem eru langt komnar í leyfisveitingaferli og því ekki um að ræða að ákvörðun um staðsetningu hafi verið tekin við vinnslu strandsvæðisskipulagsins.</p> <p>Varðandi reit SN 23 þá var hann afmarkaður rúmt í auglýstri tillögu en verður tekinn í sundur til þess að tryggja öruggar siglingar í gegnum svæðið. Sjá nánar viðbrögð við athugasemdum starfshóps um öryggi siglinga nr. 81.</p> <p>Svæðisráð telur þó mikilvægt að í framtíðinni verði lagt mat á og horft til áhrifa fiskeldis á aðra starfsemi.</p>
------------------	---	--

	<p>þessara skipa og það þarf ekki mikið að breytast til þess að skipin ákveði að koma ekki á Vestfirði enda mikil samkeppni um þau bendi ég á Grænland, Norður og Svalbarða í þessu samhengi en við erum í beinni samkeppni við þessi lönd um gesti farðegaskipa.“</p>	
<p>91</p>	<p>Gísli Jónsson</p> <p>„Varðandi áhrif eldis á lífríki í djúpinu er ljóst að það er verulegt þegar um er að ræða tugþúsunda tonna eldi í þröngum fyrði. Það sem snýr beint að okkur er fyrst og fremst hugsanleg neikvæð áhrif á Æðarfugl en ekki er vitað hvaða áhrif þungmálmar hafa á fuglinn til lengri tíma (ásetuvarnir) fuglin er mjög langlífur og étur mikið af krækling sem vitað er að tekur í sig þungmálma. Þarna þarf náttúran og aldagamall búskapur sem hér er stundaður að njóta vafanns.</p> <p>Við setjum mikið spurningamerki við hraða uppbyggingar fiskeldis í Djúpinu og takmarkaðar rannsóknir, of litlu fé er varið í frumathuganir og of lítið er vitað um ástand svæðisins eins og það er núna. Þess má geta að ábúendur í Vigur hafa staðið fyrir talningum á fuglum í 2 sumur en eldri talningar eru takmarkaðar.</p> <p>Lundabyggðin í Vigur er feikna sterk, ein af fáum byggðum á landinu sem hafa ekki orðið fyrir áföllum undanfarin ár og samkvæmt Náttúrustoðu suðurland er ástæðan að Lundinn sækir í rækju í Djúpinu auk sandsílis og fleiri smáfiska. Ábúendur í Vigur hafa friðað lundann fyrir allri veiði síðan 2019.</p> <p>Vitað er að lúsalyf sem notuð eru í fiskeldi hafa áhrif á rækjustofna og þar með á Lundann í Vigur en lundinn í villtri náttúru er einn af okkar aðal aðráttarafl.</p> <p>[...] Hnúfubakur hefur snúið aftur í Djúpið og er ekki óalgengt að sjá 15-20 dýr á góðum degi. Þessi hvalagengd hefur skapað grundvöll fyrir fjölbreyttar hvalaskoðunarferðir og mikill vöxtur er í þeirri grein, mikið af þeim farðegum sem eru í hvalaskoðun koma við í Vigur og eru mikilvæg tekjustoð hjá okkur. Hnúfubakurinn er að sækja í Djúprækjuna og setjum við fyrirvara við þessi miklu eldisáform og að of litlar rannsóknir hafa verið gerðar á áhrifum eldis af þessari stærðargráðu á rækjustofna.“</p>	<p>Svæðisráð bendir á að strandsvæðisskipulagið og þær ákvarðanir um leyfisveitingar sem teknar eru á grundvelli þess miði að því að viðhalda heilbrigði skipulagssvæðisins, líffræðilegri fjölbreytni og framleiðslugetu hafsins til langs tíma. Við gerð strandsvæðisskipulags Vestfjarða hefur því m.a. verið tekið mið af burðarþolsmati Hafrannsóknarstofnunar um magn fiskeldis í einstaka fjörðum sem og þeim leyfum sem eru í gildi eða umsóknum sem eru langt komnar í leyfisveitingaferli. Ásamt því að tekið hefur verið tillit til náttúruverndarsvæða og svæða, þar sem ástæða þykir að hafa verndarsjónarmið að leiðarljósi.</p> <p>Svæðisráð telur mikilvægt að efla umhverfisvöktun lykillbreyta á skipulagssvæðinu og leggur ráðið áherslu á að viðkomandi stofnanir komi á umhverfisvöktun, sbr. viðbrögð við umsögn nr. 116.</p>

<p>92</p>	<p>Felicity Aston og Gísli Jónsson</p> <p>„As a large eider colony, Vigur is protected by the laws that grant protection to eider colonies in Iceland. The law clearly states that shots must not be fired within a 2km protection zone around a colony – but the law goes on to state that any mechanical disturbance is also prohibited within this protection zone during the eider nesting season, unless permission is granted by the landowners of the colony. (When we brought this issue to the attention of various authorities we were told that the law regarding mechanical disturbance did not apply across the 2km protection zone but on reading the law we believe this is clearly incorrect. This issue may therefore require a closer reading and professional interpretation of the law as it stands.) SN27 was installed“</p>	<p>Svæðisráð bendir á að í 3. gr. reglugerðar um friðun tiltekinna villtra fuglategunda, friðlýsingu æðarvarps, fuglamerkingar, hamskurð o.fl. nr. 252/1996 eru skilgreindar takmarkanir á athöfnum innan friðlýstra æðarvarpa. Þar segir: „Jafnframt felur friðlýsingin í sér að innan friðlýstra svæða er öll óviðkomandi umferð og röskun bönnuð, svo og óþarfa hávaði af völdum manna og véla, nema með leyfi varpeiganda.“ Svæðisráð telur því að ekki sé rétt að álykta að umferð vélknúinna farartækja sé bönnuð, nær friðlýstu æðarvarpi en 2 km.</p>
<p>93</p>	<p>Felicity Aston og Gísli Jónsson</p> <p>„Even though SN27 and SN26 will be located right on the doorstep of Vigur, we and our community will not benefit from the profits of this enterprise. The fish farming may bring a handful of jobs to Súðavík – a village where nobody needs jobs - but the majority of the advantages will be felt by those who do not live in the vicinity and do not suffer the intrusion of these farms. The fish farming will not bring significant development to the area – nobody has promised better roads, a tunnel, better healthcare or school facilities. The situation in Ísafjarðardjúp is not the same as in the southern Westfjords. Here in Ísafjarðardjúp there is a strong established tourism economy which provides good employment and healthy income – particularly in the form of cruise ships. At the same time as not bringing development to the area, the fish farming will be detrimental to existing businesses and income – particularly tourism which is so vital to the economy. It is not fair or ethical to wish to replace an industry that fuels so much of the local economy with an industry that will only benefit very few and only those who do not live in the area and do not suffer its detrimental effects“</p>	<p>Strandsvæðisskipulag Vestfjarða er unnið á grundvelli laga um skipulag haf- og strandsvæða og á samkvæmt þeim að taka mið af fyrirliggjandi stjórnvaldsfyrirmælum, öðrum lögum og lögbundnum ákvörðunum um nýtingu og vernd haf- og strandsvæða. Við gerð strandsvæðisskipulag Vestfjarða hefur því verið tekið mið af þeim leyfum sem eru í gildi eða umsóknum sem eru langt komnar í leyfisveitingaferli.</p> <p>Tillaga að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða gerir ekki ráð fyrir meira lífrænu álagi en kemur fram í burðarþolsmati. Í tillögunni eru einnig ákvæði um heildstæða vistkerfisvöktun til að hægt sé að fylgjast með hvort áhrif starfsemi innan skipulagsins séu í samræmi við vistkerfisnálgun.</p> <p>Leiði vöktun í ljós að sú nýting sem leyfð er á strandsvæðum Vestfjarða hafi neikvæð áhrif á vistkerfið er ljóst að hún er ekki í samræmi við stefnu strandsvæðisskipulagsins. Svæðisráð telur mikilvægt að efla umhverfisvöktun lykilbreyta á skipulagssvæðinu og leggur ráðið áherslu á að viðkomandi stofnanir komi á umhverfisvöktun, sbr. viðbrögð við umsögn nr. 116.</p>

Almenn nýting

Nr.	Umsagnaraðili og umsögn	Viðbrögð svæðisráðs
94	<p>Súðavíkurhreppur</p> <p>„[...] að lína sem afmörkuð er utan við Æðey vegna áhættumats erfðablöndunar verði fjarlægð úr skipulaginu svo fljótt sem auðið er verð áhættumati breytt.“</p>	<p>Áhættumat erfðablöndunar skal endurskoða svo oft sem þurfa þykir en þó eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti. Tekið er undir með Súðavíkurhreppi að ekki sé æskilegt að binda áhættumat í strandsvæðisskipulagi. Sú lína sem vísað er til við Æðey eru mörk tveggja skipulagsreita í <i>almennri nýtingu</i>. A14 Innanvert Ísafjarðardjúp og A15 Utanvert Ísafjarðardjúp. Línan er ekki tákn fyrir svæði vegna áhættumats erfðablöndunar.</p> <p>Skipting reita í <i>almenna nýtingu</i> setur engar skorður á að hverskonar eldi verði heimilað á reitum fyrir staðbundna nýtingu. Á skipulagsreitum fyrir almenna nýtingu er almenna reglan sú að mögulegt er að veita leyfi fyrir staðbundna nýtingu að undangengnum ákveðnum skilyrðum. Á reit A14 er sértækt skipulagsákvæði um að þessi almenna heimild sé ekki fyrir hendi. Ástæða þess er að við innanvert djúp er orðið þröngt um aðra starfsemi vegna skipulagsreita í staðbundinni nýtingu og er því rými fyrir rækjuveiðar og aðrar atvinnuveiðar orðið takmarkað. Svæðisráð telur því mikilvægt að setja sértæk skipulagsákvæði fyrir innanvert Ísafjarðardjúp til að tryggja að ekki verði gengið meira á svigrúm hefðbundinnar nýtingar en þegar hefur verið gert.</p>
95	<p>Vegagerðin</p> <p>„Varp efna í hafið, einnig kallað losun efnis í hafið er skilgreint undir flokknum Almenn nýting (A).</p> <p>Í töflu 5 er eitt slíkt skilgreint í lið A15 utan við Bolungarvík. Vegagerðin hefur upplýsingar um að fengin hafi verið leyfi fyrir losun efna í hafið vegna dýpkunarframkvæmda í höfninni á Patreksfirði, en þess er ekki getið undir lið A2“</p>	<p>Svæðisráð þakkar ábendinguna og bætir við upplýsingum um leyfi til varps efna í Patreksfjörð.</p> <p><u>Eftirfarandi breytingar verða gerðar á lýsingu á reit A2:</u></p> <p><u>Lýsing:</u></p> <p>Á mestöllum skipulagsreitnum eru stundaðar veiðar, aðallega krókaveiðar en einnig dragnótaveiðar og línu- og netaveiðar. Umferð skipa er um mestallan fjörðinn. Örlygshöfn er hluti af hafnar svæði Vesturbyggðar samkvæmt hafnarreglugerð. Í samráði við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum kom fram að</p>

		kajaksiglingar væru stundaðar innan reitsins. Á reitnum er leyfi til losunar efna í hafið vegna dýpkunarframkvæmda.
96	<p>Umhverfisstofnun</p> <p>„Varðandi Strandsvæðisskipulag fyrir Vestfirði, vekur Umhverfisstofnun athygli á að á skipulagsuppdraettinum eru svæði í Ísafjarðardjúpi merkt A15 og A16 en ættu að vera merkt sem A14 og A15 samkvæmt lýsingu á bls. 49 í greinargerð. Í lýsingu á svæði A15, Utanvert Ísafjarðardjúp, segir m.a. í greinargerð að utan við Bolungarvík sé leyfi til losunar efnis í hafið. Ekki kemur nánar fram til hvaða leyfis er vísað. Umhverfisstofnun veitti með bréfi dags. 15. september 2021 leyfi til að varpað yrði í hafið austan við Bolungarvíkurhöfn allt að 16.000 m3 af sandi úr höfninni vegna viðhaldsdýpkunar. Leyfið er afmarkast við þessa tilteknu framkvæmd.“</p>	<p>Svæðisráð þakkar ábendinguna. Ekki er fullt samræmi í númerum reita í vefsíðu og á skipulagsuppdraetti. Við gerð endanlegrar tillögu verður þess gætt að fullt samræmi verði á númerum reita á skipulagsvefsíðu, skipulagsuppdraetti og í skipulagsgreinargerð.</p> <p>Svæðisráð telur ekki ástæða til að gera frekari grein fyrir leyfi til losunar efna í lýsingum reits A15. Skilmálar almennrar nýtingar gera ráð fyrir að hægt sé að losa efni innan reitsins.</p>
97	<p>Umhverfisstofnun</p> <p>„Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin hefur veitt Íslenska kalkþörungafélaginu leyfi til varps í hafið út af Kópanesi í Arnarfirði. Það kemur hins vegar ekki fram í umfjöllun um svæði A4 í greinargerðinni. Núgildandi leyfi var veitt árið 2020 fyrir ákveðnu magni af efni og hægt er að nálgast staðsetningu varpsstaðar hjá stofnuninni.“</p>	<p>Svæðisráð þakkar ábendinguna. Umrætt leyfi er inn á reit SI2 og verður þeim upplýsingum bætt við í lýsingu reitsins.</p> <p><u>Eftirfarandi breytingar verða gerðar á lýsingu á reit SI2:</u></p> <p><u>Lýsing:</u></p> <p>Mikil skipaumferð er um fjörðinn enda fjölbreytt starfsemi sem þar fer fram, t.a.m. veiðar, fiskeldi, efnistaka og ferðaþjónusta. Bíldudalshöfn er skilgreind sem höfn í grunnneti samgangna. Við Bíldudalsvog liggja fjarskipta- og raforkustrengir sem þvera skipulagsreitinn. Á reitnum er leyfi til losunar efna í hafið.</p>
98	<p>Umhverfisstofnun</p> <p>„Í greinargerðunum, þar sem fjallað er um skipulagsreiti í nýtingarflokki Almenn nýting (A), kemur fram að heimilt sé að vera með staðbundna auðlindanýtingu, svo sem fiskeldi, skeldýrarækt, efnistöku og ræktun, slátt sjávargróðurs og sambærilega nýtingu innan þeirra reita að teknu tilliti til hagsmuna almennrar nýtingar. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fiskeldi sé innan skipulagsreitsins Staðbundin nýting (SN). Með því sé fyrirsjáanleiki og skýrleiki aukinn.“</p>	<p>Svæðisráð bendir á að heimild til að leyfa fiskeldi á <i>almennri nýtingu</i> er hluti af því að veita ákveðinn sveigjanleika bæði fyrir nýja starfsemi en ekki síst fyrir starfsemi sem þegar er á svæðinu og sem vegna aðstæðna þarf að flytja um set.</p> <p>Við framfylgd skipulagsins þarf að liggja fyrir rökstudd beiðni frá leyfisveitanda um að veita eigi undanþágu á reitum fyrir <i>almenna nýtingu</i> og fyrir <i>staðbundna nýtingu</i> áður en ákvörðun er tekin um hvort heimila eigi slíka undanþágu.</p>

Náttúruvá

Nr.	Umsagnaraðili og umsögn	Viðbrögð svæðisráðs
99	<p>Veðurstofa Íslands</p> <p>„Rétt er að leggja áherslu á ofanflóðahættuna í strandsvæðisskipulaginu, en í 16. gr. í reglugerðar 505/2000 segir:</p> <p><i>Ef gildandi svæðis- og/eða aðalskipulag er ekki í samræmi við gert hættumat skal endurskoða skipulagið þannig að það verði í samræmi við hættumatið. Hættumati skal skila inn sem fylgiskjali með tillögu að svæðis- og aðalskipulagi þar sem það á við. Skipulagsáætlanir fyrir svæði utan þéttbýlis skulu ætíð samþykktar og/eða staðfestar með fyrirvara um hugsanlega ofanflóðahættu sem ljós kann að verða við hættumat á einstökum svæðum, sbr. 1. mgr. 8. gr.</i></p> <p><i>Taka skal fullt tillit til hættumats við alla skipulagsgerð. Við endurskoðun aðalskipulags skal sveitarstjórn meta hvort ástæða sé til að endurskoða hættumat.</i></p> <p><i>Óheimilt er að skipuleggja íbúðabyggð, frístundabyggð eða svæði fyrir atvinnustarfsemi á áður óbyggðum svæðum nema tryggt sé að áhætta fólks m.t.t. ofanflóða verði ásættanleg, sbr. 11. gr. ““</i></p>	<p>Svæðisráð tekur undir að meta þarf hættu á ofanflóðum vegna framkvæmda á strandsvæðum og bendir á að slíkt mat þurfi að fara fram í umhverfismati hvernar framkvæmdar.</p> <p>Ráðið telur ástæðu til þess að endurskoða reglugerð um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats nr. 505/2000 með hliðsjón af þessari nýju skipulagsgerð, sem strandsvæðisskipulagið er, en í reglugerðinni er fjallað um samræmi hættumats við gerð svæðis- og/eða aðalskipulags.</p> <p>Einnig telur svæðisráð að í umhverfismati framkvæmda þurfi að leggja mat á hættu af slysasleppingum ef líkur eru á að ofanflóð falli á eldiskvíar.</p>

Framfylgd

Nr.	Umsagnaraðili og umsögn	Viðbrögð svæðisráðs
100	<p>Tálknafjarðarhreppur</p> <p>„Vakin er athygli á nauðsyn vöktunar og eftirfylgni með framkvæmd skipulagsins og þá sér í lagi þar sem skörun er á milli staðbundinnar nýtingar á SN3 og SN4 við umhverfi og náttúru UN3. Einnig bendir Tálknafjarðarhreppur á mikilvægi frekari rannsókna á skipulagssvæðinu þannig að tryggt sé að nýjustu upplýsingar séu ávallt tiltækar.“</p>	<p>Svæðisráð tekur undir með Tálknafjarðarhreppi um mikilvægi þess að strandsvæðisskipulaginu sé fylgt eftir með heildstæðri umhverfisvöktun og eftirfylgni. Skerpt verður á umfjöllun um hlutverk stofnana í kafla 7.2 Vistkerfisnálgun, umhverfisvöktun, sbr. viðbrögð við umsögn nr. 116.</p> <p>Samkvæmt lögum um skipulag haf- og strandsvæða er Skipulagsstofnun gert að hafa yfirlit um öll leyfi í landupplýsingagátt. Stofnunni hefur einnig heimildir til að afla upplýsingar hjá rekstraraðilum og leyfisveitendum til að ganga úr skugga um að starfsemin samræmist viðkomandi strandsvæðisskipulagi.</p>
101	<p>Vesturbyggð</p> <p>„Hvorki í skipulaginu sjálfu né í Lögum um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018 er gildistími skipulagsins skilgreindur og ekki eru sett skilyrði um endurskoðun skipulagsins. Lagt er til að settur verði gildistími fyrir skipulagið líkt og gert er með aðalskipulög sveitarfélaga. Rætt er um að strandsvæðaskipulag sé lifandi plagg, en áhyggjur eru á að erfitt verði að gera breytingar á skipulaginu í samræmi við vilja sveitarfélaganna.“</p> <p>„Ekki er skilgreindur afgreiðslufrestur erinda sem berast vegna breytinga á skipulaginu, hér þarf að skilgreina ramma til að auka skilvirkni og gagnsæi skipulagsins. Þá er ekki skilgreindur kærufrestur ef koma upp hagsmunaárekstrar, né hver kæruleið niðurstöðu svæðisráðs sé.“</p> <p>Ísafjarðarbær</p> <p>„Bæjarstjórn leggur til að strandsvæðaskipulagið hafi gildistíma líkt og aðalskipulag, þannig tryggt sé að skipulagið sé endurskoðað og fái umfjöllun með reglubundnum hætti“</p> <p>Umhverfisstofnun</p>	<p>Líkt og bent er á þá er ekki kveðið á um gildistíma strandsvæðisskipulags í lögum um skipulag haf- og strandsvæða. Skipulagið er því í gildi þar til það verður endurskoðað. Í rauninni á það sama við um aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaga. Þó stefna þeirra miði við ákveðið tímabil þá fellur það ekki sjálfkrafa úr gildi þegar því tímabili lýkur.</p> <p>Svæðisráð tekur undir að heppilegt sé að skýra betur þann ramma um meðferð þeirra óska sem berast um breytingar á strandsvæðisskipulagi. Skerpa mætti á málsmeðferðinni með endurskoðun og/eða breytingu á reglugerð um gerð strandsvæðisskipulags.</p>

	<p>"Umhverfisstofnun telur skýrara ef skipulagið hefur tiltekinn gildistíma, eins og skipulagsáætlanir hafa almennt, sérstaklega að teknu tilliti til svæða þar sem í sérákvæðum er tilgreind víkjandi starfsemi."</p> <p>Orkubú Vestfjarða</p> <p>„Orkubú Vestfjarða tekur undir þær athugasemdir frá Ísafjarðarbæ sem snúa að gildistíma strandsvæðaskipulagsins til að tryggja að skipulagið sé endurstkóðað með reglubundnum hætti. Einnig það að íbúa/landeigendur á svæðinu hefðu mátt hafa aðkomu að málinu fyrir í ferlinu.“</p>	
<p>102</p>	<p>Matvælastofnun</p> <p>„Í nokkrum stöðum í skipulaginu kemur fram að við ákvörðun um leyfisveitingar skuli leita umsagnar Landhelgisgæslunnar og Samgöngustofu um staðsetningu sjókvíaeldisstöðvar og festingar. Matvælastofnun telur heppilegra að slíkt samráð komi fyrir fyrir í ferlinu, þ.e.a.s. þegar framkvæmdin er skoðuð m.t.t. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Slíkt myndi leiða til þess að hægt sé að bregðast við athugasemdum um staðsetningu og festingar á víðtækari hátt“</p>	<p>Svæðisráð telur að mikilvægt sé að skýrt sé hvenær í því ferli sem leiðir til leyfisveitinga ákveðnir þætti fari fram. Ákvæði um að leita skuli umsagna Landhelgisgæslu og Samgöngustofu um staðsetningu sjókvíaeldisstöðva og festinga falla út þar sem almennu skipulagsákvæði um gerð áhættumats verði bætt við nýtingarflokkinn <i>staðbundin nýting</i>, sbr. viðbrögð við umsögn nr. 46.</p> <p>Einnig telur svæðisráð mikilvægt að endurskoða orðalag ákvæða sem varða ákvörðun um leyfisveitingar.</p> <p><u>Eftirfarandi breytingar verða gerðar á skipulagsgreinargerð:</u></p> <p>Við umhverfismat og ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til vöktunar fugla og sela þar sem starfsemi kann að hafa áhrif á dýrategundirnar.</p> <p>Breyta þarf orðalagi þannig að öll sambærileg ákvæði breytist á sama hátt.</p>
<p>103</p>	<p>Matvælastofnun</p> <p>„Í skipulaginu kemur fram að við leyfisveitingu skuli stofnunin taka afstöðu til sjónrænna áhrifa af starfsemi fiskeldisins. Matvælastofnun telur slíkt óraunhæft nema matskvarðar séu til staðar til viðmiðunar“</p>	<p>Sjónræn áhrif eru skoðuð í umhverfismati og þróast hefur aðferðafræði við það, t.d. gerð sýnileikakorta, ásýndarmynda og teikninga sem hjálpa til við að átta sig á stærðum, staðsetningum í landslagi og hlutföllum. Fyrir framkvæmdir sem eru matsskyldar skv. lögum nr. 111/2021 má reikna með að slíkar greiningar liggi fyrir.</p>

104	<p>Háskólaþing Vestfjarða</p> <p>„Í kafla 7.3 eru upplýsingar um eftirfylgni skipulagsins og hvernig staðbundin nýting getur átt sér stað á svæðum fyrir almenna nýtingu, en sambærilegt ákvæði um starfsemi á viðkvæmum svæðum er að finna undir lið 7.1. og er orðað miklu loðnara. Eins og bent var á undir fjórða lið, vaknar grunur um að hér liggi til grundvallar ómeðvitað mat, sem þó gegnsýrir allar ákvarðanir. Verra væri ef matið væri ekki ómeðvitað.“</p>	<p>Þær tilvísanir sem koma fram í athugasemdinni snúa að sitt hvorum nýtingarflokknum og því ekki óeðlilegt að orðalagið sé misjafnt. Í kafla 7.1 er verið að fjalla um starfsemi, ferðaþjónustu sem kann að vilja nýta sér svæði sem eru á nýtingarreitum <i>umhverfi og náttúra</i>. Í kafla 7.3. er hins vegar verið að fjalla um hvað beri að horfa til komi til álita að veita leyfi fyrir staðbundna nýtingu á reitum fyrir almenna nýtingu. Leyfisveitingar fyrir <i>staðbundna nýtingu</i> eru í mun fastari skorðum en fyrir ferðaþjónustu og því getur skipulagið talað skýrar um þau tilvik.</p>
105	<p>Háskólaþing Vestfjarða</p> <p>„Gert er grein fyrir tengslum við leyfisveitendur í kafla 1.3 en í kafla 7.5 eru leyfisveitendur upp taldir. Vægi þeirra og staða gagnvart strandsvæðaskipulagi er óljóst. Annars vegar byggir strandsvæðisskipulagið á núverandi leyfisveitingum og reglum stofnana, hins vegar eiga framtíðar leyfin að útgefast í samræmi við skipulagið. Óljóst er hver er rétt hærra ef t.d. reglur um leyfisveitingar breytast innan ákveðinna stofnana eða ef stofnanir komast að mismunandi niðurstöðum vegna mismunandi túlkunar á t.d. vistkerfisnálgun.“</p>	<p>Í lögum um gerð haf- og strandsvæðisskipulags (8. gr) kemur skýrt fram að leyfi skuli samræmast gildandi strandsvæðisskipulagi sé það fyrir hendi. Í lögum kemur einnig fram að við gerð skipulagsins skuli taka mið af þeim leyfum sem eru í gildi. Í þeim tilvikum sem fram kemur að ákveðið leyfi sé víkjandi innan einhvers reits gerist það eftir að nógildandi leyfi rennur út.</p> <p>Hvað varðar mat á niðurstöðum einstakra stofnana við leyfisveitingar er Skipulagsstofnun ætlað það hlutverk að leita upplýsinga um einstaka framkvæmdir eða starfsemi til að ganga úr skugga um að hún samræmist viðkomandi strandsvæðisskipulagi.</p>
106	<p>Umhverfisstofnun</p> <p>„Í greinargerðum áætlanna kemur fram að ef vafi leiki á, leiðbeini Skipulagsstofnun um samræmi framkvæmda og starfsemi við strandsvæðisskipulagið. Mikilvægt sé að leyfisveitendur leiti umsagnar Skipulagsstofnunar um samræmi við strandsvæðisskipulagið þegar fjallað er um leyfisumsóknir. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við ofangreint ferli en telur að mikilvægt sé að skipulagsáætlarnar séu skýrar um hvort leita skuli umsagnar Skipulagsstofnunar við allar leyfisveitingar vegna starfsemi á skipulagssvæðunum eða einungis þegar vafi leiki á um samræmi við skipulagið. Einnig má vera skýrara hvað átt er við með umfjöllun leyfisumsókna.“</p>	<p>Svæðisráð tekur undir að skýra megi betur hlutverk Skipulagsstofnunar að þessu leyti.</p> <p><u>Eftirfarandi breytingar verða gerðar á inngangi að 7.</u></p> <p><u>Kafla:</u></p> <p>Ef vafi leikur á, leiðbeinir Skipulagsstofnun um samræmi framkvæmda og starfsemi við strandsvæðisskipulagið. Í þeim tilvikum er mikilvægt að leyfisveitendur leiti umsagnar Skipulagsstofnunar um samræmi við strandsvæðisskipulag þegar fjallað er um leyfisumsóknir snemma í leyfisveitingaferlinu og umhverfismatsferli þar sem það á við.</p>
107	<p>Minjastofnun</p>	<p><u>Eftirfarandi breytingar eru lagðar til:</u></p>

	<p>„Minjastofnun vill einnig koma þeirri ábendingu á framfæri að það er misjafnt hvaða stjórnvald fer með ábyrgð á skipulagi haf- og strandsvæða og leyfisveitingar til framkvæmda á þeim en ríkið fer t.d. með lögsögu utan netlaga. Mikilvægt er að öll framkvæmdamál komi inn til umsagnar Minjastofnunar, óháð því hvort að um sé að ræða framkvæmdir innan eða utan netlaga.“</p>	<p>Á eftir fjórðu málsgrein í kaflanum „6.1 Takmarkaðar upplýsingar“ kemur:</p> <p>Pá liggja ekki fyrir upplýsingar um menningarminjar á hafsbotni og því mikilvægt að leitað sé umsagnar Minjastofnunar vegna framkvæmda á skipulagssvæðinu, við umhverfismat framkvæmda og áður en leyfi er veitt.</p>
<p>108</p>	<p>Umhverfisstofnun</p> <p>„Í umfjöllun um almenn skipulagsákvæði vegna skipulagsreita í nýtingarflokknum Siglingar kemur meðal annars fram að „almennt er ekki gert ráð fyrir haugsetningu innan reita fyrir siglingar en mögulegt er að veita slík leyfi að undangenginni umsögn hafnaryfirvalda þar sem ekki er mælt gegn slíkri nýtingu.“ Umhverfisstofnun vekur athygli á að allt varp efna og hluta í hafið er háð leyfi Umhverfisstofnunar. Notkun efnis í opna landfyllingu telst vera varp í hafið og er leyfisskyld, sbr. leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis.“</p>	<p>Svæðisráð bendir á að Umhverfisstofnun er talin upp sem leyfisveitandi í kafla 7.5 vegna varpsefna í hafið.</p>
<p>109</p>	<p>Umhverfisstofnun</p> <p>„Í skipulagstillögunum er fjallað um hvort framkvæmdir utan friðlýstra svæða geti á einhvern hátt haft áhrif inn á friðlýstu svæðin. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að skv. 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd þarf að leita umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt ef framkvæmdir geta haft áhrif á verndargildi svæðanna, eins og segir í greininni; „Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.““</p>	<p>Svæðisráð þakkar ábendinguna og bætir Umhverfisstofnun við í umfjöllun um leyfisveitendur.</p> <p>Eftirfarandi breytingar verða gerðar á kafla 7.5:</p> <p>Á eftir upptalningu á leyfisveitendum kemur:</p> <p>Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem eru leyfisskyldar samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsts svæði skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis og leita umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt.</p>

Vöktun og rannsóknir

Nr.	Umsagnaraðili og umsögn	Viðbrögð svæðisráðs
110	<p>Háskólasetur Vestfjarða</p> <p>„Margsinis er bent á vistkerfisnalgun til að taka ákvarðanir um nýtingu sem ekki er tekið tillit til í strandsvæðisskipulagi. Ákvæði í lið 7.2 eru góð og gild, en svæðisráðið í sjálfu sér of veik eining og tannlaus til að tryggja að þeim sé fylgt eftir og til að komið verði á fót heildstæðari umhverfisvöktun lykildreyta.“</p>	<p>Tekið er undir með Háskólasetri Vestfjarða að svæðisráð eitt og sér hefur ekki burði til að ráðast sjálf í þá vöktun sem vistkerfisnalgun krefst. Engu að síður telur svæðisráð mikilvægt að draga sérstaklega fram nauðsyn þess að ráðist sé í þessa vöktun enda á vistkerfisnalgun að vera forsenda skipulagsákvarðana. Í umfjöllun um framfylgd strandsvæðisskipulagsins er því sérkafla um nauðsyn þess að sett verði af stað heildstæð umhverfisvöktun á strandsvæði Vestfjarða. Skerpt verður á umfjöllun um hlutverk stofnana í kafla 7.2 Vistkerfisnalgun, umhverfisvöktun, sbr. viðbrögð við umsögn nr. 116.</p>
111	<p>Pétur G. Thorsteinsson fyrir hönd landeiganda í Ármúla og Melgraseyri í Strandabyggð og Unaðsdal.</p> <p>„Ljóst er að engar rannsóknir hafa enn verið gerðar á þessu svæði um áhrif á lífríkið, hvort heldur sjávardýra eða fuglalíf, og megi því ekki gera ráð fyrir sjókvíældi eða námuvinnslu í skipulaginu fyrir en að þeim loknum. Þarna er um að ræða mikið magns sjávarfugls, m.a. æðarfugls, sjóbleikju, lax, kola, rækju o.fl.“</p>	<p>Svæðisráð telur að efla ber rannsóknir á náttúruferri, dýralífi og umhverfis strandsvæðis Vestfjarða. Í umfjöllun um framfylgd strandsvæðisskipulagsins er því sérkafla um nauðsyn þess að sett verði af stað heildstæð umhverfisvöktun á strandsvæði Vestfjarða. Skerpt verður á umfjöllun um hlutverk stofnana í kafla 7.2 Vistkerfisnalgun, umhverfisvöktun, sbr. viðbrögð við umsögn nr. 116.</p> <p>Svæðisráð bendir á að við umhverfismat framkvæmda fer fram upplýsingaöflun m.a. um náttúruferri í grennd við framkvæmdasvæði.</p>
112	<p>Hafrannsóknarstofnun</p> <p>„Hafrannsóknarstofnun bendir á að skv. lögum um stjórn vatnamála (nr. 36/2011) skuli vakta vistfræðilega gæðabætti (blaðgræna a, botndýr í seti, þörungur á hörðum botni og næringarefni að vetri til) í strandsjávarvatnshlotum og að eðlilegt sé að við leyfisveitingar vegna starfsemi sem hefur áhrif á lífríki sjávar sé gerð krafa um vöktun þar á.“</p>	<p>Svæðisráð tekur undir með Hafrannsóknarstofnun að eðlilegt sé að gerð sé krafa um vöktun á ástandi sjávar við leyfisveitingar.</p> <p><u>Eftirfarandi breytingar verða gerðar á markmiði í kafla 4.1:</u></p> <p>Stuðlað verði að markvissri vöktun umhverfis, svo sem sjávarstöðubreytinga, breytinga á hitastigi og súrnun sjávar og breytinga á ástandi sjávar og lífríki.</p>
113	<p>Umhverfisstofnun</p> <p>„Í kafla 1.3 í greinargerð sem nefnist Tengsl við aðrar áætlanir og áhrif á leyfisveitingar og aðra starfsemi vantar að tengja strandsvæðisskipulagið við nýútgefna vatnaáætlun sem</p>	<p>Áætlanir í kafla 1.3 eru taldar upp í dæmaskyni. Ekki er ástæða til að breyta því. Svæðisráð bendir á að í kafla 7.2 um vistkerfisnalgun, umhverfisvöktun verði bætt við umfjöllun um vöktun á ástandi</p>

	<p>staðfest var af ráðherra í apríl sl. Vatnaáætlun er unnin á grunni laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn, þ.e. strandsjó, stöðuvötn, árósarvötn og straumvötn sem og grunnvatn) og vistkerfi þess. Auk þess er markmiðið að hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Samkvæmt 28. gr. laganna skulu opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Jafnframt segir í sömu grein að við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.“</p>	<p>sjávar og hlutverk viðkomandi stofnana við umhverfissvöktun, sbr. viðbrögð við umsögn nr. 116.</p>
114	<p>Æðarræktarfélagið</p> <p>„Í ályktunum félagsins er talið að brýn nauðsyn sé á því að rannsaka og vakta áhrif sjókvíaeldisstöðva og stækkunar þeirra á lífríki sjávar (t.d. sem leiðir af notkun lyfja/eiturefna í kvíum og setmyndunar vegna úrgangs) og þar með beina og óbeina hættu fyrir vöxt og viðkomu æðarfugls. Sama gildir um vinnslu sjávargróðurs, t.d. þangskurð, en í sjávargróðrinum finnur æðarfuglinn æti og skjól. Jafnframt má sem dæmi nefna möguleg áhrif kalkþörungavinnslu, olíumengunar og öflunar sjávarfangs á grunnslóðum, t.d. hrognkelsaveiðar.“</p>	<p>Svæðisráð telur að efla beri rannsóknir á náttúrufari, dýralífi og umhverfis strandsvæðis Vestfjarða. Í umfjöllun um framfylgd strandsvæðisskipulagsins er því sérkafla um nauðsyn þess að sett verði af stað heildstæð umhverfissvöktun á strandsvæði Vestfjarða. Skerpt verður á umfjöllun um hlutverk stofnana í kafla 7.2 Vistkerfisnálgun, umhverfissvöktun, sbr. viðbrögð við umsögn nr. 116.</p>

Umhverfismat

Nr.	Umsagnaraðili og umsögn	Viðbrögð svæðisráðs
116	Umhverfisstofnun	Í umhverfismati strandsvæðisskipulagsins hefur verið horft til fyrirbyggjandi gagna. Burðarþolsmat Hafrannsóknarstofnunar

„Í umhverfismati skipulagstillagnanna á bls. 9 er sýnd tafla fyrir umhverfisþætti, en undir kafla um strandsjó er gert ráð fyrir að skipulagið hafi óveruleg áhrif á strandsjó. Umhverfisstofnun bendir á það sem kemur fram hér að ofan að enn vantar gögn um ástand vatnshlota í strandsjó til að hægt sé að segja til um hvert er raunverulegt ástand þeirra. Leggja þarf mat á það hver áhrifin eru á vatnshlotin ef öll sú nýting sem ráðgerð er fer af stað.

[...] Í kafla um Strandsjó vill Umhverfisstofnun benda á að álagsgreining vegna fyrstu vatnaáætlunar fór fram árið 2013 og síðar árið 2019 var bætt við álagi vegna fráveitu og fiskeldis. Sú greining byggir á gögnum frá ýmsum aðilum um álag á vatn. Vöktun í vatnshlotum sem eru notuð til viðmiðunar á góðu náttúrulegu ástandi er sett fram í vöktunaráætlun vatnaáætlunar. Eins og fram kemur hér að ofan þá fer vöktun vatns vegna atvinnurekstrar sem getur haft í för með sér mengun samkvæmt ákvæðum starfsleyfis.

[...] Umhverfisstofnun tekur undir það sem segir í umhverfismati þar sem fjallað er um samlegðaráhrif mismunandi áhrifaþátta, t.d. varðandi Eldi og ræktun, að þar sem svæðin liggja að annarri nýtingu þurfi að gæta sérstaklega að samlegðaráhrifum og hugsanlegum árekstrum í leyfisveitingum og vöktunaráætlunum. Einnig þarf að huga að samlegðaráhrifum með starfsemi á landi“

er lykilgagn en í því birtist mat á þoli fjarða eða afmarkaðra hafsvæða til að taka á móti auknu lífrænu álagi án þess að það hafi óæskileg áhrif á lífríkið og þannig að viðkomandi vatnshlot uppfylli umhverfismarkmið sem sett eru fyrir það samkvæmt lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011.

Rétt er að gögn vanti um ástand vatnshlota, því er lagt til að breyta áhrifum úr óveruleg í óviss. Jafnframt bendir svæðisráð á að leiði vöktun á ástandi vatnshlota í ljós að ástand þess uppfylli ekki skilyrði sem sett eru í lögum um stjórn vatnamála ber að fara í aðgerðir til að ná góðu ástandi.

Tillaga að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða gerir ekki ráð fyrir meira lífrænu álagi en kemur fram í burðarþolsmati. Í tillögunni er einnig kveðið á um nauðsyn þess að styrkja rannsóknir og heildstæða vistkerfisvöktun til að hægt sé að fylgjast með hvort áhrif starfsemi innan skipulagsins séu í samræmi við vistkerfisnálgun. Leiði vöktun í ljós að sú nýting sem leyfð er á strandsvæðum Vestfjarða hafi neikvæð áhrif á vistkerfið er ljóst að hún er ekki í samræmi við stefnu strandsvæðisskipulagsins.

Svæðisráð tekur undir með Umhverfisstofnun að gæta þurfi sérstaklega að samlegðaráhrifum í vöktunaráætlun. Þörf er á að bregðast við því með því að skerpa betur á umfjöllun í skipulagsgreinargerð um hlutverk mismunandi stofnana þegar kemur að umhverfisvöktun.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á kafla 7.2. Vistkerfisnálgun, Umhverfisvöktun:

Eins og fram kemur í 2. kafla er sjálfbær **nýting** og vistkerfisnálgun meðal leiðarljósa Strandsvæðisskipulags Vestfjarða.

Vistkerfisnálgun felur í sér að ákvarðanir um nýtingu séu byggðar á þekkingu ~~og vöktun~~ á viðkomandi vistkerfi á hverjum tíma og varðaðri áætlun um nýtingu, **vöktun** og vernd umhverfis og náttúru. Mikilvægt er að **styrkja þekkingargrunninn til að undirbyggja framfylgd skipulagsins**

sem og breytingar á því í framtíðinni. Að mati svæðisráðs er nauðsynlegt að efla umhverfisvöktun, rannsóknir og vöktun á umhverfi og lífríki á skipulagssvæðinu til að einstakar leyfisveitingar um nýtingu byggist geti ávallt byggt á réttum bestum bestu mögulegu upplýsingum og að athafnir manna séu á þann hátt að ekki verði hnignun í lífríki hafins á skipulagssvæðinu. —hljótist skaði af fyrir vistkerfi sjávar. Skipuleg Regluleg vöktun er jafnframt forsenda þess að bregðast megi við tímanlega ef mál þróast á verri veg, ef hnignun verður í vistkerfum sjávar. Í þessu samhengi þarf að horfa til ástandsflökkunar strandsjávar á Íslandi eins og kveðið er á um í lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Að sama skapi er mikilvægt að ákvarðanir Ákvarðanir um breytingar á strandsvæðisskipulaginu eða endurskoðun þess geti byggt þarf að byggja á sem bestum upplýsingum bestri þekkingu. Áhrif á umhverfi af völdum loftslagsbreytinga knýja enn frekar á um virka umhverfisvöktun. Þrjár stofnanir fara með hlutverk í vöktun og rannsóknum í þessu sambandi. Það eru Hafrannsóknarstofnun, Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands samkvæmt lögum.

Hafrannsóknarstofnun skal skv. lögum nr. 112/2015 rannsaka lífsskilyrði og lifnaðarhætti gróðurs, dýrasvífs og botndýra, einkum vistfræðileg tengsl hinna ýmsu samfélaga og samhengi þeirra við nytjastofna í sjó og í ferskvatni og rannsaka hvernig fiskeldi og fiskrækt megi best stunda í sátt við íslenska náttúru og villta stofna. Umhverfisstofnun skal skv. lögum um stjórn vatnamála nr. 15/2011 samræma vinnu við gerð vatnaáætlunar, aðgerðaáætlunar og vöktunaráætlunar, vinna tillögur um vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun í samvinnu við viðkomandi sveitarfélög að höfðu samráði við vatnasvæðisnefndir og ráðgjafarnefndir og hafa umsjón með framkvæmd aðgerðaáætlunar og vöktunaráætlunar. Náttúrufræðistofnun Íslands skal skv. lögum nr. 60/1992 bera ábyrgð á vöktun lykilþátta íslenskrar náttúru að því marki sem hún er ekki falin öðrum stofnunum með lögum eða reglum settum á grundvelli þeirra.

		<p>Gert er ráð fyrir að svæðisráð beiti sér fyrir því Svæðisráð leggur áherslu á að komið verði á fót heildstæðri umhverfisvöktun lykilbreyta á skipulagssvæðinu og að niðurstöður þeirrar vöktunar verði gerðar aðgengilegar svo þær nýtist við frekari skipulagsgerð og leyfisveitingar á svæðinu. Þetta getur til dæmis varðað sjávarstöðubreytingar, breytingar á hitastigi og sáruna sýrustigi sjávar og breytingar á lífríki. Stefna Miðað verði við að því að skýrsla um umhverfisvöktun ítarleg samantekt á ástandi sjávar og vistkerfa á skipulagssvæðinu liggja fyrir þegar unnið er verður að landsskipulagsstefnu og taka skal afstöðu til þess hvort endurskoða skuli strandsvæðisskipulagið.</p> <p>Með vísun til ofanritaðs vill svæðisráð beina því til matvælaráðherra og umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að ráðuneytin feli viðkomandi stofnunum, þ.e. Hafrannsóknarstofnun, Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun, að undirbúa samræmda áætlun um rannsóknir og reglulega vöktun lykilbreyta til að treysta í framkvæmd vistkerfisnálgun á skipulagssvæðinu og tryggja jafnframt framkvæmd áætlunarinnar eftir atvikum í samvinnu við sveitarfélög á svæðinu.</p>
117	<p>Náttúrufræðistofnun Íslands</p> <p>„Þá mætti horfa betur til þess í strandsvæðisskipulaginu að nýta það sem vettvang fyrir heildstætt mat á sammögnun umhverfisáhrifa þeirra mörgu nýtingaráforma sem fjallað er um. Slíkt er alla jafna ekki framkvæmt nægjanlega vel í umhverfismati einstakra framkvæmda og því dýrmætt tækifæri að gera það á þessum vettvangi. Á það bæði við um sammögnun vegna nýtingar á strandsvæðum sem og sammögnun við starfsemi á landi þar sem áhrif eru til sjávar. Fjallað er um þetta stuttlega í greinargerðinni en tilefni væri til að útfæra það betur en gert er í umhverfisskýrslunni. Þá er mikilvægt að fjalla um alla umhverfisþætti sem skipta máli. Varðandi fiskeldi skiptir burðarþolsmat fjarða hverju sinni höfuðmáli til að leggja mat á sammögnunaráhrif frá öllu fiskeldi innan þeirra, en það mat er takmarkað og undanskilur sammögnunaráhrif á aðra umhverfisþætti, t.d. áhrif á viðkvæm búsvæði lífvera, hættu á</p>	<p>Umhverfismatið beinist að þeirri stefnu sem strandsvæðisskipulag Vestfjarða markar og tengsl hennar við aðrar áætlanir stjórnvalda. Stefna strandsvæðisskipulagsins kemur fram í leiðarljósum og markmiðum einstakra viðfangsefna.</p> <p>Í umhverfismati strandsvæðisskipulagsins hefur verið horft til fyrirliggjandi gagna. Burðarþolsmat Hafrannsóknarstofnunar er lykilgagn en í því birtist mat á þoli fjarða eða afmarkaðra hafsvæða til að taka á móti auknu lífrænu álagi án þess að það hafi óæskileg áhrif á lífríkið og þannig að viðkomandi vatnshlot uppfylli umhverfismarkmið sem sett eru fyrir það samkvæmt lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Hluti burðarþolsmats er að meta óæskileg staðbundin áhrif af eldisstarfsemi. Með burðarþolsmati er því lagt mat á sammögnunaráhrif ólíkrar starfsemi og nýtingar á gæði sjávar og ástand vatnshlota. Tillaga að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða gerir ekki ráð fyrir meira</p>

erfðablöndun við villta fiskistofna, truflun fyrir dýralíf t.d. fugla og sjávarspendýr, ljós- og hljóðmengun frá sjókvíum og aukinni skipaumferð og ekki síst ásýndaráhrif á landslag. Um þessa umhverfisþætti og áhrif á þá mætti fjalla mun betur í strandsvæðisskipulaginu og einnig hvernig skilgreina og útfæra skal ábyrgð á að vakta þessi sammögnunaráhrif, og bregðast við þeim ef þörf þykir á, enda geta margir aðilar komið þar við sögu. Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að benda á að vöktun á áhrifum nýtingar á náttúru og umhverfi er ekki ein og sér nægjanleg aðgerð til að koma í veg fyrir eða bæta upp neikvæð áhrif. Skipulagið gæti fjallað ítarlegar um hvers konar aðgerðir nauðsynlegt væri að fara í ef neikvæð áhrif teljast óásættanleg, t.d. að hætta starfsemi tímabundið eða alveg, flytja hana til eða breyta aðferðafræði við nýtingu. Einnig geta mótvægisáðgerðir falið í sér að styrkja verndun annarra svæða í staðinn umfram það sem þegar hefur verið mælt með.

Í umfjöllun um áhrif skipulagsins á loftslagsmál er ekki fjallað um möguleikann til kolefnisbindingar sem felst í því að vernda gróskumikil vistkerfi á grunnsævi eins og þaraskóga. Þörf er á að rannsaka betur hvaða tækifæri felast í þessu á Íslandi yfir höfuð“

Lífrænu álagi en kemur fram í burðarþolsmati. Í tillögunni eru einnig ákvæði um heildstæða vistkerfisvöktun til að hægt sé að fylgjast með hvort áhrif starfsemi innan skipulagsins séu í samræmi við vistkerfisnálgun. Leiði vöktun í ljós að sú nýting sem leyfð er á strandsvæðum Vestfjarða hafi neikvæð áhrif á vistkerfið er ljóst að hún er ekki í samræmi við stefnu strandsvæðisskipulagsins. Svæðisráð leggur áherslu á að viðkomandi stofnanir komi á umhverfisvöktun, sbr. viðbrögð við umsögn nr. 116

Svæðisráð telur því að sú niðurstaða að umhverfisáhrifin af stefnu strandsvæðisskipulagsins séu óveruleg til jákvæð sé trúverðug. Niðurstaðan byggir á að vistkerfisnálgun sé beitt og að ástand vatnshlota versni ekki. Að þessum viðmiðum uppfylltum verða áhrifin talin jákvæð. Með strandsvæðisskipulaginu verður einnig skýrari rammi til að meta áhrif af fjölbættari starfsemi á strandsvæðunum í framtíðinni. Stefna strandsvæðisskipulagsins kemur ekki til framkvæmda fyrr en með útgáfu þess og þá munu ákvæðin skila sér í leyfisveitingarferli og umhverfismati einstakra framkvæmda. Mikilvægur þáttur í framfylgd strandsvæðisskipulagsins er að nýta niðurstöður vöktunar á umhverfisþáttum. Leiði þær í ljós neikvæða þróun umhverfisþátta þarf að bregðast við með aðgerðum í viðkomandi starfsemi eða á viðkomandi svæði. Sömuleiðis kann niðurstaðan að leiða til breytinga á strandsvæðisskipulagi og umhverfismati þess.

Svæðisráð tekur undir með Náttúrufræðistofnun að fjalla ætti um að með verndun þaraskóga á grunnsævi séu tækifæri til kolefnisbindingar.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á umhverfismatsskýrslu:

Í umhverfismatsskýrslu, kafli 3, tafla 3.9.:

Í dálk umhverfisáhrif verður breytt:

		„ <i>Losun gróðurhúsalofttegunda</i> “: Möguleiki til kolefnisbindingar felst í því að vernda gróskumikil vistkerfi á grunnsævi eins og þaraskóga.
118	<p>Felicity Aston og Gísli Jónsson</p> <p>„We are currently involved in developing the first rigorous monitoring of the various bird colonies on Vigur, the first monitoring of the seal population of Vigur and are working closely with other organisations in support of plans to start the first rigorous studies of the whales, dolphins and seals in the area around Vigur as well as specific bird species of particular interest and the first studies of the life of the fjord bed around Vigur. This means we are very much aware of what data exists regarding the bird and marine life of the fjord and what does not. If reliable, properly obtained data about the bird and marine life on and around Vigur does not yet exist, it means that any environmental impact assessment looking at the potential impacts on the environment around Vigur caused by SN27 or SN26 would not have had sufficient data and would have been based on unreliable, out of date or otherwise inadequate data. It is therefore inadequate. Given the international importance of the birdlife on Vigur and the whale, seal and dolphin populations in the fjord, environmental impact assessment should be made available, in English, for scrutiny by international expert organisations to ensure they meet international standards.“</p>	<p>Strandsvæðisskipulag Vestfjarða er unnið á grundvelli laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 8/2021, og ber að taka mið af fyrirliggjandi stjórnvaldsfyrirmælum, öðrum lögum og lögbundnum ákvörðunum um nýtingu og vernd haf- og strandsvæða. Við gerð strandsvæðisskipulag Vestfjarða hefur því verið tekið mið af burðarþolsmati Hafrannsóknarstofnunar um magn fiskeldis í einstaka fjörðum sem og þeim leyfum sem eru í gildi eða umsóknum sem eru langt komnar í leyfisveitingaferli. Lagt er mat á áhrif af fiskeldi með umhverfismati framkvæmda áður en rekstrar- og starfsleyfi eru veitt. Öll fiskeldisáform í Ísafjarðardjúpi hafa farið í gegnum slíkt mat.</p>
119	<p>Felicity Aston og Gísli Jónsson</p> <p>„A 1km protection zone has been implemented around Vigur but this is not sufficient for the needs of the bird colonies that exist on Vigur. During the summer season the precise area proposed for the installation of SN26 is sea that is covered in hundreds of thousands of puffins. If the fish farm is placed here it will force the puffins to fly further in order to catch fish. [...] the fate of an established puffin colony can change in a single season. [...] It is a similar story with other bird species that flourish on Vigur and which depend on fishing the fjord bed around Vigur. It is clear that SN27 is too close to Vigur and should never have been</p>	<p>Strandsvæðisskipulag Vestfjarða er unnið á grundvelli laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 8/2021, og ber að taka mið af fyrirliggjandi stjórnvaldsfyrirmælum, öðrum lögum og lögbundnum ákvörðunum um nýtingu og vernd haf- og strandsvæða. Við gerð strandsvæðisskipulag Vestfjarða hefur því verið tekið mið af þeim leyfum sem eru í gildi og fullgildum leyfisumsóknum.</p> <p>Tillaga að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða gerir ekki ráð fyrir meira lífrænu álagi en kemur fram í burðarþolsmati. Í tillögunni eru einnig ákvæði um heildstæða vistkerfisvöktun til að hægt sé að fylgjast með hvort áhrif starfsemi innan</p>

<p>located where it is. Given that SN27 is already in place it is madness to then increase the pressure on the bird colonies of Vigur by placing another, bigger, array at its northern end (the proposed SN26). [...]. We ask that at the very least sufficient time is given to allow a proper evaluation of the impact and effects of SN27 before permission is given to install SN26. We also argue that the protection zone around Vigur should be increased to at least 2km</p> <p>[...] The numbers of whales and dolphins, and the spread of species in Ísafjarðardjúp has been steadily increasing in recent years. [...]. These observations are revealing Ísafjarðardjúp and the area around Vigur to be of particular importance to whales and dolphins. The proposed plan of substantial arrays of fish pens right the way across the fjord presents an obvious physical obstacle to these whale populations as well as the increased hazards of entrapments and collisions with the vastly increased number of boats and ships that will accompany the new fish farms. [...] this increased level of activity of whales and dolphins in the fjord must be taken into consideration and the plans altered to accommodate them. Not only is this important for the sake of the environment but also for the whale watching in the fjord [...]. The current proposed management plan shows absolutely no consideration whatsoever for the impact it will have on whales and dolphins. This is sure to attract international criticism. Already the impact of SN27 on whales is obvious and has been formally recorded as part of ongoing monitoring studies. The whales use the channel between Vigur and the mainland intensively for feeding [...] the whales are being forced to come dramatically close to the shore of Vigur to feed. This presents extreme hazards for the whales. No previous impact assessment would have had detailed information on whale numbers and behavior around Vigur as this data has not previously existed. Therefore we argue that the impact assessment is inadequate and must be re-done with the latest data.</p> <p>[...] Harbour Seals are endangered in Icelandic waters. Therefore the population of seals that regularly haul out on the</p>	<p>skipulagsins séu í samræmi við vistkerfisnálgun. Leiði vöktun í ljós að sú nýting sem leyfð er á strandsvæðum Vestfjarða hafi neikvæð áhrif á vistkerfið er ljóst að hún er ekki í samræmi við stefnu strandsvæðisskipulagsins. Svæðisráð leggur áherslu á að viðkomandi stofnanir komi á umhverfissvöktun, sbr. viðbrögð við umsögn nr. 116.</p>
---	--

	<p>southern coast of Vigur are incredibly important. We have supported on Vigur the first studies of seal numbers and behaviour in the last two years – previously this data did not exist, therefore any environmental impact assessment looking at the impact of SN27 on the local seal population could not have had this data and is therefore inadequate. The recent studies have shown that the seals are greatly and negatively impacted by activity on the fish farm SN27 which is in such close proximity to the seal haul outs.</p> <p>[...] Science has now revealed much about the irreversible danger presented by the introduction of plastic materials to an ecosystem. At a time when the world is scrambling to find a solution to microplastic pollution it is perverse to introduce a vast volume of plastic apparatus into a fjord system as fragile as Ísafjarðardjúp, not to mention the problems of disposal of all the old and replaced plastic material that will be inevitable. [...] Until such issues as this can be satisfactory resolved with supporting scientific literature, to allow practises known to be destructive to be undertaken is irresponsible in the extreme.</p> <p>[...] In recent years growing scientific evidence is emerging that fully exposes the dangerous failing of the industry [fiskeldi] and its methods. [...]. The solutions proposed by the company managing SN27 have failed catastrophically in other countries or are untested. The industry should be required to present proof of the safety of their operating methods before they are given permission to proceed.</p> <p>[...] The treatment of Ísafjarðardjúp will be a news story of international interest and has already drawn heavy criticism from organisations and advocates around the world. It is likely to damage Iceland’s reputation as an environmental leader“</p>	
<p>120</p>	<p>Pétur G. Thorsteinsson</p> <p>„Landeigendur telja að umhverfismatið sem liggur fyrir sé ófullnægjandi að stórum hluta. Því er mótmælt að (1) að eldi og efnistaka hafi óveruleg áhrif á auðlindir, umhverfi, náttúru eða strandsjó þegar engar slíkar rannsóknir liggja fyrir og (2) að starfsemin hafi jákvæð áhrif á atvinnu svæðisins á meðan</p>	<p>Umhverfismatið beinist að þeirri stefnu sem strandsvæðisskipulag Vestfjarðar markar og tengsl hennar við aðrar áætlanir stjórnvalda. Stefna strandsvæðisskipulagsins kemur fram í leiðarljósum og markmiðum einstakra viðfangsefna.</p>

	<p>skortur er á vinnuafli og lítið sem ekkert situr eftir í landinu af fiskeldi í sjó, auk þess sem engin auðlindagiöld renna til ríkis eða sveitarfélaga og ekki er tryggt að rekstraraðilar borgi eða leggi tryggingar fyrir hreinsun eftir reksturinn. Ekki er heldur sýnt fram á jákvæð áhrif á innviði, heilbrigði eða öryggi í matsskýrslu. Ekkert tillit er tekið til slæmrar reynslu af sjókvíaelði hingað til hvað varðar sleppingar, mengun og fiskdauða.</p> <p>[...] Sýnt þykir að sjókvíaelði og námuvinnsla mun hafa neikvæð sjónræn áhrif og draga verulega úr aðdráttarafli svæðisins sem ferðamannastaðar, en ásókn ferðamann er þegar mikil og fer vaxandi. □“</p>	<p>Í umhverfismati strandsvæðisskipulagsins hefur verið horft til fyrirbyggjandi gagna. Burðarþolsmat Hafrannsóknarstofnunar er lykilgagn en í því birtist mat á þoli fjarða eða afmarkaðra hafsvæða til að taka á móti auknu lífrænu álagi án þess að það hafi óæskileg áhrif á lífríkið og þannig að viðkomandi vatnshlot uppfylli umhverfismarkmið sem sett eru fyrir það samkvæmt lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011.</p> <p>Tillaga að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða gerir ekki ráð fyrir meira lífrænu álagi vegna staðbundinnar nýtingar en kemur fram í burðarþolsmati. Í tillögunni eru einnig ákvæði um heildstæða umhverfisvöktun til að hægt sé að fylgjast með hvort áhrif starfsemi innan skipulagsins séu í samræmi við vistkerfisnálgun. Leiði vöktun í ljós að sú nýting sem leyfð er á strandsvæðum Vestfjarða hafi neikvæð áhrif á vistkerfið er ljóst að hún er ekki í samræmi við stefnu strandsvæðisskipulagsins.</p> <p>Svæðisráð telur því að sú niðurstaða að umhverfisáhrifin af stefnu strandsvæðisskipulagsins séu óveruleg til jákvæð sé trúverðug. Með strandsvæðisskipulaginu verður einnig skýrari rammur til að meta áhrif af fjölpætri starfsemi á strandsvæðunum í framtíðinni. Stefna strandsvæðisskipulagsins kemur ekki til framkvæmda fyrr en með útgáfu þess og þá munu ákvæðin skila sér í leyfisveitingarferli og umhverfismati einstakra framkvæmda. Mikilvægur þáttur í framfylgd strandsvæðisskipulagsins er að nýta niðurstöður vöktunar á umhverfisþáttum. Leiði þær í ljós neikvæða þróun umhverfisþátta þarf að bregðast við með aðgerðum í viðkomandi starfsemi eða á viðkomandi svæði. Sömuleiðis kann niðurstaðan að leiða til breytinga á strandsvæðisskipulagi og umhverfismati þess</p>
<p>121</p>	<p>Veðurstofa Íslands</p> <p>„Einnig bendir Veðurstofan á að sviðsmyndirnar sem lýst er í viðauka 3: sviðsmyndagreining taka ekki tillit til tímaramma og því er óraunhæft að gefa einkunn út frá loftslagsbreytingu [...]“</p> <p>Hvað einstaka þætti varðar leggur Veðurstofan til að:</p>	<p>Í fyrirbyggjandi umhverfismati er áhersla á losun frá starfsemi og möguleika rekstraraðila til að lágmarka hana. Tekið er undir ábendingu um að óvissa er um langtímaáhrif loftslagsbreytinga og lyfta megi því sjónarmiði hærra í matinu.</p> <p>Svæðisráð leggur til að í umhverfismati verði áhrifum af loftslagsbreytingum breytt í óviss.</p>

	<ul style="list-style-type: none"> - Í Umhverfismatinu tafla 2.1 undir liðnum Heilbrigði og öryggi bæta við: „lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum“ - Í Umhverfismatinu tafla 2.1 undir liðnum Loftslagsbreytingar er lagt til að bæta við upplýsingum um aðlögun í umhverfisviðmið og bæta við í umhverfisvísa: „Möguleg aukning á ofanflóðahættu“ - Endurskoða einkunnargjöf um loftslagsbreytingar.“ <p>Umhverfisstofnun „Í greinargerð kemur fram að áhrif tillögunnar vegna loftslags séu metin óveruleg. Umhverfisstofnun telur ekki tilefni til að segja að umhverfisáhrif á loftslag séu óveruleg í ljósi þeirrar óvissu sem ríki og ætti því að skilgreina sem óviss áhrif. Stofnunin bendir t.a.m. á að reikna má með losun gróðurhúsalofttegunda þegar seyra er losuð í sjó, annars vegar vegna losunar metans í loftfirrðum aðstæðum og hins vegar vegna losunar á N2O.“</p>	<p><u>Eftirfarandi breytingar verða gerðar á umhverfismatsskýrslu:</u> <u>Í umhverfismatsskýrslu, kafli 3, tafla 3.1.:</u> Í dálk vægiseinkunn verður breytt: „Loftslag“: „Óveruleg áhrif“ breytt í Óviss áhrif.</p> <p>Í dálk Helstu umhverfisáhrif verður bætt við: „Loftslag“: Í ljósi óvissu langtímaáhrifa loftslagsbreytinga á starfsemi og einnig varðandi samspil umhverfisáhrifa starfsemi og loftslagsbreytinga, eru umhverfisáhrifin metin óviss.</p> <p><u>Eftirfarandi breytingar verða gerðar á umhverfismatsskýrslu:</u> <u>Í umhverfismatsskýrslu, kafli 2, tafla 2.1.:</u> Í dálk umhverfisvísar verður bætt við: „Loftslag“: Ofanflóðahætta Í dálk Umhverfisviðmið verður bætt við: „Heilbrigði og öryggi“: lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.</p>
122	<p>Umhverfisstofnun „Í umhverfismati skipulagstillagnanna á bls. 9 er sýnd tafla fyrir umhverfisþætti, en undir kafla um strandsjó er gert ráð fyrir að skipulagið hafi óveruleg áhrif á strandsjó. Umhverfisstofnun bendir á það sem kemur fram hér að ofan að enn vantar gögn um ástand vatnshlota í strandsjó til að hægt sé að segja til um hvert er raunverulegt ástand þeirra. Leggja þarf mat á það hver áhrifin eru á vatnshlotin ef öll sú nýting sem ráðgerð er fer af stað. [...] Í kafla um Strandsjó vill Umhverfisstofnun benda á að álagsgreining vegna fyrstu vatnaáætlunar fór fram árið 2013 og síðar árið 2019 var bætt við álagi vegna fráveitu og fiskeldis. Sú</p>	<p>Í umhverfismati strandsvæðisskipulagsins hefur verið horft til fyrirliggjandi gagna. Burðarþolsmat Hafrannsóknarstofnunar er lykilgagn en í því birtist mat á þoli fjarða eða afmarkaðra hafsvæða til að taka á móti auknu lífrænu álagi án þess að það hafi óæskileg áhrif á lífríkið og þannig að viðkomandi vatnshlot uppfylli umhverfismarkmið sem sett eru fyrir það samkvæmt lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Tillaga að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða gerir ekki ráð fyrir meira lífrænu álagi en kemur fram í burðarþolsmati. Í tillögunni eru einnig ákvæði um heildstæða vistkerfisvöktun til að hægt sé að fylgjast með hvort áhrif af starfsemi innan skipulagsins séu í samræmi við vistkerfisnálgun. Leiði vöktun í</p>

	<p>greining byggir á gögnum frá ýmsum aðilum um álag á vatn. Vöktun í vatnshlotum sem eru notuð til viðmiðunar á góðu náttúrulegu ástandi er sett fram í vöktunaráætlun vatnaáætlunar. Eins og fram kemur hér að ofan þá fer vöktun vatns vegna atvinnurekstrar sem getur haft í för með sér mengun samkvæmt ákvæðum starfsleyfis.</p> <p>[...] Umhverfisstofnun tekur undir það sem segir í umhverfismati þar sem fjallað er um samlegðaráhrif mismunandi áhrifaþátta, t.d. varðandi Eldi og ræktun, að þar sem svæðin liggja að annarri nýtingu þurfi að gæta sérstaklega að samlegðaráhrifum og hugsanlegum árekstrum í leyfisveitingum og vöktunaráætlunum. Einnig þarf að huga að samlegðaráhrifum með starfsemi á landi“</p>	<p>ljós að sú nýting sem leyfð er á strandsvæðum Vestfjarða hafi neikvæð áhrif á vistkerfið er ljóst að hún er ekki í samræmi við stefnu strandsvæðisskipulagsins. Svæðisráð mun beita sér fyrir heildstæðri umhverfisvöktun líkt og kemur fram í greinargerð tillögunnar. Mikilvægur þáttur í framfylgd strandsvæðisskipulagsins er að nýta niðurstöður vöktunar á umhverfisþáttum. Leiði þær í ljós neikvæða þróun umhverfisþátta þarf að bregðast við með aðgerðum í viðkomandi starfsemi eða á viðkomandi svæði. Sömuleiðis kann niðurstaðan að leiða til breytinga á strandsvæðisskipulagi og umhverfismati þess.</p> <p>Tekið er undir að gögn um ástand vatnshlota eru takmörkuð og því er lagt til að breyta áhrifum á strandsjó úr óveruleg í óviss. Jafnframt bendir svæðisráð á að leiði vöktun á ástandi vatnshlots í ljós að ástand þess uppfylli ekki skilyrði sem sett eru í lögum um stjórn vatnamála ber að fara í aðgerðir til að ná góðu ástandi.</p> <p><u>Eftirfarandi breytingar verða gerðar á umhverfismatsskýrslu:</u></p> <p>Í umhverfismatsskýrslu, kafli 3, tafla 3.1.:</p> <p>Í dálk vægiseinkunn verður breytt:</p> <p>„Strandsjór“: „Óveruleg áhrif“ breytt í Óviss áhrif.</p> <p>Í dálk Helstu umhverfisáhrif verður bætt við:</p> <p>„Strandsjór“: Vægiseinkunn, óviss áhrif tekur mið af því að gögn um ástand vatnshlota eru takmörkuð. Einnig er tekið mið af því að ákvarðanir um nýtingu auðlinda byggja á vistkerfisnálgun og burðarþolsmati Hafrannsóknarstofnunar.</p>
<p>123</p>	<p>Umhverfisstofnun</p> <p>„Í kafla um Heilbrigði og öryggi vill Umhverfisstofnun koma því á framfæri að hreinsun á fráveituvatni er skammt á veg komin í þéttbýlum á Vestfjörðum og Austfjörðum og uppfylla fæstar þeirra kröfur um hreinsun fráveituvatns og lagnir útrása. Fráveita er ekki aðeins losun lífrænna efna og næringarefna heldur einnig töluvert mikið magn af úrgangi bæði frá fólki sem hendir hlutum í salernin og með ofanvatni. Tölur sýna að magn</p>	<p>Til þess að tryggja yfirsýn yfir starfsemi á eða við strandsvæði verður upplýsingum um fráveituútrásir bætt við þá skipulagsreiti sem liggja að þéttbýli, sbr. viðbrögð við umsögn nr. 53.</p>

	rusls sé um hálf kg á hvern íbúa á ári. Slíkt hefur neikvæð áhrif á lífríki hafsins sem og atvinnurekstur sem byggir á afurðum sem eiga að koma úr hreinu íslensku umhverfi. Ljóst er að hér þurfa sveitarfélög að fara í töluverðar úrbætur og þó að fráveitan sé allra jafnan innan netlaga þá getur áhrif frá fráveitu gætt lengra út í vatnshlotin.“	
124	<p>Umhverfisstofnun</p> <p>„Umhverfisstofnun bendir á að endurskoða mætti töflu 2.1 í umhverfismatinu þar sem að mati stofnunarinnar vantar ýmis atriði. Til að mynda mætti undir umhverfisþættinum auðlindir tiltaka umhverfisvísinn mengandi starfsemi eins og er gert undir umhverfisþættinum strandsjór. Einnig ætti að fella umhverfisvísinn efnistaka og haugsetning undir strandsjó eins og er gert undir auðlindir. Þá vantar tilvísun í lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, til dæmis undir kaflanum heilbrigði og öryggi, en lögin eru stoð fyrir reglugerðum sem fjalla nánar um fráveitur og loftgæði. Undir kaflanum loftslagsbreytingar vantar tilvísun í lög nr. 70/2012 um loftslagsmál en aðgerðaáætlun stjórnvalda og stefna stjórnvalda er gerð á grundvelli þeirra laga.“</p>	<p>Tekið verður tillit til ábendinga Umhverfisstofnunar um umhverfisvísa og lagatívisanir og verður þeirra getið í umhverfismatsskýrslu.</p> <p><u>Eftirfarandi breytingar verða gerðar á umhverfismatsskýrslu:</u></p> <p><u>Kafla 2, tafla 2.1.:</u></p> <p>Í dálk umhverfisvísar verður bætt við:</p> <p>„Strandsjór“: Efnistaka og haugsetning.</p> <p>Í dálk Umhverfisviðmið verður bætt við:</p> <p>„Heilbrigði og öryggi“: Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir.</p> <p>„Loftslagsbreytingar“: Lög um loftslagsmál.</p>
125	<p>Háafell</p> <p>Í umhverfismatsskýrslu strandsvæðaskipulagsins er ekki nægilega vel tekið fyrir umhverfisáhrif fyrirhugaðs laxeldis í Ísafjarðardjúpi, neikvæðum áhrifum laxalúsar eða sjúkdóma ef núverandi áform ganga eftir. Með tilliti til skipulags þá er:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Of stutt á milli eldissvæða. - Of mikil framleiðsla á afmörkuðu svæði. <p>Rétt er að bend á að gæta þarf að samlegðaráhrifum þegar nýtingarsvæði ótengdra aðila liggja þétt saman.</p> <p>Eins og fram kemur í umhverfismatsskýrslu strandsvæðaskipulagsins þá eru leyfisveitingar til fiskeldis m.a. byggt á burðarþolsmati og áhættumati Hafrannsóknarstofnunar. Þau mót taka á lífrænu álagi og erfðablöndun en ekki umhverfisáhrifum laxalúsar á villt</p>	<p>Umhverfismatið beinist að þeirri stefnu sem strandsvæðisskipulag Vestfjarðar markar og tengsl hennar við aðrar áætlanir stjórnvalda. Stefna strandsvæðisskipulagsins kemur fram í leiðarljósum og markmiðum einstakra viðfangsefna. Umhverfismat áætlana tekur því ekki á eins nákvæmum þáttum og umhverfismat einstakra framkvæmda, s.s. hættu á að smit berist milli ótengdra eldisaðila.</p> <p>Í umhverfismati strandsvæðisskipulagsins hefur verið horft til fyrirbyggjandi gagna. Burðarþolsmat Hafrannsóknarstofnunar er lykilgagn en í því birtist mat á þoli fjarða eða afmarkaðra hafsvæða til að taka á móti auknu lífrænu álagi án þess að það hafi óæskileg áhrif á lífríkið og þannig að viðkomandi vatnshlot uppfylli umhverfismarkmið sem sett eru fyrir það samkvæmt lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Hluti burðarþolsmats</p>

<p>laxfiskastofna sem eru í raun stærsta viðfangsefnið m.t.t. umhverfisáhrifa laxeldis í Ísafjarðardjúpi.</p> <p>Til að halda umhverfisáhrifum af laxalús og sjúkdóma í lágmarki þá er mikilvægt að horf á Ísafjarðardjúp heilstætt og skilgreina árgangasvæði. Þessa dagana er í gangi vinna á vegum stjórnvalda við að endurskoða regluverk í sambandi við sjúkdómavarnir. Í slíkri vinnu gætu komið fram breytingar á fyrirhuguðu eldisskipulagi í Ísafjarðardjúpi og mikilvægt að strandsvæðaskipulagið taki mið af því. Með þeirra atriða sem verða skoðuð í þeirri vinnu er m.a.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Svæði þar sem samræmd útsetning óskyldra aðila fer fram. - Svæði þar sem hæfileg fjarlægð er á milli til að lágmark rek laxalúsalifra og sjúkdóma á milli svæða. <p>Vitafélagið</p> <p>„Lestur skýrslu Skipulagsstofnunar frá 6. júlí um strandsvæðaskipulag Vestfjarða og Austfjarða vekur margar spurningar. Fræðimenn fjalla þar um mikilvægi margra þátta er varða atvinnusköpun, náttúrulíf og verndun og er allt gott um það að segja. Það vekur hins vegar athygli að lítið er fjallað um neikvæða þætti er komið hafa fram í tengslum við rekstur fiskeldis í sjó á Vestfjörðum og Austfjörðum. Kemur fyrst í hugann grein eftir Jón Kaldal í Fréttablaðinu 5. ágúst 2021, bls. 10 um að Matvælastofnun hafi birt á vef sínum tölur fyrir afföll í sjókvíaelði fyrstu sex mánuði ársins. Tölurnar eru ógnvænlegar. Frá janúar til júní drápust rúmlega 1,3 milljónir eldislaxa. Það er 17 sinnum fleiri laxar en samanlagður fjöldi villta íslenska laxastofnsins. Þessi skelfilegi dauði er þó ekki það eina sem plagar þennan iðnað því um helmingur eldislaxa í sjókvíunum er ýmist vanskapaður, nær ekki fullum þroska vegna streitu eða er heyrnarlaus. Sjókvíaelði á laxi hefur líka í för með sér hörmungar og dauða utan netapokanna. Sníkjudýr og sjúkdómar streyma óhindrað í gegnum netamöskvana með ömurlegum afleiðingum. Botndýralíf þurrkast út undir kvíunum því þar safnast þykkt lag af úrgangi og rotnandi fóðri. Í þessu</p>	<p>er að meta óæskileg staðbundin áhrif af eldisstarfsemi. Með burðarþolsmati er því lagt mat á sammögnunaráhrif ólíkrar starfsemi og nýtingar á gæði sjávar og ástand vatnshlota.</p> <p>Tillaga að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða gerir ekki ráð fyrir meira lífrænu álagi en kemur fram í burðarþolsmati. Í tillögunni eru einnig ákvæði um heildstæða vistkerfisvöktun til að hægt sé að fylgjast með hvort áhrif starfsemi innan skipulagsins séu í samræmi við vistkerfisnálgun. Leiði vöktun í ljós að sú nýting sem leyfð er á strandsvæðum Vestfjarða hafi neikvæð áhrif á vistkerfið er ljóst að hún er ekki í samræmi við stefnu strandsvæðisskipulagsins. Í umfjöllun um framfylgd strandsvæðisskipulagsins er því sérkafla um nauðsyn þess að sett verði af stað heildstæð umhverfisvöktun á strandsvæði Vestfjarða. Skerpt verður á umfjöllun um hlutverk stofnana í kafla 7.2 Vistkerfisnálgun, umhverfisvöktun, sbr. viðbrögð við umsögn nr. 116.</p>
---	---

	<p>setlagi safnast svo upp leifar af lyfjum og eitri sem notað er við framleiðsluna og í sumum tilfellum líka kopar sem fyrirtækin nota til að húða netmöskvana sem ásetuvörn gagnvart gróðri og skeldýrum. Kopar eyðist ekki af sjálfu sér í náttúrunni heldur hleðst upp í umhverfinu með miklum skaða fyrir lífríkið. Hér við land hafa bæði Arnarlax og Arctic Sea Farm orðið uppvís að því að nota koparhúðuð net í sjókvíum þrátt fyrir að það sé brot á starfsleyfi þeirra. Erfðablöndun við sleppifisk úr eldi er svo sérlega hættuleg villtum laxi sem hefur aðlagast umhverfi sínu og aðstæðum með mörg þúsund ára náttúruvali. DNA úr eldisdýri getur kollvarpað þeirri þróunarsögu og þar með getu villta laxsins til að lifa af í heimi sem er þegar orðinn honum fjandsamlegur vegna loftslagsbreytinga.</p>	
--	--	--

Annað

Nr.	Umsagnaraðili og umsögn	Viðbrögð svæðisráðs
126	<p>Pétur G. Thorsteinsson fyrir hönd landeigenda í Ármúla og Melgraseyri í Strandabyggð og Unaðsdal</p> <p>„Þær tillögur sem gerðar eru í skipulagsáætlun varðandi fiskeldi og námutöku annað hvort standastekki þau markmið sem þar eru sett fram eða nægilegar rannsóknir liggja ekki fyrir svo hægt sé að takaákvörðun. Sumt er villandi, t.d. segir bls. 36 að fyrir liggi samfélagssáttmáli sveitarfélaga á Vestfjörðum um fiskeldi, en í þeim sáttmála er hvergi talað um fiskeldi í sjó eða að meginforsendan sé að auðlindagjöld renni til sveitarfélaganna, sem þau gera ekki.“</p>	<p>Svæðisráð bendir á að eitt af markmiðum sáttmálans sem vísað er til í umsögninni er að auðlindagjöld sem skapast í fiskeldi á Vestfjörðum renni til sveitarfélaganna. Ljóst má vera að sáttmálinn fjallar um eldi í sjókvíum þar sem það er ein af megin vaxtarsprotum í atvinnulífi á Vestfjörðum.</p> <p>Þá skal bent á að fiskeldissjóður er sjóður sem starfar á grundvelli 7. gr. laga nr. 89/2019 um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð. Sjóðnum er ætlað að veita sveitarfélögum styrki til uppbyggingar innviða, þar sem fiskeldi í sjókvíum er stundað, og styrkja þar með samfélög og stoðir atvinnulífs á þeim svæðum.</p>
127	<p>Háskólasetur Vestfjarða</p> <p>„Um samráðsferlið er svo aðallega fjallað í kafla 1.5 í Tillögunni og eru þar hagaðilar upp taldir og þá sem haft var samband við,</p>	<p>Í kafla 1.5. er að finna yfirlit yfir helstu hagaðila sem haft var samráð við mótun skipulagstillögunnar. Eins og þar kemur fram er listinn ekki tæmandi. Ekki þykir ástæða til að draga fram framlag einstakra hagaðila sem leitað var til enda mjög misjafnt framlag á milli samráðsaðila og almennings sem tók þátt.</p>

	en ekki hvort og í hvaða umfangi hagaðilarnir tóku þátt í vinnunni“	
128	<p>Háskólasetur Vestfjarða</p> <p>„Samspil nýtingar á strandsvæðum og á landi.</p> <p>Í þessu samhengi mætti skoða kafla 7.4. um samspil nýtingar á strandsvæðum og á landi betur, hvort réttur til nýtingar hafsvæðis er tryggður þó fjárfestingin/fyrirtækið sé aðallega eða jafnvel eingöngu á landi, t.d. réttur til óskerts útsýnis o.fl. (dæmi: hótél sem selur útsýni). Þetta er líka tíundað í kafla 6.1. undir Samspil nýtingar á landi og strandsvæðum, þar sem síðasta málsgrein bendir í raun til þess að útsýnið sé ekki metið sem auðlind („Jafnframt að nýtingu auðlinda sé beint á svæði sem þegar eru nýtt og tengjast innviðum á landi“).“</p>	<p>Lög um gerð strandsvæðisskipulags nr. 88/2021, gera ráð fyrir að hugað sé að samræmi strandsvæðisskipulags við skipulagsáætlanir í landi. Líkt og fram kemur í upphafi 7. kafla er skipulaginu að miklu leyti framfylgt með einstaka leyfisveitingu fyrir starfsemi á strandsvæðunum. Svæðisráði þykir ástæða til að draga það sérstaklega fram að við leyfisveitingar framtíðarinnar sé horft til samspils þeirra starfsemi sem er í landi og nýrra áforma um starfsemi á strandsvæðum. Ekki er hægt að fullyrða á þessari stundu hvaða áhrif slík starfsemi kann að hafa á fjölbætt starfsemi í landi. Útsýni er einn þeirra þátta sem horft er til þegar áhrif af nýrri starfsemi eru metin, sé viðkomandi starfsemi líkleg til að hafa neikvæð áhrif á útsýni. Svæðisráð gerir ráð fyrir að svo verði einnig í þeim tilvikum sem ný leyfi verða gefin út á strandsvæðum, gefi viðkomandi áform tilefni til þess.</p>
129	<p>Umhverfisstofnun</p> <p>„Í almennum skipulagsákvæðum fyrir reiti sem skilgreindir eru í nýtingarflokknum Umhverfi og náttúra segir að stuðla eigi að verndun umhverfis og náttúru á svæðinu en í því felst meðal annars að rýra ekki gæði strandsjávar. Í umfjöllun um einstaka reiti í nýtingarflokknum Lagnir og vegir kemur fram þegar strengir liggja um svæði sem skilgreint er sem skipulagsreitur í nýtingarflokknum Umhverfi og náttúra að ekki eigi að rýra gæði strandsjávar. Umhverfisstofnun bendir á að hér er hægt að túlka textann þannig að í lagi sé að rýra gæði strandsjávar utan svæða sem eru í nýtingarflokknum Umhverfi og náttúra. Umhverfisstofnun bendir á að krafan um a.m.k. gott ástand vatnshlota gildir um öll vatnshlot, óháð landnotkunarflokki.“</p>	<p>Svæðisráð tekur undir með Umhverfisstofnun að hægt sé að túlka ákvæðin á þennan hátt. Til þess að tryggja að gæði strandsjávar, þ.e. að vatnshlot séu ávallt í mjög góðu eða góðu ástandi, þá verður því bætt við leiðarljós stefnunnar.</p> <p><u>Eftirfarandi breyting verður gerð á umfjöllun um leiðarljós skipulagsins:</u></p> <p>Skipulagsákvæðanir fela í sér ráðstöfun svæða og auðlinda til ólíkrar nýtingar, oft til langs tíma og jafnvel varanlega. Mikilvægt er að stefna og framfylgd Strandsvæðisskipulags Vestfjarða miði að sjálfbærri þróun og byggist á heildarsýn á málefni hafsins og vistkerfisnálgun. Þannig miði strandsvæðisskipulagið og þær ákvarðanir um leyfisveitingar sem teknar eru á grundvelli þess að því að viðhalda heilbrigði skipulagssvæðisins, líffræðilegri fjölbreytni og framleiðslugetu hafsins til langs tíma og rýri ekki gæði strandsjávar.</p>
130	<p>Umhverfisstofnun</p> <p>„Umhverfisstofnun bendir á að rétt er að hafa í huga að í sumum hafnarreglugerðum er allur fjörðurinn undir, t.d.</p>	<p>Svæðisráð bendir á að samkvæmt skipulagslögum fara sveitarstjórnir með ábyrgð á gerð skipulagsáætlana innan lögsögumarka sveitarfélaga, sem miðast við netlög til hafs. Netlög</p>

	<p>hafnarreglugerð fyrir Súðavík nr. 788/2015. Reglugerðirnar ná þá utan netlaga og sveitarfélagsmarka og inn á strandsvæðisskipulagið. Þá segir til að mynda í 3. gr. reglugerðar nr. 788/2015 að hafnarstjórn veitir leyfi á hafnarsvæðinu og hefur vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæðis fyrir starfsemi sem hún telur torvelda eðlilegri hafnarstarfsemi“</p>	<p>ná 115 m út frá stórstraumsfjöruborði. Utan netlaga fara svæðisráð með gerð strandsvæðisskipulags samkvæmt lögum um skipulag haf- og strandsvæða. Í 7. gr. laganna kemur fram að svæðisráð skuli hafa sérstakt samráð við hafnarstjórnir vegna hafnarsvæða. Í skýringum við greinina kemur fram að mikilvægt sé að samráð sé haft við hafnarstjórn í ljósi þess að í hafnarlögum segi að skipulag hafnarsvæðis skuli ætíð miðast við þarfir hafnar. Þar sé einnig kveðið á um gerð hafnarreglugerða sem tilgreini mörk hafna auk annarra ákvæða um öryggi og stjórnun hafna. Til þessara atriða beri að líta við gerð strandsvæðisskipulags og því þörf á að leita eftir sjónarmiðum viðkomandi hafnarstjórna.</p>
<p>131</p>	<p>Ágústa Harðardóttir</p> <p>„Ég mótmæli harðlega áformum um sjókvíaeldi í stórum stíl í Ísafjarðardjúpi og ég efast um lögmætið, þar sem niðurstaða eftirlitsstofnunar EES-samningsins (ESA) komst nýlega að þeirri niðurstöðu að íslenska ríkið hefði gerst brotlegt við reglur EES um mat á umhverfisáhrifum þegar það breytti lögum um fiskeldi í október 2018.“</p>	<p>Vestfirðir eru annað tveggja svæða við Íslandsstrendur þar sem stjórnvöld hafa tekið ákvörðun um að heimila sjókvíaeldi og fylgt því eftir með burðarþolsmati og leyfisveitingum. Það er því eðlilegt að nokkuð sé um reiti þar sem sjókvíaeldi er heimilt á strandsvæðisskipulagi Vestfjarða.</p> <p>Við mótun strandsvæðisskipulagsins hefur verið fylgt lögum um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2021. Strandsvæðisskipulagi ber að taka mið af fyrirliggjandi stjórnvaldsfyrirmælum, öðrum lögum og lögbundnum ákvörðunum um nýtingu og vernd haf- og strandsvæða.</p> <p>Svæðisráð verður að fylgja íslenskum lögum sem eru í gildi á hverjum tíma. Komi til breytinga á lögum sem snerta starfsemi strandsvæða í framtíðinni kann að vera grundvöllur til að breyta strandsvæðisskipulagi Vestfjarða en þá fer um slíkt ferli samkvæmt 14. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018.</p>

Ferli

Nr.	Umsagnaraðili og umsögn	Viðbrögð svæðisráðs
1324	<p>Felicity Aston og Gísli Jónsson</p> <p>„Several times we have been told by authorities at various levels that due process was followed in the development of the proposed management plan and that all stakeholders were consulted thoroughly. This is simply not true. Neither we, nor the previous owners of Vigur pre-2020, nor any of the other residents and landowners in the fjord that we have spoken to recall EVER being consulted. Therefore due process has NOT been followed. We believe this is a huge infringement on our rights as landowners and residents to have an industrial plan of this scale - which has the potential to devastate our businesses, income potential, the worth of our property and our happiness and well-being - thrust on us without any form of consultation or compensation.</p> <p>Furthermore, we have been told by authorities at various levels that no stakeholders have ever expressed any objection to the plan during its development stages. Again this is simply not true. Both we and the previous pre-2020 owners of Vigur expressed in writing our opposition to developing fish farms around Vigur. We have also heard from other stakeholders that they have similarly repeatedly expressed in writing their opposition throughout. Therefore, if these objections have not been registered, much less taken into consideration, something must have gone terribly wrong with the democratic process – either our objections were not received or they have been ignored. Either way, the authorities must take steps to ensure that stakeholders have proper opportunity to be consulted and for their concerns to be properly addressed“</p>	<p>Samráð vegna umhverfismats framkvæmda á grundvelli laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og leyfisveitinga á grundvelli laga um fiskeldi nr. 71/2008 er ekki á forræði svæðisráðs um gerð strandsvæðisskipulags.</p>
133	<p>Vegagerðin</p>	<p>Við gerð strandsvæðisskipulagsins hefur verið haft reglulegt samráð við hafnaryfirvöld innan skipulagssvæðanna auk ýmissa</p>

	„Vegagerðin vill koma því á framfæri hvort ekki sé ástæða til að samráð sé haft við eða a.m.k. leitað umsagnar hjá Hafnasambandi Íslands við gerð strandsvæðaskipulaganna tveggja sem nú eru í vinnslu sérstaklega þar sem slíkt skipulag er nýtt hér við land og því verða þau fyrirmynd annara slíkra skipulaga. Þannig ættu það ekki bara að vera hafnir á viðkomandi svæðum sem koma að þessu heldur Hafnarsambandið fyrir hönd allra hafna.“	aðila en þó ekki Hafnarsamband Íslands. Vegagerðinni er þökkun á bændingum sem höfð verður til hliðsjónar þegar kemur að breytingum eða endurskoðun strandsvæðisskipulags Vestfjarða.
134	Ísafjarðarbær „Bæjarstjórn gerir athugasemdir við vinnuferil skipulagsins sem snýr að aðkomu íbúa. Heppilegra hefði verið ef íbúar hefðu fengið aðkomu fyrr að gerð skipulagsins með opnum fundum á fyrstu stigum vinnunnar eins og jafnan er gert við skipulagsvinnu sveitarfélaga.“	Í upphafi vinnu við gerð strandsvæðisskipulags voru haldnir kynningarfundir þar sem kynnt var fyrirhuguð vinna við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum. Annars vegar var um að ræða netfund með sveitar- og hafnarstjórnunum aðliggjandi sveitarfélaga og hins vegar opin kynningarfundur sem streymt var á Facebook-síðu Skipulagsstofnunar. Þá var opnuð samráðsvefsjá um gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum og Vestfjörðum, hún var opin í maí og fram í júní 2020, gafst öllum tækifæri til að koma á framfæri upplýsingum um hvernig íbúar og gestir nýta svæðið ásamt áherslum varðandi styrkleika svæðanna, áskoranir og tækifæri. Hún var auglýst í Fréttablaðinu, Bændablaðinu og á vefmiðlinum bb.is (Bæjarins besta). Einnig var hún auglýst á vefmiðlum aðliggjandi sveitarfélaga og vefjum Skipulagsstofnunar, skipulag.is og hafskipulag.is, ásamt Facebook síðu og Twitter-síðu stofnunarinnar. Samráðsvefsjóni var vel tekið og voru heimsóknir á hana samanlagt á annað þúsund og ábendingar og skrifleg svör hátt í þúsund. Svæðisráð þakkar hvatninguna um aukið samráð og mun hafa það í huga þegar kemur til breytinga eða endurskoðunar á strandsvæðisskipulagi Vestfjarða.
135	John „As a former student at Háskolasetur Vestfjarða, who studied marine spatial planning and marine protected areas, I think that this coastal plan is not up to the standard it needs to be to represent the interests of all parties properly. Most importantly, I do not believe that there has been nearly enough opportunity for public participation in the plan and that neither	Í upphafi vinnu við gerð strandsvæðisskipulags voru haldnir kynningarfundir þar sem kynnt var fyrirhuguð vinna við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum. Þá var opnuð samráðsvefsjá og gafst öllum tækifæri til að koma á framfæri upplýsingum um hvernig íbúar og gestir nýta svæðið ásamt áherslum varðandi styrkleika svæðanna, áskoranir og tækifæri. Samráðsvefsjóni var vel tekið og voru heimsóknir á hana

<p>the events held to inform the public or the length of time that the plan is open for comment are great enough to truly gather feedback. The timing is extremely poor, with the feedback being open mostly over the summer holidays when people are less likely to engage, and the only public event in July, August or September being held in Reykjavík when the plan concerns only the Eastfjords and the Westfjords leaves no opportunity for the people who are actually affected by the plan to reasonably attend.“</p>	<p>samanlagt á annað þúsund og ábendingar og skrifleg svör hátt í þúsund.</p> <p>Tillaga að strandsvæðisskipulagi á Vestfjörðum, þar sem mótuð er stefna um nýtingu og vernd á strandsvæðum Vestfjarða, var kynnt í júní 2022 samkvæmt 12. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018. Kynningartími stóð yfir frá 15. júní til 15. september 2022 og gafst færi á að skila inn athugasemdum í um þriggja mánaða skeið.</p>
---	---

Framsetning

Nr.	Umsagnaraðili og umsögn	Viðbrögð svæðisráðs
136	<p>Orkustofnun</p> <p>„Með vísan til 1. og 2. töluliðar 3. gr. laga um haf- og strandsvæðaskipulag, nr. 88/2018, nær skipulagssvæðið til hafsvæðis utan netlaga við sjó, þ.e. 115 m út frá stórstraumsfjöruborði landareigna.</p> <p>Á fyrri stigum verkefnisins hefur Orkustofnun bent á þá óvissu sem ríkir um legu stórstraumsfjöru víða við land. Vísar stofnunir jafnframt til ábendinga Landhelgisgæslu Íslands hvað þetta varðar. Svo virðist sem við verkefnið sé þrátt fyrir það ranglega stuðst við strandlínu meðalsjávarmáls sem viðmiðun við afmörkun netlaga og leiðar það af sér að skipulagsákvæði fara á nokkrum svæðum út fyrir framangreint gildissvið laganna og skarast á við skipulagsvald sveitarfélaga, sbr. skipulagslög nr. 123/2010.</p> <p>Þessi óvissa um afmörkun netlaga leiðir jafnframt af sér óvissu um stjórnsýsluleg mörk margvíslegra leyfisveitinga sem vikið er að í skipulagstillögunni. Ítrekar stofnunin fyrri ábendingar um mikilvægi þess að ráðist verði í heildstæða kortlagningu á stórstraumsfjöru umhverfis landið</p> <p>Með vísan til framanritaðs bendir stofnunin jafnframt á að skýringarmynd á bls. 6 í greinargerð með skipulaginu er ónákvæm og villandi þar sem munur er á strandlínu (meðalsjávarmál) og stórstraumsfjöru. Þá má benda á að með lögum nr. 58/2017 var lögum um landhelgi, aðlægt belti, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979, breytt á þann hátt að utan við landhelgi er nú skilgreint 12 sml breitt aðlægt belti, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979, breytt á þann hátt að utan við landhelgi er nú skilgreint 12 sml breitt aðlægt belti. Það skortir á umræddri mynd,„</p>	<p>Varðandi kortlagningu á stórstraumsfjöruborði og mörkum netlaga þá tekur svæðisráð undir mikilvægi þessa að netlög séu kortlögð og gefin út af stjórnvöldum með sama hætti og mörk þjóðlendna. Óvissa um nákvæma legu netlaga getur haft áhrif á einstaka framkvæmdir innan skipulagssvæðisins en að mati svæðisráðs mun þessi óvissa um nákvæmni markanna þó ekki hafa áhrif á stefnumótun strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum.</p> <p>Strandsvæðisskipulagið og ákvæði þess ná til þess svæðis sem skilgreint er í lögum, þ.e. frá netlögum út að viðmiðunarlínu sem skilgreind er í lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 79/1997.</p> <p>Mynd 2 í greinargerð er sett fram til að sýna samspil ólíkra skipulagsáætlana í samhengi við strandsvæðisskipulag. 12 sjómílna landhelgislínan hefur ekkert gildi í þessari mynd og það sama á við um skilgreint aðlægt belti utan hennar.</p> <p>Mörk netlaga hafa ekki verið kortlögð og því er á uppdrætti stuðst við þá nálgun að varpa kortlagðri strandlínu út um 115m. Uppdrátturinn kann því að vera villandi, sér í lagi í fjarðarbotnum. Ábendingar þess efnis hafa borist í öðrum umsögnum og telur svæðisráð rétt að vekja athygli á að mörkin á uppdrætti séu ónákvæm og að skipulagið gildi aðeins utan raunverulegra netlaga.</p> <p><u>Eftirfarandi breytingar verða gerðar í skipulagsgreinargerð:</u></p> <p><u>Í kafla 1.2. Skipulagssvæðið:</u></p> <p>Skipulagssvæði strandsvæðisskipulags Vestfjarða nær yfir firði og flóa frá Bjargtöngum í suðri að Straumnesi í norðri. Mörk skipulagssvæðisins til lands eru við netlög, 115 m út frá stórstraumsfjöruborði, en staðarmörk sveitarfélaga miðast við</p>

		<p>netlög. Vakin er athygli á því að netlög hafa ekki verið kortlögð og er við gerð strandsvæðisskipulag Vestfjarða stuðst við þá nálgun að hliðra kortlagðri strandlínu af IS50 grunni Landmælinga, út um 115 m. Til hafs nær skipulagssvæðið að viðmiðunarlínu sem skilgreind er í lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Að skipulagssvæðinu liggja sex sveitarfélög, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður, Súðavíkurhreppur og Strandabyggð.</p> <p><u>Í kaflanum 1.4 Uppbygging strandsvæðisskipulagsins og túlkun þess:</u></p> <p>Skipulagsuppdrátturinn er settur fram í mælikvarðanum 1:100.000 - en hægt er að skoða hann í nákvæmari mælikvarða í rafrænni útgáfu og í kortavefsjá. Netlög hafa ekki verið kortlögð og miðar skipulagsuppdrátturinn því við þá nálgun að hliðra kortlagðri strandlínu af IS50 grunni Landmælinga, út um 115 m. Við túlkun landfræðilegra afmarkana á skipulagsuppdrættinum þarf að taka mið af mælikvarða skipulagsuppdráttarins, eðli þeirrar stefnumörkunar sem strandsvæðisskipulagið felur í sér og óvissu um nákvæma afmörkun netlaga. Þannig þarf að túlka legu og afmörkun reita á skipulagsuppdrætti með hliðsjón af því sem greina má við lestur á útprentuðum skipulagsuppdrætti í mælikvarðanum 1:100.000.</p> <p><u>Eftirfarandi breytingar verða gerðar á uppdrætti:</u></p> <p>*Fyrirvari er gerður um mörk strandsvæðisskipulags þar sem mörk netlaga eru óviss.</p>
137	<p>Vegagerðin</p> <p>„Í kafla 4.2.1 kemur fram að á reitum sem skilgreindir eru í nýtingarflokk Umhverfi og náttúra (UN) geti akkerislægi átt við að teknu tilliti til verdarhagsmuna á viðkomandi reit.</p> <p>Í kafla 5.2.1 kemur fram að á reitum sem skilgreindir eru í nýtingarflokk Siglinar (SI) sé ekki gert ráð fyrir akkerislægum.</p>	<p>Munur er á akkerislægi og akkerisstað. Akkerislægi vísar til þess að skip og bátar kasti akkeri á tilfallandi stöðum. Akkerisstaður er svæði sem kemur fram í hafnarreglugerð og viðkomandi hafnaryfirvöld vísa sjófarendum á, t.d. ef bíða þarf eftir plássi við viðlegukant.</p> <p>Samgöngustofa fer með skipaafdrepp og hefur óskað eftir því að þau verði ekki sýnd á uppdrætti sem ákveðinn punktur enda er í raun um svæði að ræða.</p>

Í Kafla 6.2.1 kemur fram að á reitum sem skilgreindir eru í nýtingarflokki Staðbundin nýting (SN) sé ekki gert ráð fyrir akkerislægjum.

Í kafla 6.2.2 kemur fram að akkerislægi geti verið á reitum fyrir Almenna nýtingu (A). Enginn slíkur reitur er skilgreindur í töflu 5.

Á uppdráttum eru merktir **akkerisstaðir**, en í greinargerðinni er notað orðið **akkerislægi**. Betra væri að nota sama orðið um fyrirbærið í greinargerð og á uppdráttum.

Akkerisstaðir eru merktir á uppdráttum við Patreksfjörð, tveir staðir, við Bildudal og við Ísafjörð. Þarna er ósamræmi á milli greinargerðar og uppdráttar. Allir þessir akkerisstaðir/akkerislægi, nema innri staðurinn við Patreksfjörð, eru á uppdráttum merktir á reiti í nýtingarflokki Siglingar, en í Almennum skipulagsákvæðum fyrir þann nýtingarflokk kemur fram að þar sé ekki gert ráð fyrir akkerislægjum. Aftur er þarna ósamræmi.“

Eftirfarandi breyting verður gerð á skipulagsuppdrætti:

Tákn fyrir akkerisstaði og skipaafdrepp verða felld út.

Eftirfarandi breyting verður gerð á lýsingu reita í Almennri nýtingu:

A2 Patreksfjörður.

Lýsing:

Við Patreksfjarðarhöfn er akkerisstaður. Á mestöllum skipulagsreitnum eru stundaðar veiðar, aðallega krókaveiðar en einnig dragnótaveiðar og línu- og netaveiðar. Umferð skipa er um mestallan fjörðinn. Orlygshöfn er hluti af hafnar svæði Vesturbyggðar samkvæmt hafnarreglugerð. Í samráði við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum kom fram að kajaksiglingar væru stundaðar innan reitsins

A4 Arnarfjörður.

Lýsing:

Við Bildudalshöfn er akkerisstaður. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 eru veiðar stundaðar á öllum skipulagsreitnum, aðallega króka- og dragnótaveiðar en einnig neta- og línuveiðar. Innan reitsins eru takmarkanir á veiðum með dragnót samkvæmt reglugerð nr. 963/2019 og hluti reitsins er lokaður fyrir veiðum á sæbjúgum samkvæmt reglugerð nr. 741/2019. Á reitnum eru þrjú rannsóknarsvæði Hafrannsóknastofnunar. Samkvæmt siglingagögnum frá PAME fyrir árin 2017-2020 er umferð skipa um mestallan reitinn. Í norðanverðum firðinum er aðliggjandi svæði á náttúruminjaskrá (nr. 311), skaginn milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, vegna fjölbreytts landslags og gróðursældar. Landsvæðið er vinsælt göngusvæði og þar er m.a. hæsta fjall Vestfjarða, Kaldbakur. Við Skeggja er mikilvægt fuglasvæði vegna fýla. Í samráði við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum kom fram að skemmtisiglingar væru stundaðar innan reitsins ásamt öðrum nytjum, s.s. þang- og þaratekja.

A11 Skutulsfjörður

		<p>Lýsing:</p> <p>Við Ísafjarðarhöfn er akkerisstaður. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 eru veiðar stundaðar á skipulagsreitnum, aðallega krókaveiðar en einnig línu- og netaveiðar við utanverðan fjörðinn. Í samráði við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum kom fram að stundaðar væru kajaksiglingar og sjósund í Skutulsfirði. Samkvæmt siglingagögnum frá PAME fyrir árin 2017-2020 er mikil umferð skipa innan reitsins við utanverðan fjörðinn. Við Arnarnes í austanverðum firðinum er svæði á náttúruminjaskrá vegna sérkennilegrar klettastrandar, lífauðugra fjara og mikils fuglalífs, en auk þess nýtur það hverfisverndar í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Í samráði við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum kom fram að innan reitsins væri stunduð ýmis afþreying, s.s. kajaksiglingar, brimbrettaiðkun og sjósund.</p>
138	<p>Háskólasetur Vestfjarða</p> <p>„Almennt ferli gæti verið meira sýnilegt og skýrt. Endurskoðunarákvæði sem og aðlögunar- og breytingarferli ef óvæntar og meiri háttar breytingar forsenda lægu fyrir er vissulega lýst í lið 7.6., en benda mætti á þann mikilvæga kafla fremst í texta eða undir Ferlið, t.d. með því að lengja myndræna framsetningu á ferlinu og bæta við endurskoðunarmöguleika og vísa í lið 7.6.“</p>	<p>Háskólasetri Vestfjarða er þökkuð ábendingin sem höfð verður til hliðsjónar þegar kemur að breytingum eða endurskoðun strandsvæðisskipulags Vestfjarða.</p> <p>Svæðisráð tekur undir að heppilegt sé að skýra betur þann ramma um meðferð þeirra óska sem berast um breytingar á strandsvæðisskipulagi. Skerpa mætti á málsmeðferðinni með endurskoðun og/eða breytingu á reglugerð um gerð strandsvæðisskipulags.</p>
139	<p>Háskólasetur Vestfjarða</p> <p>„Eðlilega er erfitt að ná utan um þetta mikla magn upplýsinga [...]“</p> <p>Á það skal bent að ýmislegt í Tillögu svæðisráðs til kynningar verður ekki skilið nema forsendur séu hafðar í huga, en það mætti stórbæta aðgengi að þessum aðaltexta og fyrirbyggja misskilning með því að vísa með skipulegum hætti í hina textanna.“</p>	<p>Við framsetningu skipulagstillögunnar er farin sú leið að tillagan er sett fram sem sérskjal og forsendugögn og umhverfismat höfð sér. Þessi nálgun er í samræmi við hvernig stærri skipulagsáætlanir eru settar fram þar sem reynt er að hafa áætlunina sjálfa einfalda en vísað til viðeigandi skjala þar sem fyllri upplýsingar er að finna.</p>
140	<p>Háskólasetur Vestfjarða</p>	<p>Vefsja strandsvæðisskipulagsins er til að koma skipulagsáætluninni og þeim ákvæðum sem hún geymir á framfæri. Það er í samræmi við ákvæði um stafrænt skipulag í</p>

	<p>„Er hægt að bæta við öðrum upplýsingum í vefsjána sjálfa, t.d. veiðisvæði eða reglugerðir Fiskistofu um skyndilokarnir, hrygningarstopp o.s.frv. Sumt af þessu er að finna í samráðskortum og öðrum gögnum í skjalinu Afrakstur samráðs. [...] Þar sem vefsjá/uppdráttur liggur fyrir á annað borð grunar fáa að fleiri sambærileg kortagögn sé að finna „falda“ í ítargögnum</p> <p>[...] Í pop-up-gluggum vefsjár gæti verið betra samræmi í framsetningu texta með tilliti til vísun í reglugerðir og lög. Dæmi Dynjandasvæði: Upplýsingatexti með tilvísun í 61. gr. Náttúruverndarlaga, en sambærilegar vísanir/pop-up gluggar virðast ekki vísa í sambærileg lög og það er ekki hægt að finna út hvort upplýsingum í þessum pop-up gluggum er ætlað að vera tæmandi“</p>	<p>landi og hugsað til að gera þeim lífið léttara sem sækja þurfa upplýsingar um hvaða skipulagsákvæðanir gilda um ákveðna reiti. Svæðisráð telur það ekki heppilegt að bæta við upplýsingum um þá fjölmörgu þætti sem strandsvæðisskipulagið hefur að geyma. Engu að síður verður að teljast heppilegt að slíkar upplýsingar séu teknar saman á vefsjá til að hafa gott yfirlit yfir hvað er að gerast á skipulagssvæðinu. Skipulagsstofnun á samkvæmt lögum um gerð haf- og strandsvæða að hafa tiltækar upplýsingar um öll útgefin leyfi sem og að fylgjast með þróun í starfsemi og öðrum athöfnum sem hafa áhrif á skipulagsmál á haf- og strandsvæðum.</p> <p>Þeir „pop-up“-gluggar vefsjárinnar sem Háskólaþing vísar til, innihalda sömu upplýsingar og er að finna í töflum um lýsingar reita og skipulagsákvæði sem eru í greinargerð. Í lýsingu reita er í sumum tilfellum vísað í sérstakar lagagreinar sem liggja á bak við ákvörðun um lögun og/eða skipulagsákvæði viðkomandi reits. Þetta á einkum við þegar ákveðin verndarsjónarmið eru ráðandi, s.s. þegar um er að ræða vernd skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Hér er gætt samræmis við framsetningu á öðrum skipulagsáætlunum og telur svæðisráð ekki rétt að bregða frá því.</p>
<p>141</p>	<p>Hafrannsóknarstofnun</p> <p>„Einnig er bent á að fyrir liggur skilgreining eða afmörkun á vatnshlotum í strandsjó og að við mat á vistfræðilegu ástandi þeirra skal horfa til alls álags á hvert vatnshlot. Því væri gagnlegt að afmörkun vatnshlota kæmi fram í þeirri vefsjá sem verður notuð vegna strandsvæðaskipulags.“</p>	<p>Svæðisráð bendir á að vefsjái sýni skipulagsákvæðanir líkt og hefðbundinn skipulagsuppdrátt og sýni því ekki forsendur skipulagsins. Gagnlegt væri að upplýsingar um starfsemi, náttúruvernd og aðra þætti er varða nýtingu og vernd strandsvæða kæmu fram í einni vefsjá en til stendur að koma á fót vefsjá um leyfisveitingar á strandsvæðum.</p>
<p>142</p>	<p>Arnarlax</p> <p>„Fyrir liggur að staðsetning og lega margra eldissvæða Arnarlax eins og þau eru sýnd á uppdrátt vegna strandsvæðaskipulags Vestfjarða eru rangar. Þannig er ástatt um eldissvæðin við Hringsdal, Haganes og Tjaldanes í Arnarfirði, Eyri og Sandodda í Patreksfirði og eldissvæðið við Laugardal í Tálknafirði. Þetta misræmi er mismikil eftir eldisvæðum. Misræmi má sjá nánar á fylgiskjali II. Afleiðingar þessa eru þær að tillögur svæðisráðs</p>	<p>Endurskoðun eldissvæða í Arnarfirði er til skoðunar í matsfyrirspurn og því ekki kominn í umsóknarferli. Svæðisráð tekur undir með Arnarlax að það sé galli í auglýstri tillögu að ekki sé gert ráð fyrir reit utan um Sandodda í Patreksfirði, sbr. viðbrögð við umsögn nr. 71.</p>

	verða misvísandi og villandi og sýna ekki rétta mynd af núverandi áhrifum nýtingar á nánasta umhverfi eða samspili hina ýmsu umhverfisþátta.“	
143	<p>Arnarlax</p> <p>„Samkvæmt 11. gr. reglugerðar nr. 330/2020, um gerð strandsvæðisskipulags skal setja fram Strandsvæðisskipulag í skipulagsgreinargerð og á skipulagsuppdrætti og eftir atvikum á þemauppdráttum. Nákvæmni slíkra skipulagsuppdráttar skal að jafnaði miða við mælikvarða 1:50.000. Á uppdráttum skal samhengi við næsta nágrenni koma skýrt fram. Ekki liggur fyrir samkvæmt framkomnum uppdráttum við hvað skekkjumörk, ef einhver eru, er miðað við á uppdrætti svæðisráðs. Slíkt þarf að liggja fyrir þannig að engin vafi leiki á staðsetningu og/eða legu þegar mismunandi nýtingareitir eru bornir saman og samspil aðliggjandi reita metið. Arnarlax bendir á, í þessu sambandi, að skv. 11. gr. reglugerðar um gerð strandsvæðisskipulags skal á skipulagsuppdráttum samhengi við næsta nágrenni koma skýrt fram. Þessu er ekki til að dreifa í framkomnum tillögum eða uppdrætti svæðisráðs“</p>	<p>Í greinargerð tillögunar kemur fram að við túlkun landfræðilegra afmarkana á skipulagsuppdrættinum þarf að taka mið af mælikvarða skipulagsuppdráttarins og eðli þeirrar stefnumörkunar sem strandsvæðisskipulagið felur í sér. Þannig þarf að túlka legu og afmörkun reita á skipulagsuppdrætti með hliðsjón af því sem greina má við lestur á útprentuðum skipulagsuppdrætti í mælikvarðanum 1:100.000.</p> <p>Þau grunnkort, sem uppdráttur strandsvæðisskipulags Vestfjarða miðast við, byggja á IS50 grunni Landmælinga og miðast skekkjumörk við það.</p>